ÞÓRDÍS SIGURÐARDÓTTIR

Flugumferðarstjórn er spennandi starf

Atvinna

allt Í MIÐJU BLAÐSINS

IAN MCKELLEN

Æðstur X-mannanna

Kvikmyndir

VIÐTAL 26

20 blaðsíðna RE/MAX blað
Fasteignablað RE/MAX fylgir Fréttablaðinu á sunnudögum
RE/MAX

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

28. maí 2006 — 142. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Framtíð bókarinnar

Kristján Bjarki Jónasson er nýkjörinn formaður Félags íslenskra bókaútgefenda. Hann hvetur til aukins samstarfs til umræðu um rafvæðingu bókarinnar á Íslandi.

BÆKUR 32

Messa í Krýsuvík

Séra Þórhallur Heimisson messar í Krýsuvík í dag. Honum til halds og trausts verður harmonikkuleikarinn Stefán Ómar Jakobsson. Séra Þórhallur ætlar að velta andlegum og sálarlegum friði fyrir sér.

FÓLK 42

Kjósendur verða að skattgreiðendum

Orðið ókeypis heyrðist oft í kosningabaráttunni, segir Illugi Gunnarsson. En það þarf að borga fyrir þessa ókeypis hluti eins og aðra.

Í DAG 18

Sverrir bíður og vonar

Handknattleiksmaðurinn Sverrir Björnsson er enn vongóður um að deila hans og Framara leysist. Sverrir vill setjast niður og ræða málin en Framarar hafa ekki orðið við fundarboðum hans í heila viku.

ÍÞRÓTTIR 36

VEÐRIÐ Í DAG



FÍNT - Í dag verður hæg breytileg átt. Víða skýjað með köflum og hætt við stöku skúrum hér og hvar, einkum þó fyrir norðan. Hiti 3-13 stig, hlýjast í uppsveitum á Suðurlandi.

VEÐUR 4

Byrjaðu núna að æfa!

Besta leiðin til a[illegible] fyrir Reykjavíkurmar[illegible]r að skrá sig í h[illegible]ir.is. Hlaupahóp[illegible] frá styttunni [illegible] Kringjusandi þri[illegible]daga kl.

ÞYRLAN SÆKIR SKIPVERJA Á AKUREYRINNI TF-LÍF, þyrla Landhelgisgæslunnar, kom á slysstað um klukkan hálf fjögur í gær og flutti sex skipverja Akureyrarinnar til Reykjavíkur með vott af reykeitrun. Togarinn Júlíus Geirmundsson var kominn fyrstur að Akureyrinni og fóru nokkrir þaðan yfir til að veita aðstoð sína. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Meirihluti tveggja flokka er líklegur

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti sjálfstæðismanna í Reykjavík, telur borgarbúa vilja breytingar. Verulegar líkur séu á meirihluta tveggja flokka.

REYKJAVÍK „Þetta er góður sigur og verður frábær ef við fáum átta menn kjörna. Ljóst er að við erum að bæta við okkur manni frá síðustu kosningum," sagði Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti sjálfstæðismanna í Reykjavík, í gærkvöldi.

„Þessi niðurstaða sýnir að það er vilji til breytinga í Reykjavík. R-listinn er fallinn og allar ráðagerðir Samfylkingarinnar um að endurnýja hann eru foknar út í veður og vind," sagði hann.

Vilhjálmur vildi ekkert tjá sig um mögulega meirihlutamyndun í Reykjavík en taldi verulegar líkur á því að myndaður yrði meirihluti tveggja flokka. „Ég held það detti engum manni í hug að það verði myndaður meirihluti Vinstri grænna, Samfylkingar, Frjálslyndra og Framsóknarflokksins," sagði hann og vildi ekki tjá sig um það til hverra yrði leitað fyrst

Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar, sagði stefna í spennandi kosninganótt. „Mér líst auðvitað ekki vel á það að Sjálfstæðisflokkurinn geti náð hreinum meirihluta borgarfulltrúa með annarri lökustu útkomu sinni í sögu borgarstjórnarkosninga," sagði hann.

„Þetta eru lægri tölur en við höfum verið að sjá hjá Sjálfstæðisflokknum í tveimur kosningum þar sem Reykjavíkurlistinn bar sigur úr býtum, þannig að atkvæðin nýtast öðrum stjórnmálaflokkum illa. Ég leyni því ekki að við hefðum viljað sjá ennþá sterkari útkomu hjá okkur," sagði hann.

ÁNÆGÐIR ODDVITAR Björn Ingi Hrafnsson, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson og Ólafur F. Magnússon ánægðir með fyrstu tölur í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Dagur taldi ekki ljóst hvernig meirihlutinn liti út eftir kosningar. „Ég held að kosninganóttin þurfi að líða. Lykilspurningin er hvort það mörg atkvæði falli dauð að 42-43 prósent nægi Sjálfstæðisflokknum fyrir meirihluta."

Svandís Svavarsdóttir, oddviti Vinstri grænna, játaði því að sigur væri í hendi og Ólafur F. Magnússon, oddviti Frjálslyndra, talaði um stórsigur.

- ghs/sjá síðu 8

Slys á Akureyrinni EA-110:

Tveir fórust í bruna á togara

SJÓSLYS Tveir menn létust í eldsvoða um borð í togaranum Akureyrinni EA-110 í gær. Sex skipverjar til viðbótar voru fluttir með væga reykeitrun á Landspítala í Fossvogi með TF-LÍF, þyrlu Landhelgisgæslunnar.

Akureyrin, sem er gerð út af Samherja frá Akureyri, var stödd um 75 sjómílur vestur af Látrabjargi þegar neyðarkall barst. Eldurinn hafði kviknað í káetu í skipinu þar sem þeir látnu sváfu. Eldsupptök eru ekki kunn.

Fjölmenn minningarathöfn var haldin í Glerárkirkju á Akureyri í gærkvöldi. Ekki er unnt að greina frá nöfnum hinna látnu að svo stöddu.

- sh/ sjá síðu 10

Opið í dag 13–17

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

SPURNING DAGSINS

Sigfús, ert þú kominn með fráhvarfseinkenni?

„Nei, því nú get ég lifað á fornri frægð."

Sigfús Vilhjálmsson var ekki í framboði í gær en hann hefur verið hreppstjóri í Mjóafjarðarhreppi í nær þrjátíu ár. Hreppurinn sameinaðist Fjarðabyggð við kosningarnar.

Oddviti Samfylkingarinnar um sigurinn í Hafnarfirði:

Stórkostlegur sigur

HAFNARFJÖRÐUR Samfylkingin í Hafnarfirði vann „stórkostlegan sigur", að mati Lúðvíks Geirssonar, oddvita flokksins. „Við erum stolt og glöð að fá þessi svör frá bæjarbúum. Íbúarnir hafa gefið okkur skýrt umboð til að halda áfram á sömu braut."

„Þetta er stærsti sigur sem jafnaðarmannahreyfingin í Hafnarfirði hefur unnið í 100 ár. Þetta er Hafnarfjarðarmet. Alþýðuflokkurinn fór aldrei svona hátt á síðustu öld," sagði Lúðvík.

„Við erum í skýjunum. Okkur finnst frábært að Hafnfirðingar skyldu taka afstöðu með umhverfismálum og velferðarmálum og kjósa okkur til að vera sterk rödd í minnihluta. Við erum mjög sæl," sagði Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, oddviti Vinstri grænna.

Haraldur Þór Ólason, oddviti Sjálfstæðisflokksins, talaði um vonbrigði og taldi ólíklegt að tölurnar myndu breytast mikið. „Það var mikið af útstrikunum og við áttum mikið af þeim en þeim var ýtt til hliðar."

„Framsóknarflokkurinn virðist vera að tapa fylgi um allt land þannig að okkar niðurstaða getur verið hluti af einhverju stærra sem ég get ekki skýrt neitt frekar," sagði Sigurður Eyþórsson, oddviti Framsóknarflokksins. - ghs





Framsóknarmenn í oddastöðu í Kópavogi

Lagt er að framsóknarmönnum að starfa á vinstri vængnum með Samfylkingu og Vinstri grænum. Þeir eru sárir vegna fylgistapsins og hugsa næstu skref. Sjálfstæðismenn gætu því endað einir í minnihlutanum.

KOSNINGAR „Við sleikjum sárin. Vonbrigðin eru gríðarleg," sagði Ómar Stefánsson, oddviti Framsóknarflokksins, eftir að áttatíu prósent atkvæða höfðu verið talin og ljóst að framsóknarmenn hefðu misst tvo menn úr bæjarstjórninni.

Þrátt fyrir fylgistapið getur Framsókn valið um að starfa í meirihluta með Samfylkingu og Vinstrihreyfingunni - grænu framboði eða áfram með Sjálfstæðisflokknum. Guðríður Arnardóttir, oddviti Samfylkingarinnar, sagði fýsilegan kost að vinna að bæjarmálunum með vinstrimönnum. Það kjósa Vinstri grænn einnig umfram að vinna með sjálfstæðismönnum.

Oddviti Vinstri grænna, Ólafur Þór Gunnarsson, var ánægur með fylgisaukninguna og sagði flokkinn hafa náð fótfestu í bænum. „Í rauninni eru það tíðindin í þessum kosningum," sagði hann og bætti við: „En fall framsóknarmanna er hrikalegt. Maður trúir ekki að þeir vilji hanga í samstarfi með flokki sem er að ganga frá þeim."

Ómar sagði aðspurður að hann tæki engar ákvarðanir að svo stöddu: „Menn deila innan flokksins um næstu skref og skoða alla möguleika í stöðunni." Hann sagðist ekki geta skýrt fylgistapið. „En við vissum að fráfall Sigurðar Geirdal myndi minnka fylgið, því hann var gríðarlega vinsæll, og svo hefur gengi flokksins á landsvísu ekki verið gott."

Gunnar I. Birgisson, oddviti Sjálfstæðisflokksins og bæjarstjóri, var ánægður með tæplega átta prósenta fylgisaukningu flokksins: „En mikið vill meira." Hann gaf ekkert út á hugsanleg samstarfsslit við Framsókn, því hann vissi ekki hver staðan væri.

Guðríður Arnardóttir, oddviti Samfylkingarinnar, sagði markmiðinu náð þegar ljóst var að flokkurinn fengi fjóra menn kjörna. „Nú verða allir vinklar stöðunnar skoðaðir. Samfylkingin er tilbúin í samstarf um stjórn bæjarmálanna," sagði hún þegar áttatíu prósent atkvæða höfðu verið talin og ljóst að flokkurinn bætti við manni. Spurð hvort fýsilegt væri að vinstrimenn taki við stjórnartaumunum svaraði Guðríður að það væri vissulega hægt og fýsilegri kostur en samstarf með sjálfstæðismönnum.

Ólafur sagði Vinstri grænn ekki útiloka að vinna með sjálfstæðismönnum byðist það: „En auðvitað er fyrsta hugsun okkar að leita til vinstri. Annað væri svik við okkar kjósendur."

Ólafur var ánægður með kosninguna. „Við næstum tvöföldum fylgið. Það er ótrúlegur árangur." Hann útilokar þó ekki að framkvæmd kosninganna verði kærð, vegna fyrirkomulags endurgreiðslu fasteignagjalda í Kópavogsbæ fyrir kosningardaginn: „En miðað við það sem ég veit núna sýnist mér ekki." Lögmenn flokksins fylgist þó með.

gag@frettabladid.is



Sjálfstæðisflokkurinn í Eyjum:

Með hreinan meirihluta

KOSNINGAR Sjálfstæðisflokkurinn fékk fjóra bæjarfulltrúa og hreinan meirihluta í Vestmannaeyjum en hann var fyrir í meirihluta ásamt Vestmannaeyjalistanum.

ELLIÐI VIGNISSON

„Við sögðum fyrir kosningar: Einn flokk til ábyrgðar," sagði Elliði Vignisson, oddviti flokksins, þegar úrslit lágu fyrir. „Það er ljóst að íbúar Vestmannaeyja hafa verið sammála um það og að við yrðum sá flokkur sem myndi fara með stjórn. Það hafa verið miklar hræringar á kjörtímabilinu og þrír meirihlutar verið við stjórn en nú eru línurnar skýrar," bætti hann við. - jse

AKRAHREPPUR

Hreppsnefndin áfram Sitjandi hreppsnefnd var kosin til áframhaldandi starfa í Akrahreppi með einni breytingu en þar fór fram óhlutbundin kosning þar sem enginn framboðslisti var lagður fram. Margrét Óladóttir hlaut ekki kosningu en Jón Sigurðsson kemur í hennar stað.

Meirihlutinn féll á Álftanesi:

Tvö atkvæði réðu úrslitum

KOSNINGAR Álftaneslistinn náði meirihluta á Álftanesi en aðeins munaði tveimur atkvæðum á honum og Sjálfstæðisflokknum, sem stjórnað hefur þar í bæ síðan 1986. „Þetta eru ill tíðindi fyrir eldri borgara," segir Guðmundur Gunnarsson bæjarstjóri.

GUÐMUNDUR GUNNARSSON

„Fulltrúar Álftaneslistans hafa sagt að þeir muni henda miðsvæðisskipulaginu ef þeir komist í meirihluta svo þetta gæti þýtt það að samningar sem gerðir hafa verið við Eir um öryggisíbúðir fyrir aldraða verði slegnir af. Það er ekki gott því bæjarfélagið gæti fengið skaðabótakröfur ef þeir ætla að falla frá öllum þeim samningum sem við höfum unnið að vegna skipulagsins."

Þar sem svo mjótt var á munum verður talið aftur í dag á Álftanesi. - jse

Forstjóri FL Group:

Skráningu líklega frestað

VIÐSKIPTI Hannes Smárason, forstjóri FL Group, segir að miklar líkur séu á því að skráningu Icelandair í Kauphöll verði frestað um sinn vegna markaðsaðstæðna.

HANNES SMÁRASON

„Miðað við allt sem hefur gengið á held ég að það væri skynsamlegt," segir Hannes. Þetta kom fram á ráðstefnu íslenskra kaupsýslumanna sem haldin var í Lundúnum á fimmtudaginn en Daily Telegraph greinir svo frá.

Hannes sagði í viðtali við Fréttablaðið á dögunum að undirbúningsvinnu vegna skráningar væri að ljúka en svo gæti farið að skráningu verði frestað fram á haust þar sem markaðsaðstæður hafa verið erfiðar á hlutabréfamarkaði. - eþa

ÞINGEYJARSVEIT

Mjótt á munum E-listinn sigraði naumlega í Þingeyjarsveit. Tveir listar voru í kjöri en E-listinn fékk 227 atkvæði og 4 fulltrúa í sveitarstjórn. J-listi fékk 220 atkvæði og 3 fulltrúa í sveitarstjórn. Á kjörskrá voru 514 en 410 kusu á kjörstað og 43 utan kjörstaðar. Kjörsókn var 88,1%.

GRÍMSEY

Hundahald áfram bannað Afnám banns við hundahaldi í Grímsey var fellt í kosningunum í gær, en það hefur staðið í fimmtíu ár. Átján vildu leyfa hundahald en 41 var á móti. 55 atkvæði voru greidd í Grímsey og hlutu Brynjólfur Árnason flugvallarstjóri, Garðar Ólafsson framkvæmdastjóri og Alfreð Garðarsson stýrimaður kosningu.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
Lagadeild

Laganám í Háskóla Íslands: Metnaður, gæði og árangur.

Allar upplýsingar í síma **525 4386** og á **www.hi.is**.
Umsóknarfrestur er til 6. júní.

Meirihlutinn í Mosfellsbæ á bláþræði:

Talningin dróst

KOSNINGAR Talning í Mosfellsbæ dróst. Lokatölur höfðu verið boðaðar á miðnætti en voru ekki komnar tuttugu mínútur í tvö.

Þegar rétt tæpur helmingur atkvæða hafði verið talinn vantaði fjórða mann Sjálfstæðisflokksins tuttugu atkvæði svo meirihlutinn héldi. Vinstrihreyfingin - grænt framboð virtist ætla að ná inn manni á kostnað Sjálfstæðisflokks. Tveir voru inni frá Samfylkingu og einn frá Framsóknarflokknum.

Engar skýringar fengust á töfunum en Jónas Sigurðsson, oddviti Samfylkingarinnar, beið vongóður: „Við höldum góðu fylgi og svo bæta Vinstri grænir við sig. Í heildina eykst fylgi minnihlutans um fjórtán prósent. Ef svo fer að Vinstri grænir halda manninum inni er meirihluti sjálfstæðismanna fallinn." Jónas sagði þá næsta skref að leita eftir samstarfi á vinstri vængnum: „Okkar fyrsti kostur er að ræða við Framsókn og Vinstri græna. Við störfuðum saman í meirihluta í átta ár og því eðlilegt að við ræðum fyrst við þá." - gag

RAGNHEIÐUR RÍKHARÐSDÓTTIR Óvissa ríkti í nótt um hvort meirihluti sjálfstæðismanna í Mosfellsbæ héldi.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SÍA.IS LBI 3232900 05/2006

VIÐ ELSKUM FÓTBOLTA

4. UMFERÐ | LANDSBANKADEILD KARLA

sun.	28. maí	kl. 19:15	ÍBV - Víkingur
sun.	28. maí	kl. 19:15	Keflavík - KR
sun.	28. maí	kl. 20:00	Fylkir - FH
mán.	29. maí	kl. 19:15	Breiðablik - Grindavík
mán.	29. maí	kl. 20:00	Valur - ÍA

3. UMFERÐ | LANDSBANKADEILD KVENNA

þri.	30. maí	kl. 19:15	Fylkir - Valur
þri.	30. maí	kl. 19:15	Breiðablik - FH
þri.	30. maí	kl. 19:15	KR - Keflavík
þri.	30. maí	kl. 19:15	Þór/KA - Stjarnan

Tryggðu þér miða á betra verði á
landsbankadeildin.is eða ksi.is

Landsbankinn

410 4000 | landsbanki.is

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 26.05 2006

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	72,41	72,75
Sterlingspund	135,47	136,13
Evra	92,71	93,23
Dönsk króna	12,429	12,501
Norsk króna	11,855	11,925
Sænsk króna	9,952	10,01
Japanskt jen	0,6463	0,6501
SDR	107.86	108,5

Gengisvísitala krónunnar
128,2582

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Margir möguleikar á myndun meirihluta í Árborg:

Umskipti í Árborg

ÁRBORG Mikil umskipti verða í bæjarstjórn Árborgar í kjölfar úrslita sveitarstjórnarkosninganna í gær. Sjálfstæðisflokkurinn vann stóran sigur en Samfylkingin tapaði miklu fylgi.

„Fylgisaukninguna má rekja til góðrar málefnaskrár Sjálfstæðisflokksins. Framboðslistinn er skipaður góðu fólki sem hefur unnið vel saman og fengið hljómgrunn fyrir sín stefnumál hér í Árborg. Fólki hefur greinilega þótt vera kominn tími til breytinga," sagði Þórunn Hauksdóttir, starfandi oddviti Sjálfstæðisflokksins, eftir að fyrir lá að Sjálfstæðisflokkurinn hefði aukið fylgi sitt verulega frá síðustu sveitarstjórnarkosningum. Hún telur að brot Eyþórs Arnalds, efsta manns D-listans í Árborg, hafi haft neikvæð áhrif í fyrstu en kjósendur hafi greinilega ekki látið málið á sig fá þegar fram í sótti.

„Mér sýnist einsýnt að ekki verði myndaður starfhæfur meirihluti í Árborg án þátttöku Sjálfstæðisflokksins," segir Þórunn.

Ragnheiður Hergeirsdóttir, oddviti Samfylkingarinnar, segir að þrátt fyrir mikil umskipti og tap flokksins nú séu möguleikar margvíslegir á myndun nýs meirihluta í Árborg. „Ekki er ljóst hvað gerist ef meirihluti okkar og Framsóknarflokksins heldur ekki." - jh





Meirihlutinn missti tvo menn:

Ný bæjarstjórn á Akranesi

KOSNINGAR Meirihluti Framsóknar og Samfylkingarinnar á Akranesi féll í kosningunum í gær, samkvæmt fyrstu tölum. Flokkarnir misstu hvor sinn bæjarfulltrúann.

GUÐMUNDUR PÁLL JÓNSSON

Gunnar Sigurðsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins sem hélt sínum fjórum mönnum, sagði að útlit væri fyrir að bæjarbúar krefðust þess að sjálfstæðismenn mynduðu meirihluta með Vinstri grænum eða Frjálslyndum, jafnvel báðum flokkum. Guðmundur Páll Jónsson, oddviti Framsóknarflokksins og núverandi bæjarstjóri, sagði alltaf vonbrigði þegar markmiðin næðust ekki. Framsóknarmenn hefðu ekki náð að snúa fylginu sér í vil. - gag

VINNUMARKAÐUR

Átaksverkefni til félaganna
Unnið er að tillögum um það hvort og þá hvernig átaksverkefninu Einn réttur ekkert svindl verði komið til stéttarfélaganna. Eftir helgi verður tekin ákvörðun um framhaldið.

Meirihlutaviðræður hafnar á Akureyri

Samfylkingin og Vinstri grænn bættu verulega við sig fylgi á Akureyri og felldu meirihluta Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks. Leiðtogar allra flokka hófu meirihlutaviðræður um leið og fyrstu tölur lágu fyrir.

KOSNINGAR Meirihluti Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks féll á Akureyri og Samfylking og Vinstri grænn bættu verulega við sig fylgi. Eftir að meirihluti atkvæða hafði verið talinn var útlit fyrir að Listi fólksins yrði fyrir töluverðu fylgistapi og ljóst að Framfylkingarflokkurinn, nýtt stjórnmálaafl á Akureyri sem einkum var ætlað að höfða til yngri kjósenda, hefði ekki erindi sem erfiði. Strax og fyrstu tölur lágu fyrir í gærkvöld hófu allir listarnir sem náðu inn manni í bæjarstjórn þreifingar um meirihlutasamstarf.

Hermann J. Tómasson, oddviti Samfylkingarinnar, var að vonum ánægður með niðurstöðuna. „Við höfum nú þegar hafið meirihlutaviðræður en ég vil ekki að svo stöddu upplýsa við hverja. Það eru ýmsir möguleikar í stöðunni en mér finnst líklegt að tiltekin framboði ákveði strax í nótt að hefja formlegar viðræður," segir Hermann.

Oddur Helgi Halldórsson, leiðtogi Lista fólksins, segist vonast til að Listi fólksins, Samfylking og Vinstri grænn nái að mynda meirihluta. „Það er minn fyrsti kostur," segir Oddur.

Skuggi banaslysanna um borð í Akureyrinni EA í gær, þegar tveir sjómenn létust í eldsvoða, hvíldi yfir kosningunum á Akureyri og setti mark sitt á kosningavökur flokkanna.

Jóhannes G. Bjarnason, efsti maður á lista Framsóknarflokksins, segist taka úrslitunum sem persónulegum ósigri. „Fylgistap okkar er þó ekki efst í huga mínum í augnablikinu heldur hið hörmulega slys um borð í Akureyrinni. Ég vil votta aðstandendum hinna látnu, áhöfninni og útgerðinni samúð mína," segir Jóhannes.

Hólmar Örn Finnsson, oddviti Framfylkingarflokksins, segir úrslitin vonbrigði. „Ég er vonsvikinn fyrir hönd Akureyringa. Við vissum ekki við hverju var að búast en svo virðist sem tími unga fólksins sé enn ekki kominn," segir Hólmar. Hvorki náðist í Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóra né Baldvin H. Sigurðsson, oddvita VG, áður en blaðið fór i prentun. kk@frettabladid.is




KOSNINGAKOSS Hlynur Hallsson gaf Kristínu Sigfúsdóttur rembingskoss þegar ljóst var að hún náði inn í bæjarstjórn.



Siglufjörður og Ólafsfjörður:

Fjallabyggð skal það heita

KOSNINGAR Sjálfstæðismenn fengu fjóra menn kjörna á Siglufirði og Ólafsfirði en H-listinn þrjá og Framsóknarmenn tvo. „Við erum afskaplega ánægð með þennan árangur og nú verður bara farið strax í það að mynda stjórn í þessu nýja sveitarfélagi," sagði Jónína Magnúsdóttir, oddviti sjálfstæðismanna, þegar úrslit lágu fyrir. Framsóknarmenn voru einnig ánægðir með sinn hlut en eftir fyrstu tölur var útlit fyrir að þeir fengju aðeins einn mann.

Kosið var um nafn á nýja sveitarfélagi og varð nafnið Fjallabyggð hlutskarpast. Hin nöfnin sem kosið var um voru Hnjúkabyggð, Tröllabyggð og Ægisbyggð. - jse

Kosningar í Árborg:

Skráning kærð

KOSNINGAR Samfylkingin kærði í gær viðveru umboðsmanna B-lista og D-lista á kjörstað þar sem þeir skráðu niður nöfn kjósenda.

Kjörstjórn úrskurðaði í málinu og heimilaði skráninguna. Að sögn Ingimundar Sigurmundssonar, formanns kjörstjórnar, er ekki unnt að meina umboðsmönnum lista að sitja í kjördeild og skrá hverjir kjósi. Óheimilt er að miðla þessum upplýsingum út úr kjördeild í þeim tilgangi að stunda kosningasmölun. - sdg

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

BETRI TÍMAR Í VÆNDUM

Nú eru sveitarstjórnarkosningarnar að baki og í ljósi kosningaloforða eru framundan betri tímar. En það eru líka betri tímar framundan þegar kemur að veðurfarinu. Það fer hægt hlýnandi og nú eru kortin æ betur farin að minna okkur veðurfræðingana á að sumarið sé ekki svo langt undan. Því burt séð frá úrslitum sveitarstjórnarkosningana, hlýtur gott veður að teljast til lífsgæða. Svo einfalt er það.

VEÐURHORFUR Í BORGINNI

Hæg norðlæg átt. Skýjað með köflum og úrkomulítið. Hiti 7-10 stig.



um hádegi »

Kaupmannahöfn	12°C	rigning	London	18°C	léttskýjað	Alicante	28°C hálfskýjað
Billund	13°C	skúrir	París	17°C	hálfskýjað	Mallorca	22°C hálfskýjað
Osló	14°C	skúrir	Frankfurt	19°C	skúrir	Algarve	27°C hálfskýjað
Stokkhólmur	16°C	skúrir	Friedrichshafen	13°C	rigning	Krít	27°C heiðskírt
Gautaborg	11°C	skúrir	Berlín	17°C	skúrir	Las Palmas	21°C hálfskýjað

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.



KIA Rio er magnaður bíll og með aflmikilli 112 hestafla dísilvél sem eyðir aðeins 4,7 lítrum á hundraðið í blönduðum akstri. Eins og alltaf fara hér saman gæði, afl og hagkvæmni. Rio er jafnframt búinn aksturstölvu, átta öryggisloftpúðum, ABS hemlalæsivörn og álfelgum.

KIA er sá bílaframleiðandi sem er í mestum vexti í heiminum í dag. Það er ekkert skrýtið þegar hægt er að bjóða þessi gæði á svona verði.

KIA umboðið er eini viðurkenndi sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi
3 ára ábyrgð

Taktu þátt í HM leik KIA og þú átt möguleika á frábærri ferð fyrir tvo á úrslitaleik HM í sumar. Allir sem kaupa KIA bíl hjá KIA umboðinu til 15. júní eiga möguleika á þessari frábæru ferð.

KIA
KIA MOTORS

HEKLA

KIA ***umboðið*** á Íslandi er í eigu Heklu hf.

Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700

KJÖRKASSINN

Heldurðu að FH-ingar verði Íslandsmeistarar í sumar?

Já	43,5%
Nei	56,5%

SPURNING DAGSINS

Ætlarðu að fara hringinn um landið í sumar?

Segðu þína skoðun á visir.is

Árni Sigfússon sigurvegari í Reykjanesbæ:

Stórsigur D-lista

REYKJANESBÆR „Ég þakka íbúum Reykjanesbæjar fyrir að veita okkur svo afdráttarlausan stuðning við þá vinnu sem við höfum lagt í við að byggja upp góðan bæ," sagði Árni Sigfússon, bæjarstjóri og oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjanesbæ, eftir að ljóst varð að flokkurinn hefði unnið stórsigur í kosningunum í gær. „Það er greinilegt að íbúum líkar vel það sem hér hefur verið gert. Við erum afar ánægð með fylgisaukningu og fjölgun okkar fulltrúa í bæjarstjórn. Ég geri ráð fyrir að við bjóðum áfram til samstarfs um góð mál og fylgjum eftir stefnumálum okkar. Við okkur blasa stór mál sem tengjast brottför Varnarliðsins og uppbyggingu í Helguvík svo nokkuð sé nefnt," segir Árni.

„Við vissum að við ramman reip væri að draga. En við höfum unnið mjög á síðan könnun Fréttablaðsins sýndi um sjötíu prósenta fylgi Sjálfstæðisflokksins," sagði Guðbrandur Einarsson, oddviti A-listans í Reykjanesbæ. „Við höfum engar efasemdir um samstarf Samfylkingar og Framsóknarflokksins innan A-listans enda höfum við verið að vinna mjög á að undanförnu. Ein vika til viðbótar hefði skilað okkur enn fleiri atkvæðum," segir Guðbrandur. - jh

Reykjanesbær

SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR 2006

Lokatölur kl. 00.40 þegar talin höfðu verið **6.229** atkvæði eða **100%**

Meirihluti D-lista: **STENDUR!**



Bæjarfulltrúar 2002 (breyting), fyrlgi 2002 (breyting)

Bæjarfulltrúar, 11 alls:

- 4 A-listinn (A)
- 7 Sjálfstæðisflokkur (D)
- 0 Frjálslyndi flokkurinn (F)
- 0 Reykjanesbæjarlistinn (R)
- 0 Vinstri græn (V)

Framsóknarflokkur hlaut gula spjaldið

Upptakturinn að alþingiskosningunum var sleginn í sveitarstjórnarkosningunum í gær, segja stjórnmálafræðingar. Þeir telja einsýnt að sambúð stjórnarflokkanna verði stirðari í kjölfar kosninganna þótt varla komi til stjórnarslita.

STJÓRNMÁL Afhroð Framsóknarflokksins, ekki síst í þéttbýlinu, er stærstu pólitísku tíðindin í sveitarstjórnarkosningunum í gær að mati Gunnars Helga Kristinssonar, prófessors við Háskóla Íslands, og Birgis Guðmundssonar, lektors við Háskólann á Akureyri.

„Við munum sjá þess merki strax í næstu viku að alþingiskosningar eru í nánd. Upptakturinn að þeim hefur verið sleginn með útreið annars stjórnarflokksins," segir Birgir.

„Framsóknarflokkurinn tapar mest í þéttbýli þar sem hann þarf mest á því að halda að sækja á," segir Gunnar Helgi. „Flokknum gengur illa í þéttbýlinu og það veit ekki á gott fyrir hann í næstu þingkosningum. Rökrétt er að álykta að tapið má rekja til stjórnarsamstarfsins. En Framsóknarflokkurinn slítur varla stjórnarsamstarfi vegna þessa," segir Gunnar Helgi.

Hin stóra niðurstaðan er sigur hinna litlu flokkanna tveggja í höfuðborginni og jafnvel víðar segir Gunnar. „Vinstri grænir komu að vísu ekki mjög vel út úr sveitarstjórnarkosningunum fyrir fjórum árum. Núna treystir flokkurinn stöðu sína og að einhverju leyti Frjálslyndir líka. Útkoma Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar er í heildina þannig að flokkarnir standa talsvert í stað; vinna hér en tapa þar. Og úrslitin í Reykjavík hljóta að vera báðum flokkunum vonbrigði. En þetta er engin stórkostleg breyting á þeim bæjum."

Gunnar Helgi segir að svo virðist sem átakalínur séu að skýrast varðandi umhverfismál og utanríkismál. Útkoma Framsóknarflokksins og Vinstri grænna gæti bent til þess.

„Framsóknarflokkurinn fékk gula spjaldið í gær," segir Birgir Guðmundsson. „Þetta á við um allt landið og hefur afleiðingar fyrir flokkinn á næstunni og kallar á endurmat innan hans. Þetta sprengir varla stjórnarsamstarfið en mun gera sambúðina við samstarfsflokkinn erfiðari á næstu mánuðum. Við munum sjá merki komandi alþingiskosninga strax í næstu viku."

Birgir segir að gengi minni flokkanna, til dæmis í Reykjavík, veki athygli. „Almennt séð vekur líka athygli að Samfylkingin nær ekki alveg því takmarki sínu að verða hitt sterka aflið ef svo má segja. Þetta er áberandi í Reykjavík og segja má að Samfylkingin nái ekki að verða hinn turninn á móti Sjálfstæðisflokknum."

johannh@frettabladid.is

FRÁ TALNINGU Í KÓPAVOGI Framsóknarflokkurinn galt afhroð í Kópavogi eins og víða annars staðar á landinu í sveitarstjórnarkosningunum í gær. Flokkurinn hlaut aðeins um 12 prósent atkvæða en fylgi flokksins var um 28 prósent í kosningunum fyrir fjórum árum.

GUNNAR HELGI KRISTINSSON

BIRGIR GUÐMUNDSSON

Dalvík

SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR 2006

Lokatölur kl. 22.30 þegar talin höfðu verið **1.179** atkvæði eða **100%**

Meirihluti B+D: **FALLINN!**



Meirihluti fellur í Dalvík:

J-listinn fær þrjá fulltrúa

KOSNINGAR J-listinn í Dalvíkurbyggð hlaut flest atkvæði og er með þrjá af sjö fulltrúum í sveitarstjórn. Meirihluti Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks er þar með fallinn.

SVANFRÍÐUR INGA JÓNASDÓTTIR

Svanfríður Jónasdóttir, oddviti J-lista, segir skilaboð íbúa vera skýr. „Við erum mjög ánægð með þessa niðurstöðu og þetta er frábær árangur hjá frábærum hópi." Þetta er í fyrsta skipti sem J-listinn býður fram.

Svanfríður segir engin áform um meirihlutamyndun liggja fyrir nú. „Við horfum á hvað kjósendur eru að segja okkur með atkvæðum sínum og aðrir hljóta að gera það líka." - sdg

ARNARNESHREPPUR

Sigraði með 9 atkvæðum í Arnarneshreppi sigraði Kraftlistinn með níu atkvæða mun. Kraftlistinn hlaut 61 atkvæði og þrjá fulltrúa. Málefnalistinn hlaut 52 atkvæði og tvo fulltrúa. Auðir og ógildir seðlar voru tveir. Kjörsókn var 92,86 prósent.

Húsavík

SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR 2006

Lokatölur kl. 00.10 þegar talin höfðu verið **1.809** atkvæði eða **100%**



Húsavík og nágrenni:

Framsóknarflokkur efstur

KOSNINGAR Í sameinuðu sveitarfélagi Húsavíkurbæjar, Keldunes-hrepps, Öxarfjarðarhrepps og Raufarhafnarhrepps hlaut Framsóknarflokkur flest atkvæði og þrjá fulltrúa af níu í sveitarstjórn. Sjálfstæðisflokkurinn nær einnig inn þremur fulltrúum. Að sögn Gunnlaugs Stefánssonar, oddvita B-lista, verður farið í meirihlutaviðræður strax í dag og taldi hann liggja á borðinu að talað yrði við Sjálfstæðisflokkinn.

Samfylkingin nær tveimur mönnum inn og Vinstri grænn einum.

Samhliða sveitarstjórnarkosningum var einnig kosið um nafn á nýja sveitarfélaginu. - sdg

AÐALDÆLAHREPPUR

Aðaldalslistinn sigraði í Aðaldælahreppi hlaut Aðaldalslistinn 105 atkvæði og þrjá fulltrúa. Lýðræðislistinn hlaut 56 atkvæði og tvo fulltrúa. Samtals greiddu 164 atkvæði. Auðir og ógildir seðlar voru þrír.

TÁLKNAFJÖRÐUR

Meirihluti D-lista Á Tálknafirði sigraði Sjálfstæðisflokkurinn með tæp sextíu prósent atkvæða og þrjá bæjarfulltrúa. Tálknafjarðarlistinn hlaut 36 prósent atkvæða og tvo fulltrúa. T-listann vantaði 24 atkvæði upp á að ná þriðja manni inn.

Meirihlutinn í bæjarstjórn Fjarðabyggðar er fallinn:

Smári Geirsson rétt komst inn

KOSNINGAR Smári Geirsson, forseti bæjarstjórnar Fjarðabyggðar, sem skipar 4. sæti Fjarðarlistans, komst naumlega inn í bæjarstjórn í kosningunum í gær en hann var tíu atkvæðum fyrir ofan næsta mann, sem var Líneik Anna Sævarsdóttir úr Framsóknarflokki.

SMÁRI GEIRSSON

„Ég var ósköp rólegur allan tímann; viss um að þetta myndi hafast," sagði Smári Geirsson þegar lokatölur lágu fyrir. Aðspurður um framhaldið sagði hann: „Þetta er fyrsta kosningin í nýju bæjarfélagi, þar sem Fjarðabyggð, Fáskrúðsfjarðarhreppur, Austurbyggð og Mjóafjarðarhreppur eru að sameinast, svo það er ekki hægt að ganga að neinu vísu í þessum efnum og segja að meirihlutinn hafi haldið. En vissulega lítur út fyrir að það sé verið að umbuna okkur í gamla meirihlutanum góð störf."

Sjálfstæðisflokkurinn, sem var með tvo menn í bæjarstjórnFjarðabyggðar, fékk nú þrjá. Þó voru sjálfstæðismenn ekki of kátir þegar úrslit lágu fyrir. „Undirtektir síðustu daga gáfu okkur vonir um að ná fjórum mönnunum inn svo við vorum farnir að gæla við það," sagði Valdimar O. Hermannsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins, eftir að úrslit lágu fyrir. „Framsókn og Fjarðarlisti halda velli en margir telja líkur á því að þeir byrji að tala sig saman. Okkur þykir þessi stuðningur við okkur vera krafa um það að við fáum að koma að stjórninni," bætti hann við. - jse

Fjarðabyggð

SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR 2006

Lokatölur kl. 23.01 þegar talin höfðu verið **2.940** atkvæði eða **100%**

Meirihluti Á+L: **FALLINN!**



Bæjarfulltrúar 2002 (breyting), fyrlgi 2002 (breyting)

Kanarí

Haust og vetrarferðir á betra verði

apollo 20 ÁRA

5.000 kr. kynningar-afsláttur!

- **Beint vikulegt leiguflug til Gran Canaria alla föstudaga frá 27. október.**
- **Dvöl í 1, 2, 3 eða 4 vikur**
- **5.000 kr. kynningarafsláttur á mann í allar ferðir nema jóla- og páskaferðir**
- **Ríflegur barnaafsláttur***
- **Íslensk fararstjórn**
- **Úrval kynnisferða**
- **Allar upplýsingar og bókanir á heimasíðunni, www.apollo.is.**
- **Vetrar-bæklingur okkar kemur út seinni hluta júní-mánaðar.**

Frábærir gististaðir, þar á meðal:

Koka ✓✓+
Góðar stúdíóíbúðir við hliðina á Kasbah-verslunarmiðstöðinni. **Vika frá 43.100 kr.**

Teneguia ✓✓+
Vel þekktar íbúðir meðal Íslendinga á Ensku-ströndinni. **Vika frá 48.400 kr.**

Arco Iris ✓✓✓+
Góðar íbúðir á besta stað við ströndina í Playa del Ingles. **Verð frá 54.900 kr.**

Sunsuites Amazonas ✓✓✓+
Einstaklega góðar íbúðir rétt við miðbæinn í Playa del Ingles. **Verð frá 59.900 kr.**

Parque Cristobal ✓✓✓✓
Glæsilegur og nýuppgerður smáhýsagarður á Ensku ströndinni.
Verð frá 53.400 kr.

Maspalomas Dunas Suites & Villas
✓✓✓✓
Fyrsta flokks íbúða- og smáhúsagarður.
Verð frá 54.900 kr.

Cordial Green Golf ✓✓✓+
Nýuppgerður raðhúsagarður í Maspalomas.
Verð frá 46.900 kr.

Puerto Azul í Puerto Rico ✓✓✓+
Frábært sólarhótel sem sló í gegn meðal farþega okkar síðasta vetur.
Verð frá 47.400 kr.

Gran Amadores ✓✓✓+
Frábært fjölskylduhótel skammt frá Puerto Rico: **Vika frá 37.450 kr. á mann fyrir 4ra manna fjölskyldu, þar af 2 börn 2ja-17 ára.**

Bókaðu núna!
www.apollo.is

apollo

5 100 300 www.apollo.is

Langferðir ehf., Holtasmára 1, 201 Kópavogur

* Kynningarafsláttur nær ekki til barnaverðs.
Öll verðdæmi miðast við tvíbýli í 1 viku og að ferðin sé bókuð á netinu á meðan kynningarafsláttur gildir.

VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvað heitir Tsjetsjeninn sem dæmdur hefur verið í lífstíðarfangelsi fyrir að ráðast á barnaskóla í Beslan árið 2004?*

2 *Hvaða bresku stúlknasveit er Nylon með á tónleikaferðalagi um þessar mundir?*

3 *Hvaða úkraínski framherji mun að öllum líkindum skrifa undir samning við Englandsmeistara Chelsea á næstu dögum?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 42

Í-listinn á Ísafirði bætti við sig einum bæjarfulltrúa:

Meirihlutinn hélt

ÍSAFJÖRÐUR Í-listinn á Ísafirði vann sigur og bætti við sig einum bæjarfulltrúa samkvæmt fyrstu tölum í gærkvöldi. Sigurður Pétursson, oddviti listans, sagði það ekki duga til að fella meirihlutann „og það eru viss vonbrigði," sagði hann.

„Við erum hinsvegar komin með sterkan bæjarstjórnarflokk og mjög öflugan hóp að baki okkar. Við munum auðvitað láta til okkar taka í bæjarmálum og erum tilbúin í meirihlutasamstarf ef núverandi meirihluti nær ekki saman aftur."

„Verði þetta niðurstaðan þá er þetta góður árangur enda höfum við unnið mikla og góða kosningabaráttu á síðustu vikum. Það er alveg sama hver niðurstaðan verður, það hefur aldrei verið sterkari liðsheild hér," sagði Halldór Halldórsson, oddviti sjálfstæðismanna á Ísafirði.

Halldór taldi líklegast að meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks héldi áfram og sagði að viðræður myndu hefjast í gærkvöldi eða dag.

„Þetta er svipuð niðurstaða og 1998. Við stöndum okkur best af framsóknarmönum á landsvísu og erum ánægð með það en við vonuðumst auðvitað eftir frekara fylgi og ná inn tveimur fulltrúum," sagði Guðni Geir Jóhannesson, oddviti Framsóknarflokksins. - ghs





Óbreytt staða í Garðabæ:

D-listi fékk fjóra kjörna

KOSNINGAR „Meirihlutinn er ennþá fastari í sessi nú en áður," sagði Erling Ásgeirsson, oddviti sjálfstæðismanna, þegar ljóst var að Sjálfstæðisflokkurinn héldi völdum í Garðabæ. Sjálfstæðismenn fengu fjóra menn kjörna, rétt eins og síðast, en voru nálægt því að ná fimmta manni inn.

Steinþór Einarsson, oddviti Bæjarlistans, var ánægður með að halda öllum þremur fulltrúum, sem félagshyggjuflokkarnir höfðu frá síðustu kosningum.

„Við kynnum nýjan lista og steypum saman þeim listum sem hafa verið í minnihlutanum. Við vissum að það tæki okkur tíma að kynna framboðið," sagði Steinþór. Þeir stefni á meirihlutann næst. - gag

Litlu flokkarnir sigurreifir

Oddviti frjálslyndra og Vinstri grænna voru sigurreifir þegar við fyrstu tölur í gærkvöldi og töluðu um stórsigur. Oddviti framsóknarmanna var varkár í yfirlýsingu þó fyrstu tölur sýndu hann inni.

REYKJAVÍK „Þetta er mjög spennandi ennþá. Við sjáum að staða Sjálfstæðisflokksins er tæp en við erum mjög ánægð með okkar hlut," sagði Svandís Svavarsdóttir, oddviti Vinstrihreyfingarinnar - grens framboðs, eftir að fyrstu tölur voru kunngjörðar í gærkvöldi. Vinstri grænn voru þá með ríflega þrettán prósent atkvæða og tvo menn inni.

Svandís viðurkenndi strax við fyrstu tölur að sigur væri í hendi og sagði frábært að fá tvo menn inn. „Ég er þakklát og ánægð með þann stuðning sem við höfum fengið. Ég hef sérstaklega fundið fyrir slagkrafti á síðustu metrunum og fundið baráttugleði einkenna okkar kosningabaráttu. Það var stórkostlegt að labba með Íslandsvinum niður Laugaveginn og finna að það er þörf fyrir andóf gegn stóriðju í borgarstjórn, ekki bara í landsmálunum. Við verðum að staldra við stóriðjuyfirganginn í þessu landi."

Björn Ingi Hrafnsson, oddviti Framsóknarflokksins, taldi fyrstu tölur vera í samræmi við síðustu skoðanakannanir Gallups en ekki Fréttablaðsins. „Þetta er tæpt og greinilegt að valið stóð á milli þess að Framsóknarflokkurinn næði fulltrúa inn eða að Sjálfstæðisflokkurinn fengi hreinan meirihluta," sagði hann.

„Mér sýnist að það verði aðalspennan í nótt þannig að það virðist ekki líklegt að aðrir flokkar komi þar að. Fyrir hönd borgarbúa vonast ég til þess að fleiri en einn flokkur ráði ríkjum í borginni," sagði hann en taldi of fljótt að ræða um meirihutasamstarf. „Við eigum eftir að hugsa það."

Ólafur F. Magnússon, oddviti Frjálslynda flokksins, sagði fyrstu tölur „stórkostlegar" og benti á að Frjálslyndi flokkurinn væri þegar búinn að landa fleiri atkvæðum en síðast þó að talningin væri skammt komin. „Þetta er stórsigur," sagði hann en vildi spyrja að leikslokum eins og síðast.

Ólafur kvað Frjálslynda ekki „slá á neinar útréttar hendur" hvað meirihlutasamstarf varðar.



HLÝJAR MÓTTÖKUR Ólafur F. Magnússon fékk góðar móttökur hjá eiginkonu sinni Guðrúnu Kjartansdóttur.

„Við erum tilbúin að ræða við þá sem eru tilbúnir að ræða við okkur. Það er ekki tímabært að gefa yfirlýsingar um þetta því að enn er ekki fullvíst að Sjálfstæðisflokkurinn nái ekki hreinum meirihluta."

ghs@frettabladid.is

01 - 8649

Það er sama hvernig þú lítur á dæmið. Ef þig vantar leiðir til þess að eignast draumabílinn getum við alltaf boðið þér einfalda lausn.

Bílalán // Bílasamningur // Einkaleiga

LÝSING

VIRKJANAFRAMKVÆMDUM MÓTMÆLT Á þriðja þúsund mótmælti í gær virkjanaframkvæmdum á landinu. Upphafshópurinn ætlar að reisa tjaldbúðir á Kárahnjúkum í sumar. Undirskriftalistar gegn stefnunni eru á netinu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Á þriðja þúsund mótmælir stóriðjuframkvæmdum:

Stóriðju mótmælt

MÓTMÆLI Um 1.600 hundruð tóku þátt í mótmælagöngu Íslandsvina, samtaka um náttúruvernd, niður Laugaveginn í gær. Rétt um þrjú þúsund fylgdust með tónlistaratriðum á Austurvelli í kjölfar göngunnar. KK og Ellen Kristjánsdóttir, Flís, Hjálmar, Bogomil Font og Sigur Rós voru meðal þeirra sem tróðu upp.

Davíð Þór Jónsson, tónlistarmaður í Flís, var einn upphafsmanna göngunnar. Hann segir gönguna aðeins byrjunina á mótmælum gegn stóriðjustefnu stjórnvalda. Hópurinn hafi sett af stað undirskriftalista gegn stefnunni og ætli að setja upp tjaldbúðir við Kárahnjúka í sumar.

„Ég trúi því að hægt sé að upplýsa fólk," segir Davíð, sem gerir athugasemdir við það að fréttastofa Sjónvarpsins hafi ekki flutt fréttir af göngunni í gær, þrátt fyrir að hafa verið á staðnum.

Íslandsvinir segjast berjast gegn misnotkun á náttúruauðlindum landsins, efnahagslegu ósjálfstæði, einhæfu atvinnulífi og frekari stóriðjuframkvæmdum. - gag

Hún er á leiðinni

NÝR GÍRAFFI Gezi, sjö ára gíraffamóðir í dýragarðinum í San Francisco í Bandaríkjunum, fylgist hér með ónefndum syni sínum, sem hún kastaði 18. maí. Hún virtist þó ekkert hafa á móti myndatökunni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ekkert lát á grimmdarverkum strangtrúaðra í Írak:

Myrtir vegna stuttbuxnanna

BAGDAD, AP Íraskur tennisþjálfari og tveir af leikmönnum hans voru myrtir í Bagdad nú í vikunni vegna þess að þeir voru í stuttbuxum. Stjórnvöld í landinu skýrðu frá þessu í gær og sögðu þetta vera enn eina árásina af mörgum sem íslamskir strangtrúarmenn væru taldir hafa staðið fyrir.

Vopnaðir menn stöðvuðu bifreið þjálfarans, sem var súnnímúslimi, og leikmannanna tveggja, sem báðir voru sjíar. Mennirnir báðu þá um að stíga út úr bifreiðinni og skutu síðan á þá.

Lögreglan sagði að bæklingum hefði verið dreift í hverfunum Saidiyah og Ghazaliyah, þar sem meirihluti íbúanna er súnnímúslimar. Í bæklingunum var fólk varað við því að ganga í stuttbuxum, þar sem það samræmdist ekki trúnni. Enginn hefur þó lýst yfir ábyrgð sinni á árásina á tennisleikarana, en þetta er önnur árásin sem gerð er á íþróttamenn á rétt rúmri viku.

Margvísleg átök í landinu hafa kostað fjölda fólks lífið á síðustu dögum. Meira en þrjátíu manns létust á laugardaginn, þar á meðal fjórir menn sem fórust þegar sprengja í kyrrstæðri bifreið sprakk nálægt fjölfarinni strætisvagnastöð í höfuðborginni Bagdad. - gb

FÓTBOLTI Á GÖTUM BAGDAD Þessi mynd var tekin á síðasta ári þegar nokkrir ungir menn gripu tækifærið og tóku fram fótbolta þegar öll umferð bifreiða var bönnuð á götum höfuðborgarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Þjófóttur prestur:

Stal úr kirkjum og lifði hátt

BANDARÍKIN, AP Kaþólski presturinn John Woolsey stal meira en átta hundruð þúsund dölum frá sóknarkirkju sinni í Manhattan í New York-borg til þess að fjármagna eyðslu sína. Hann eyddi fénu meðal annars í ferðalög til Evrópulanda, dýr föt og úr, og fór í dýrar tannfegrunaraðgerðir.

„Mér þykir mikið fyrir því að hafa gert þetta og biðst afsökunar á framferði mínu," sagði Woolsey, sem er 67 ára prestur við kirkju Jóhannesar píslarvotts á Manhattan.

Hann á yfir höfði sér eins til fimm ára fangelsi. - gb

HOFSÓS Frambjóðendur áttuðu sig ekki á kosningalögunum.

Brot á kosningalögum:

Frambjóðendur sjálfir í vinnu

KOSNINGAR Frambjóðendur Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks voru sjálfir við vinnu í kjördeild Skagafjarðar á Hofsósi í gærmorgun. Það er með öllu ólöglegt að frambjóðendur starfi í kjördeildum.

Ásdís Ármannsdóttir, formaður kjörstjórnar í Skagafirði, segir að um aðgæsluleysi hafi verið að ræða og að mennirnir séu neðarlega á sínum listum. „Þeir fengu rangar upplýsingar frá utanaðkomandi aðilum og það verður bara að koma í ljós hvort einhver leggur fram kæru." - sh

PALESTÍNA

Hamas-liðar aftur mættir Hersveitir á vegum Hamas-stjórnarinnar í Palestínu héldu í gær á ný út á götur Gaza-borgar eftir að hafa haldið sig til hlés í sólarhring. Þótt sveitirnar væru fáliðaðar sögðu félagar í Fatah-samtökunum þær flækja ástandið enn frekar.

Tveir skipverjar fórust í eldsvoða í Akureyrinni

Tveir sjómenn úr áhöfn togarans Akureyrinnar EA-110 létust í gær í eldsvoða sem upp kom í káetu skipsins. Sex skipverjar voru fluttir með þyrlu til Reykjavíkur með snert af reykeitrun. Eldsupptök eru ókunn.

SJÓSLYS Tveir menn létust í gær í eldsvoða sem kom upp í Akureyrinni EA-110 sem gerð er út af Samherja frá Akureyri. Eldurinn kom upp í káetu skipverja um tvöleytið í gærdag, þegar skipið var statt um 75 sjómílur vestur af Látrabjargi. Landhelgisgæslunni barst neyðarkall klukkan 14.10 og björgunarþyrlan TF-LÍF fór í loftið tæpri klukkustund síðar ásamt reykköfurum frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins. Átján skipverjar voru um borð í Akureyrinni.

Skipverjar þurftu að leita að mönnunum tveimur sem létust þegar eldurinn kom upp. Þeir voru sofandi í klefum sínum og fundust þar látnir.

TF-LÍF kom á staðinn um hálf fimm en hálfri klukkustund áður höfðu skipverjar tilkynnt að þeim hefði tekist að ráða niðurlögum eldsins. Eldurinn blossaði síðan aftur upp og tók um tvær stundir að ráða niðurlögum hans. Sex skipverjar voru fluttir með þyrlunni á Landspítalann í Fossvogi með viðkomu á Rifi. Þeir höfðu fengið væga reykeitrun. Þrír þeirra fóru norður til Akureyrar strax í gærkvöld en hinir þrír þurftu á aðhlynningu að halda í Reykjavík þótt ástand þeirra væri ekki talið alvarlegt. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru þeir látnu áfram um borð í skipinu.

YFIRSTAÐIÐ Skipverjarnir sex sem fluttir voru með TF-LÍF til Reykjavíkur við komuna á Landspítala í Fossvogi um sjöleytið í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Þrír togarar voru nærri Akureyrinni þegar neyðarkallið barst og héldu þeir strax af stað í átt til skipsins. Þetta voru Júlíus Geirmundsson, Guðmundur í Nesi og Örvar.

Þyrlur Varnarliðsins og þyrla danska varðskipsins Tritons voru einnig kallaðar út en þegar TF-LÍF kom á staðinn voru þær afturkallaðar. TF-SYN, Fokker-flugvél Landhelgisgæslunnar var einnig send ásamt TF-LÍF.

Ásgrímur Ásgrímsson, yfirmaður Vaktstöðvar siglinga, segir ekki vitað hver eldsupptökin voru en eldurinn hafi verið bundinn við vistarverurnar á annarri hæð í yfirbyggingu skipsins. Hann segir skemmdirnar ekki hafa náð til helsta tækjabúnaðar skipsins og að rafmagnið hafi ekki farið af. Sigmaður Landhelgisgæslunnar varð eftir í skipinu ásamt slökkviliðsmönnum, þar sem hann hefur skipstjórnarréttindi. Hann stýrði skipinu áleiðis til Hafnarfjarðar í gærkvöldi og átti það að koma þangað í morgun. Ekki náðist í Þorstein Má Baldvinsson, forstjóra Samherja, vegna slyssins.

GLERÁRKIRKJA Fjölmenni var í kyrrðar- og bænastund í Glerárkirkju á Akureyri í gærkvöldi þar sem séra Arnaldur Bárðarson flutti hugvekju. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

Kyrrðar- og bænastund var haldin í Glerárkirkju á Akureyri klukkan níu í gærkvöldi og sagði séra Arnaldur Bárðarson að fjölmenni hefði verið í kirkjunni. Ekki er unnt að greina frá nafni hinna látnu að svo stöddu.

stigur@frettabladid.is

Háteigsvegi 105 Reykjavík Sími 522 3300 Fax 522 3301 fti@fti.is www.fti.is

Er þetta nám fyrir þig?

SJÁVARÚTVEGUR
Rekstur og stjórnun
Hagnýtt, sérhæft framhaldsnám í rekstri og stjórnun við Sjávarútvegsbraut Fjöltækniskóla Íslands.

Námið er ætlað aðilum í stjórnunarstöðum í sjávarútvegi eða matvinnslu, sem hafa lokið fagnámi í skipstjórn, vélstjórn eða hafa stúdentspróf eða sambærilega menntun.

Námið er blanda af lotunámi og fjarnámi þar sem eitt fag er kennt í senn og tekur 6 vikur. Nemendur koma í skólann í þrjá daga á þriggja vikna fresti. Hverju fagi lýkur með heimaprófi eða verkefnavinnu.

Kennd eru fög sem taka til helstu sviða rekstrar og stjórnunar með áherslu á sjávarútveg. Þrjú fög eru tekin á önn, tvö kjarnafög um ýmsa grundvallarþætti rekstrar og stjórnunar og eitt sérfag sem tengist sjávarútvegi.

Námið hefst með fornámskeiði 8. ágúst og lýkur haustið 2008.

Námið er þróað í samstarfi við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Landssamband íslenskra útvegsmanna.

Nánari upplýsingar
Á heimasíðunni okkar **www.fti.is** og í síma **522 3300**.
Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á **fti@fti.is**.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins

FJÖLTÆKNISKÓLI ÍSLANDS
TÆKNI VÉLAR SIGLINGAR ÚTVEGUR

FYRSTUR Togarinn Júlíus Geirmundsson, til vinstri, kom fyrstur að Akureyrinni í gær.

Gunnar Arnórsson kom fyrstur á vettvang sjóslyssins:

Það hryllilegasta sem sjómenn geta lent í

Þrír togarar sem voru við veiðar skammt frá Akureyrinni EA-110 fóru til aðstoðar um leið og neyðarkallið barst um sjóslysið úti fyrir Vestfjörðum í gær. Gunnar Arnórsson er skipstjóri á togaranum Júlíusi Geirmundssyni, sem fyrstur var á vettvang. „Við vorum búnir að undirbúa okkur með reykköfunartæki og slökkvitæki og við ferjuðum það bara yfir í gúmmíbátnum. Svo fóru menn frá okkur yfir í Akureyrina."

GUNNAR ARNÓRSSON

Gunnar segir að allir aðrir skipverjar en þeir sem létust hafi borið sig vel miðað við aðstæður. „Þeir sem voru á sáum notuðu alla sína krafta í að reyna endurlífgun. Þeir blésu og hnoðuðu til skiptis og þegar þyrlan kom höfðu þeir verið að því í hátt í tvo tíma þannig að þeir voru nánast orðnir örmagna." Menn af togaranum Örvari fóru einnig um borð. „Þeir fóru yfir með hjartastuðtæki. Það er leitt að þessar björgunartilraunir skuli ekki hafa skilað betri niðurstöðu." Gunnar segir sjómenn alltaf tilbúna til að hjálpa við svona aðstæður. „Annars væri eitthvað bogið við mann. Þetta er ábyggilega það hryllilegasta sem menn geta lent í til sjós."

UMSÓKNARFRESTUR RENNUR ÚT 29. MAÍ

„Háskólinn í Reykjavík er háskóli atvinnulífsins. Hlutverk hans er að efla samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og styrkja íslenskt samfélag með nýsköpun, tækniþróun, samstarf og alþjóðasamskipti að leiðarljósi.

Háskólinn í Reykjavík leggur mikið upp úr því að taka á móti hverjum námsmanni sem einstaklingi sem fær að njóta sín og þroskast meðan á náminu stendur. Við bjóðum framúrskarandi kennslu, frábæra námsaðstöðu og þjónusta við nemendur er til fyrirmyndar.

Ef þú ert að hugsa um að hefja nám í lögfræði, viðskiptafræði, tæknifræði, verkfræði, tölvunarfræði, iðnfræði, stærðfræði, kennslufræði, lýðheilsufræði, íþróttafræði eða á frumgreinasviði, þá hvet ég þig eindregið til að kynna þér vel það sem Háskólinn í Reykjavík hefur að bjóða. Ef þú hefur metnað til að skara fram úr og vilt vinna í kraftmiklu og skapandi umhverfi þá er HR fyrir þig."

Dr. Guðfinna S. Bjarnadóttir
rektor Háskólans í Reykjavík

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 • www.hr.is

YFIR HYLDÝPI Hann er ekki nema tólf ára, drengurinn sem hér rennir sér yfir hyldýpið eftir 350 metra löngum stálkapli með poka fullan af ávöxtum. Margir bólivískir bændur neyðast til að notast við ferðamáta sem þennan til að koma vörum sínum á markaðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skiptineminn Ásta Hrund Guðmundsdóttir var nývöknuð þegar skjálftinn reið yfir:

Mikið öngþveiti greip um sig

INDÓNESÍA Ásta Hrund Guðmundsdóttir, skiptinemi á eynni Jövu í Indónesíu, svaf á dýnu í nótt við útidyrnar ásamt fjölskyldu bestu vinkonu sinnar til að geta komist út ef annar stór skjálfti riði yfir. Ásta Hrund var nývöknuð þegar stóri skjálftinn reið yfir í gærmorgun. „Skápar opnuðust og hlutir duttu á gólfið. Í stofunni datt glerljósakróna og glerbrotin fóru út um allt en enginn meiddist," segir Ásta Hrund.

Aðeins innanstokksmunir skemmdust á heimili fjölskyldu Ástu. Nokkrir af hennar nánustu vinum hafa misst heimili sín og búa nú hjá ættingjum. „Sumir hafa sett upp tjöld og sofa úti," segir hún.

ÁSTA HRUND OG SARA KRISTÍN Nemarnir Ásta Hrund Guðmundsdóttir og Sara Kristín Finnbogadóttir ásamt indónesískri flugfreyju. FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR EINKASAFNI

Ásta Hrund segir að mikil ringulreið hafi verið, samgöngur erfiðar, rafmagnsleysi og símasamband legið niðri fram eftir degi. Öll sjúkrahús eru full af fólki. Lækna og hjúkrunarfólk vanti sárlega og margir bíði eftir læknisaðstoð úti á götu.

Ásta Hrund segir að flugvöllurinn hafi orðið fyrir skemmdum og margir frægir staðir hrunið, svo sem höll soldánsins, gömul hindúahof og verslunarmiðstöðvar. Sums staðar hafi heilu þorpin þurrkast út. Óttti við flóð greip um sig í gærmorgun en af þeim varð ekki.

Sara Kristín Finnbogadóttir er skiptinemi annars staðar á Jövu. Hún fann líka fyrir skjálftanum í gærmorgun en ekki jafn vel og Ásta Hrund. Sigríður Matthíasdóttir, móðir Söru Kristínar, segir að ekkert ami að Söru. ghs@frettabladid.is

Jarðskjálftinn á Jövu:

Forseti Íslands vottar samúð

SAMÚÐ Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, hefur sent forseta Indónesíu einlægar samúðarkveðjur sínar og íslensku þjóðarinnar vegna jarðskjálftanna sem riðu yfir Jövu í gær. Hamfarirnar urðu að minnsta kosti þrjú þúsund manns að aldurtila og þúsundir slösuðust. Ólafur Ragnar árétttaði jafnframt nauðsyn þess að alþjóðasamfélagið kæmi til hjálpar á neyðartímum.

Í kveðjunum víkur Ólafur að reynslu Íslendinga af náttúruhamförum og segir hana hafa skapað sterka samkennd í hugum Íslendinga og stuðlað að þróun hjálparstarfs. - sh

Þú þarft að þekkja eigin rekstur til að geta keppt við aðra

10 góðar ástæður fyrir því að þú ættir að velja Microsoft Dynamics NAV:

1. Einfalt og þægilegt viðmót
2. Einföld uppsetning
3. Íslenskar handbækur
4. Staðlaðir bókhaldslyklar
5. Miklir stækkunarmöguleikar
6. Tenging við aðrar lausnir
7. Fjöldi viðbótarlausna
8. Microsoft samhæft
9. Aðgangur að þjónustuborði
10. Fjöldi námskeiða í boði

Microsoft Dynamics NAV er öflugur viðskiptahugbúnaður sem heldur utan um allar viðskipta- og fjárhagsupplýsingar fyrirtækisins og gefur þér skjótan aðgang að öllu sem þú þarft að vita til þess að hámarka framlegð og ná fram hagræðingu í rekstri.

- Fjárhagsgrunnur
- Fjárhagsbókhald
- Viðskiptamenn
- Sölureikningar
- Lánardrottnar
- Birgðir

Verð frá kr. 130.900*
Hringdu núna í síma 545 3200
Öll verð eru án vsk. *Verð miðast við einn notanda

Dæmi um viðbótarlausnir

Hver aukanotandi	kr. 64.000
Launakerfi	kr. 40.000
Innheimtukerfi	kr. 40.000
Verkbókhald	kr. 40.000

Maritech er dótturfélag TM Software. Maritech er með skrifstofur á Akureyri og í Kópavogi. TM Software er alþjóðlegt hugbúnaðarfyrirtæki með höfuðstöðvar á Íslandi. Félagið er með starfsemi í 12 löndum með um 450 starfsmenn. Hjá okkur starfar stór hópur vel menntaðra sérfræðinga sem notar upplýsingatæknina til þess að hjálpa þér að ná betri árangri.

Maritech hefur þróað fjölda viðbóta við Navision viðskiptahugbúnaðinn sem eru lagaðar að þörfum íslenskra fyrirtækja.

MIXA · fit · 60294

Microsoft Dynamics NAV

www.maritech.is

Dótturfyrirtæki TM Software

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

Hlíðasmári 14 • 201 Kópavogur • Sími 545 3200 • Fax 545 3201 • sala@maritech.is
Skipagötu 18 • 600 Akureyri • Sími 545 3500 • Fax 545 3501 • akureyri@maritech.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

HLYNNT AÐ SÆRÐUM Hundruð manna þurftu að bíða eftir að komast undir læknishendur. Meira en 200 þúsund manns misstu heimili sín. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þrjú þúsund fórust á Jövu

Harður jarðskjálfti lagði stóran hluta borgarinnar Yogyakarta á Indónesíu í rúst. Meira en þrjú þúsund manns fórust. Óttast er að eldvirkni í Merapi aukist.

INDÓNESÍA, AP Harður jarðskjálfti varð í Indónesíu í fyrrinótt og mældist hann 6,2 stig á Richter-kvarða. Síðdegis í gær var tala látinna kominn yfir þrjú þúsund. Þúsundir annarra særðust.

Jarðskjálftinn varð klukkan 5.43 að morgni laugardags að staðartíma, en þá var klukkan rétt að verða ellefu að föstudagskvöldi hér á Íslandi. Margir voru enn í fastasvefni þegar skjálftinn reið yfir. Fólk hljóp í ofboði út á götur og strax var byrjað að flytja slasaða með leigubílum og pallbílum á sjúkrahús, en það gekk misjafnlega vegna skemmda á umferðarmannvirkjum.

Upptök skjálftans, sem mældist 6,2 stig á Richter-kvarða, voru í nágrenni borgarinnar Yogyakarta á eyjunni Jövu og olli skjálftinn gríðarlega miklu tjóni bæði þar í borg og í nágrannabæjum. Manntjónið varð mest í borgarhverfinu Bantul í Yogyakarta.

Heilu húsin hrundu til grunna, þar á meðal eitt sjúkrahús og nokkrar opinberar byggingar. Margar götur og brýr eyðilögðust einnig og gerði það fólki erfitt fyrir að komast leiðar sinnar.

Í kjölfar skjálftans jókst eldvirkni í fjallinu Merapi, sem er eitt virkasta eldfjall heims. Eldvirkni í fjallinu hefur verið töluverð á síðustu vikum og sögðu sumir jarðfræðingar hættu á stóru gosi hafa aukist. Aðrir jarðfræðingar gerðu þó minna úr þeirri hættu.

Fjölmörg ríki á Vesturlöndum brugðust skjótt við í gær og hétu aðstoð sinni. Evrópusambandið ætlar að veita þrjár milljónir evra í neyðaraðstoð og helstu hjálparstofnanir senda fjölmennt lið og hjálpargögn á vettvang.

Ólafur Ragnar Grímsson forseti sendi Susio, forseta Indónesíu, samúðarkveðju í gær. Slíkt hið sama gerðu leiðtogar margra vestrænna ríkja, þar á meðal Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, og Javier Solana, utanríkismálafulltrúi Evrópusambandsins.

gudsteinn@frettabladid.is

Disney dagar

Syrpur

2 fyrir 1

Andrésblöð

2 fyrir 1

Fjöldi annarra tilboða

Gildir til 5. júní eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Frá

Stefna Alcoa Fjarðaáls er að fjárfesta til framtíðar í öflugu þekkingarsamfélagi bæði innan og utan fyrirtækisins. Nú þegar hefur fyrirtækið lagt um 140 milljónir króna til samfélagsmála. Slík fjárfesting skilar sér í verðmætum mannauði sem aftur styrkir samfélagið enn frekar. Starfsmenn eru hvattir til að sinna samfélagsmálum og Fjarðaál greiðir styrki með þeim starfsmönnum sem vinna í þágu góðgerðarsamtaka. Þannig á samfélagið allt að njóta góðs af.

Nemendur í Grunnskóla Reyðarfjarðar.

Jafnvægi

Kyn og aldur
Starfsmenn Fjarðaáls eiga að endurspegla og efla samfélagið. Æskilegt er að kynjahlutfall verði sem jafnast og öll störf í álverinu henta jafnt konum sem körlum. Jafnframt er stefnt að góðri aldursdreifingu og eðlilegri endurnýjun í fyrirtækinu.



Bakgrunnur

Menntun og reynsla
Margvísleg og spennandi störf verða í boði hjá Fjarðaáli. Við ætlum að mynda samhentan hóp fólks með fjölbreytta menntun og reynslu. Tæplega 40% starfsmanna verða með háskólamenntun eða iðnmenntun. Öll störf í fyrirtækinu verða góð störf.

Hluti af mannauðs- og samfélagsteyminu, við Upplýsingamiðstöð Fjarðaráls, með álverið í baksýn.

Liðsvinna

Ferli og teymi
Í álverinu í Fjarðabyggð verður unnið samkvæmt verkferlum í sjálfstýrðum teymum með víðtæk verksvið. Í teymunum verða leiðtogar sem styðja liðsmenn og sjá til þess að þeir búi yfir nauðsynlegri þekkingu. Kjarnateymum verður skipt upp í álframleiðslu, málmvinnslu og framleiðsluþróun. Stoðteymi og þekkingarsetur veita kjarnateymum stuðning. Stöðugt verður leitast við að styrkja teymin og bæta verkferlin. Teymin munu sjálf koma að ráðningu nýrra liðsmanna þegar störf losna.

Fjölbreytni og fjölhæfni
Öll störf í álverinu eru fjölbreytt og munu allir starfsmenn takast á við ólík viðfangsefni. Að auki verður árlega boðið upp á nokkur starfsþjálfunartækifæri, þar sem áhugasamir starfsmenn fá þjálfun og reynslu á nýjum starfsvettvangi í 12 mánuði. Slík starfsþjálfun verður til dæmis á sviði öryggis-, umhverfis, mannauðs- og gæðamála.

Þjálfun starfsmanna getur verið margþætt. Sálfræðingurinn og fræðslustjórinn, Steinþór Þórðarson, er hér ásamt leiðbeinanda á reykköfunaræfingu í Kanada.

Aðalheiður Vilbergsdóttir með son sinn, Birki Inga Óskarsson. Aðalheiður stýrir skrifstofu Fjarðaáls á Reyðarfirði.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ALC 31742 03/2006

samfélagi til mannauðs

Stefán Guðjónsson, kerfisfræðingur, mun vinna við eitt af stærstu og öflugustu upplýsingakerfum á Íslandi.

Tengsl

Samstarf og samráð
Áhersla verður lögð á að starfsmenn þekki sem best allar hliðar starfseminnar. Teymin munu hafa með sér náið samstarf og samráð um mál sem varða allt fyrirtækið og umhverfi þess. Allt að fimmtungi vinnutíma síns munu framleiðslustarfsmenn vinna í hópum að ýmsum sameiginlegum málum, svo sem umhverfis-, samfélags- eða gæðamálum.

Birkir Einar Gunnlaugsson mættur á knattspyrnuæfingu í Fjarðabyggðarhöllinni, kannski fullsnemma.

Rekstrarhagfræðingurinn, Bob Roy, ætlar að miðla starfsmönnum Fjarðaáls af langri reynslu sinni næstu tvö árin.

Ræktun

Hollusta og heilsuvernd
Starfsmönnum Alcoa Fjarðaáls á að líða vel í vinnunni. Í álverinu verður heilsusetur með hjúkrunarfræðingi og öðrum heilbrigðissérfræðingum. Í mötuneyti verður boðið upp á hollt og gott fæði undir leiðsögn næringarráðgjafa. Fjarðarál styður einnig heilsurækt starfsmanna.

Jafnvægi vinnu og einkalífs
Alcoa Fjarðaál á að vera fjölskylduvænn vinnustaður. Hvað í því felst nákvæmlega verður starfsmanna að ákveða í sameiningu. Hluti af þjónustu við starfsmenn mun einnig standa fjölskyldum þeirra til boða.

Örvagi

Vinnutilhögun og vinnutími
Störf í áliðnaði eru örugg og vinnutíminn yfirleitt fyrirsjáanlegur. Álið verður að framleiða allan sólarhringinn, allt árið um kring. Í boði verða einnig hlutastörf fyrir fólk sem á erfitt með að vinna á vöktum eða vera í fullu starfi.

Mannauðsfræðingurinn, Sigurður Ólafsson, í Aflhúsi Iceland Spa & Fitness á Reyðarfirði.

Tækifæri

Þjálfun og fræðsla
Fræðslusetur verður starfrækt í álverinu og allir starfsmenn fá víðtæka þjálfun og fræðslu. Margir munu fá þjálfun í öðrum álverum Alcoa og um 40 erlendir sérfræðingar munu aðstoða við gangsetninguna.

Þekking og starfsþróun
Allir starfsmenn Fjarðaáls eiga að fá tækifæri til að leysa fjölbreytt og krefjandi verkefni og vaxa og dafna í starfi. Starfsmenn munu öðlast verðmæta þekkingu sem á að nýtast til frambúðar bæði innan og utan fyrirtækisins.

Kaup og kjör
Íslenskur áliðnaður hefur greitt samkeppnishæf laun og starfsmannavelta í greininni hefur verið lítil.

Sören Kristinsson, sonur Ellenar Sæmundsdóttur, starfsmanns Fjarðaáls.

Við tökum vel á móti þér

Við leggjum mikið upp úr því að finna rétt fólk í rétt störf. Rétta fólkið getur haft mjög ólíka menntun og reynslu. Menntun getur verið fengin úr skóla lífsins og fólk getur hafa öðlast mikilvæga reynslu í gegnum uppeldis- eða félagsstarf. Ráðningarferlið er staðlað og allir umsækjendur eru boðaðir í viðtal. Umsóknum þarf að fylgja ferilskrá. Svæðisvinnumiðlun Austurlands aðstoðar umsækjendur á Austurlandi við að gera ferilskrá.

Viltu vera í liðinu okkar?

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um störf hjá Fjarðaáli. Fæst okkar hafa starfað áður í álveri. Við tökum öll þátt í að móta nýtt fyrirtæki frá grunni. Við ætlum að vinna saman og læra hvert af öðru. Við ætlum að fara nýjar leiðir í stjórnun og skipulagi. Allir starfsmenn verða í lykilhlutverki. Styrkur fyrirtækisins verður í liðsheildinni.

www.alcoa.is

Alcoa Fjarðaál

ALCOA

evrópa
Ísland og Evrópusambandið

AF EVRÓPUVETTVANGI: AUÐUNN ARNÓRSSON

Ísland og stjórnarskrárkreppa ESB

Finnland, Ísland og Evrópa tengdust með ýmsum hætti í vikunni sem leið. Á meðan íslenska Evróvisjónlagið datt út í undanúrslitum – þrátt fyrir að hafa fengið sjö stig frá Finnum – vann það finnska sjálfa aðalkeppnina með yfirburðum. Og Finninn Olli Rehn, sem fer með málefni tengd stækkun Evrópusambandsins í framkvæmdastjórninni í Brussel, lét svo ummælt fyrir síðustu helgi að á eftir Rúmeníu og Búlgaríu, sem fá inngöngu í sambandið annaðhvort um næstu áramót eða þarnæstu, gæti Ísland orðið næst í röðinni.
Ummælin vöktu verðskuldaða athygli, ekki sízt vegna þess að engin aðildarumsókn hefur borizt frá Íslandi. Enda sá forseti framkvæmdastjórnarinnar, Portúgalinn Jose Manuel Barroso, sig knúinn til að bregðast samdægurs við og árétta að svo lengi sem engin slík umsókn bærist frá Íslandi væri ótímabært að velta vöngum yfir því hvenær það annars ágæta land bættist í raðir aðildarríkja ESB. Hann sagðist í bili ekki sjá fyrir sér inngöngu fleiri ríkja en aðildarsamningar væru hafnir við.

Skoðanakannanir í núverandi aðildarríkjum sýna ótvírætt að Ísland og hin EFTA-ríkin Noregur og Sviss væru þau ríki sem langvelkomnust væru í sambandið. Nýjustu ummæli ESB-þungavigtarmannanna Rehn og Barroso um Ísland endurspegla þetta; þar á bæ sjá menn engin tormerki á því að hratt verði gengið frá aðildarsamningi ef Íslendingar skyldu ákveða að sækja um aðild.

Nema þessi: Núgildandi grundvallarsáttmáli ESB, Nice-sáttmálinn svonefndi, gerir ekki ráð fyrir fleiri aðildarríkjum en 27. Það verður því að uppfæra stofnanaþátt stofnsáttmálans til að af frekari fjölgun aðildarríkja geti orðið. Hinn strandaði stjórnarskrársáttmáli átti að ráða bót á þessu. Því eru ráðamenn ESB að velta því fyrir sér núna að taka stofnanaákvæði stjórnarskrársáttmálans út úr og fá þau fullgilt sér.

Leiðtogar ESB munu ræða þetta og fleiri hugmyndir um leiðir út úr „stjórnarskrárkreppunni“ á fundi þeirra um miðjan júní. Núna um helgina sitja utanríkisráðherrar sambandsins á rökstólum um sama efni í Klosterneuburg-kastala utan við Vínarborg. Það fellur í skaut Finna á formennskumisseri þeirra síðari helming ársins að kanna leiðir til að koma þessu í framkvæmd. En jafnvel þótt leiðtogar sambandsins næðu fljótt samkomulagi um að fara þessa leið gæti ferlið tekið einhver ár. Af frekari fjölgun aðildarríkja verður ekki fyrr en því ferli lýkur – hvort sem það yrðu þá Króatar, Íslendingar eða einhverjir aðrir sem næstir væru í biðröðinni.

Finnar aftur til forystu í Evrópusambandinu

Finnar taka við formennskunni í Evrópusambandinu af Austurríkismönnum um mánaðamótin júní-júlí. Af því tilefni hitti Auðunn Arnórsson Jari Luoto að máli í Helsinki, en hann hefur fyrir hönd finnska forsætisráðuneytisins haft yfirumsjón með formennskuundirbúningnum.

JARI LUOTO Yfirmaður Evrópuskrifstofu finnska forsætisráðuneytisins.

Finnar hafa einu sinni áður gegnt formennskunni í ESB, en það var síðari helming ársins 1999, rúmum fjórum árum eftir inngöngu þeirra í sambandið. Almennt þótti þeim farast það hlutverk vel úr hendi. En margt hefur breytzt á þeim sjö árum sem síðan eru liðin; aðildarríkjum sambandsins hefur fjölgað úr 15 í 25; sambandið á við eins konar stjórnarskrárkreppu að stríða eftir að stjórnarskrársáttmálinn svonefndi var felldur í þjóðaratkvæðagreiðslum í tveimur aðildarríkjum í fyrra; og hætt er að halda hina hálfsárslegu formlegu leiðtogafundi sambandsins annars staðar en í Brussel, svo eitthvað sé nefnt af þeim breytingum sem orðið hafa á starfsemi ESB á þessu tímabili.

Erfitt verk og víðfeðmt

„Það er mun erfiðara verk að fara með formennskuna nú en fyrir sjö árum,“ segir Luoto. Hann rifjar upp að fyrir formennskumisserið 1999 hafi hann sem aðstoðarmaður Paavos Lipponen, þáverandi forsætisráðherra, ferðast til höfuðborga allra hinna aðildarríkjanna til að skiptast á skoðunum um fyrirhuguð áherzlumál formennskumisserisins. Eftir að aðildarríkjunum fjölgaði í 25 hefur þessi siður verið aflagður.

„Fulltrúar hinna ríkisstjórnanna eru velkomnir að koma og hitta okkur hérna í Helsinki, vilji þeir ræða einstök atriði formennskudagskrárinnar. Það er reyndar svo að það kemur einhver í hverri viku hingað í slíkum erindagjörðum,“ segir Luoto.

Hann segir að nú orðið sé lögð gríðarmikil áherzla á að tryggja að formennskuskipti valdi sem minnstri truflun á starfsáætlun sambandsins. Því hafi Finnar hafið samstarf við Austurríkismenn þegar fyrir þremur árum um undirbúning formennskudagskrárinnar í ár. Þeir eigi líka náið samstarf við Þjóðverja, sem taka við keflinu um áramótin. Portúgalar, sem gegna formennskunni síðari helming næsta árs, eru líka þegar komnir á fullt með sinn undirbúning.

Að sögn Luotos veldur þetta því að minna svigrúm en áður er til þess að formennskuríkið hverju sinni seti mark sitt á dagskrána með því að setja eitthvert tiltekið mál í forgang.

„Finnland hefur þannig séð enga eigin formennskudagskrá að þessu sinni, hún verður aðeins liður í formennskuáætlun sambandsins í heild yfir lengra tímabil,“ segir Luoto.

Höfnun stjórnarskrársáttmálans í þjóðaratkvæðagreiðslum í Frakklandi og Hollandi í fyrra raskaði heildarstarfsáætlun sambandsins að sjálfsögðu. Í stað þess að á síðari helmingi þessa árs væri verið að ljúka fullgildingarferlinu er verið að leita leiða út úr þeirri flóknu stöðu sem upp er komin varðandi framtíðarskipan stofnana og ákvarðanatöku í sambandinu. Þar sem nýi sáttmálinn getur að svo búnu ekki tekið gildi verður að haga starfsemi sambandsins eftir ákvæðum gildandi sáttmála, sem er Nice-sáttmálinn frá árinu 2001.

Þrjú megináherslusvið

Luoto segir þungavigtarmál formennskumisserisins liggja nokkuð ljós fyrir. Formlega mun áætl-



20 ár í þjónustu ESB

Heiðblái Evrópufáninn með gylltu stjörnunum tólf kom fyrst til sögunnar fyrir hálfri öld, nánar tiltekið þann 8. desember 1955 þegar Evrópuráðið gerði hann að merki sínu. En nú á föstudaginn voru rétt 20 ár liðin síðan hann varð einnig opinbert tákn Evrópusambandsins.

Rétt er að árétta að hann hefur frá upphafi haft tólf stjörnur, hvorki fleiri né færri, og réðu fagurfræðilegar ástæður því, ekki fjöldi aðildarríkja.

Nú er hann þekktastur sem merki Evrópusambandsins, enda er starfsemi þeirrar stofnunar mun víðtækari en Evrópuráðsins. Ákvörðunin um að gera fánann að tákni ESB 26. maí 1986 var liður í viðleitni leiðtoga þáverandi aðildarríkja til að efla samkennd aðildarþjóðanna. Til þess þurfti ekki sérstakt leyfi Evrópuráðsins, enda var það frá upphafi hugmyndin að hann yrði notaður sem tákn Evrópusamstarfs í víðara samhengi.

- aa

FÁNALITA-STRIKAMERKIÐ Tákntilbrigði sem nýtur vaxandi vinsælda.

GOTT VEGANESTI Tarja Halonen, forseti Finnlands, samfagnar liðsmönnum rokksveitarinnar Lordi í Helsinki á föstudag. Evróvisjón-sigurinn er Finnum eflaust gott veganesti í formennskutíð þeirra í ESB.
NORDICPHOTOS/AFP

unin þó ekki liggja fyrir fyrr en eftir leiðtogafundinn um miðjan júní. Finnski forsætisráðherrann, Matti Vanhanen, mun kynna hana í lok júní í finnska þinginu og í byrjun júlí í Evrópuþinginu.

Luoto nefnir þrjú höfuðsvið: Fyrst mál er varða samkeppnishæfni efnahagslífs í ESB (Lissabon-ferlið), þá mál á sviði dóms- og innanríkismála svo sem efling samstarfs saksóknaryfirvalda aðildarríkjanna, en til þess var stofnað (undir heitinu Eurojust) eftir leiðtogafund sem fram fór á fyrra formennskumisseri Finna, í Tammerfors í október 1999. Í þriðja lagi nefnir Luoto að rækt við utanríkistengsl ESB muni halda Finnum mjög uppteknum á formennskumisserinu að þessu sinni. Leiðtoga-samráðsfundur ESB og ASEAN, samtaka Suðaustur-Asíuríkja, verður haldinn í Helsinki í haust. Þá verði einnig á dagskránni mikilvægir tvíhliðaleiðtogafundir milli ESB og Rússlands, Kína, Indlands, Japans, Suður-Kóreu og Kanada.

Luoto segir Finna hafa sérstakan áhuga á því að brýna fyrir ríkisstjórnum kjarnaríkja evru-svæðisins að slá ekki slöku við í umbótum sem bæta myndu samkeppnishæfni efnahagslífsins á svæðinu í heild og ýta undir hagvöxt og nýsköpun. Hann spáir því enn fremur að samskiptin við Rússa verði ofarlega á forgangslistanum, einkum á sviði orkumála.

Háteigsvegi 105 Reykjavík Sími 522 3300 Fax 522 3301 fti@fti.is www.fti.is

FJÖLTÆKNISKÓLI ÍSLANDS

Sérnám á haustönn

- Diplómanám í rekstri og stjórnun, blanda af fjarnámi og lotunámi.
- Fjarnám til 3. stigs vélstjórnar.
- Fjarnám til 1. stigs skipstjórnar.
- Rafvirkjanám fyrir 4. stig vélstjóra, vélfræðinga og nemendur á 4. stigi.

INNRITUN FYRIR HAUSTÖNN

Fjöltækniskóli Íslands býður öfluga og fjölþætta menntun á sviði bók- og verknáms sem gefur verðmæt starfsréttindi samhliða stúdentsprófi.

- Náttúrufræðibraut sem lýkur með stúdentsprófi en veitir jafnframt vélstjórnar- eða skipstjórnarréttindi.
- Skipstjórnarbraut, 1.-3. stig. Alþjóðleg skipstjórnarréttindi.
- Vélstjórnarbraut, 1.-4. stig. Alþjóðleg vélstjórnarréttindi. 4. stigi lýkur með stúdentsprófi.
- Grunnnám í málm- og véltækni.
- Almenn braut.

Nám í Fjöltækniskóla Íslands veitir fjölbreytta atvinnumöguleika til sjós og lands og er áhugaverður kostur fyrir ungt fólk og einnig þá sem vilja sækja sér aukna menntun síðar á lífsleiðinni.

Nám til atvinnuréttinda er lánshæft hjá LÍN.
Innritun fyrir haustönn lýkur 12. júní.

Nánari upplýsingar
Á heimasíðunni okkar **www.fti.is** og í síma **522 3300**. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á **fti@fti.is**.

FJÖLTÆKNISKÓLI ÍSLANDS
TÆKNI VÉLAR SIGLINGAR ÚTVEGUR

AUGLJÓS KOSTUR
VIÐ BÍLAKAUP

Glitnir Fjármögnun býður fjölbreytta kosti við fjármögnun bíla og atvinnutækja.

Eigð'ann

Eignastu bílinn
með hjálp Glitnis

- **Bílalán**
- **Bílasamningur**

Leigð'ann

Greiddu aðeins
fyrir afnot af bílnum

- **Einkaleiga**
- **Rekstrarleiga**

Hafðu samband í síma 440 4400 eða
kynntu þér málið á **www.glitnirfjarmognun.is**

GLITNIR
FJÁRMÖGNUN

skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Að loknum sveitarstjórnarkosningum:

Sigurgleði og brostnar vonir

Sveitarstjórnarkosningarnar eru að baki og frambjóðendur og flokkar ýmist fagna unnum sigri eða sleikja sárin eftir talningarnóttina. Í dag og næstu daga skýrist svo hvernig valdahlutföllin verða í sveitarstjórnum landsins að loknum kosningum og hverjir verða við völd þar næstu fjögur árin, nema þar sem einn flokkur náði meirihluta í gær.

Sveitarfélögum hefur fækkað úr 105 í 79 frá síðustu kosningum og að þessu sinni var sjálfkjörið í aðeins tveimur þeirra, en óhlutbundin kosning í 19. Víða háttar þannig til eftir kosningaúrslitin í nótt að þar er töluverð óvissa um framgang mála, og það er ekki nema á þeim stöðum þar sem einn listi fékk hreinn meirihluta að kjósendur vita nokkurn veginn hvernig verður staðið að málum í þeirra bæjarfélagi á næstu árum. Þar verða menn líka að standa við gefin loforð, og þar er hægt að ganga eftir að þeir efni þau. Þau bæjarfélög eru hins vegar í miklum meirihluta þar sem fleiri en einn flokkur við stjórn og þar þarf að semja um framgang mála. Kjósendur í þessum sveitarfélögum geta því síður gengið að einhverju vísu, en oft vilja stefnuskrár meirihluta þar sem fleiri en einn flokkur koma að málum líkjast miðjumoði og bera þess greinilega merki að um málamiðlun er að ræða.

Framkvæmdagleði sitjandi sveitarstjórna á síðustu tveimur árum setur oft strik í reikninginn hjá nýkjörnum fulltrúum og þrátt fyrir gefin loforð fyrir kosningar tekst ekki alltaf að láta draumana rætast eftir kosningar, þótt menn séu komnir með völdin. Ekki er því allt sem sýnist þrátt fyrir unninn sigur í kosningunum í gær.

Kosningabaráttan var í fyrstu talin frekar dauf, ef miðað er við fyrri kosningar, en þegar á reyndi færðist mikið fjör í hana, ekki aðeins í höfuðborginni, sem augu manna beindust að í síauknum mæli, heldur ekki síður víða um land, þar sem menn börðust hart fram á síðustu stundu. Það er að mörgu leyti æskilegt að kosningabaráttan sé stutt og snörp og þar gegna fjölmiðlar mikilvægu hlutverki. Með aukinni almennri fjölmiðlun, og eftir að flokksblöðin eru horfin af vettangi, gefst kjósendum betra tækifæri en áður til að fá réttar og góðar upplýsingar um stefnu og markmið flokkanna.

Þróun varðandi stærð sveitarfélaga stefnir í rétta átt, en betur má ef duga skal. Samhliða sveitarstjórnarkosningunum í gær voru greidd atkvæði um nöfn á nokkrum nýjum og stærri sveitarfélögum. Ýmis nöfn á sveitarfélögum sem orðið hafa til á síðustu árum hafa átt erfitt upddráttar og stefnir í að svo verði áfram. Gömul og gróin nöfn ættu í sem flestum tilfellum að fá að njóta sín til hægðarauka fyrir heimamenn og aðra landsmenn. Staðreyndin er sú að það tekur langan tíma fyrir ný nöfn að festa sig í sessi meðal almennings og á þá ekki stærsti staðurinn í nýju sveitarfélagi að ráða ferðinni hvað þetta varðar? Þetta getur verið viðkvæmt mál fyrir hina minni, en í málum sem þessum verður að hafa heildina í huga. Þau nöfn sem kjósendur í nýju sveitarfélagi í Þingeyjarsýslum áttu kost á að velja um minna menn ekki beinlínis á Húsavík, stærsta og öflugasta sveitarfélagið á svæðinu, en þá verður að viðurkenna að innan hins nýja sveitarfélags eru líka Kópasker og Raufarhöfn og íbúar þar og í sveitunum ættu í fyrstu erfitt með að viðurkenna nafnið Húsavík, en það myndi venjast.

Sjúkraþjálfun

Spennandi nám án skólagjalda

Skráðu þig í inntökupróf fyrir 1. júní

HÁSKÓLI ÍSLANDS
SJÚKRAÞJÁLFUNARSKOR

Skráning í inntökupróf: www.hi.is
Upplýsingar um inntökupróf: www.laeknadeild.hi.is
Upplýsingar um námið: www.laeknadeild.hi.is

Sjúkraþjálfunarskor – Skógarhlíð 10 – 105 Reykjavík – S: 525 4004

FRÁ DEGI TIL DAGS

Misheppnað

Eftir að nýbúum hafði fjölgað mjög á Vestfjörðum hugkvæmdist aðstandendum eins framboðslista í sveitarstjórnarkosningunum fyrir fjórum árum að bjóða Pólverja eitt af efstu sætum listans til að tryggja stuðning hinna nýju íbúa. Eitthvað stóð þessi ráðstöfun í samlöndum nýja frambjóðandans. Vildu þeir meðal annars vita hvers vegna þessi tiltekni landi þeirra hafði orðið fyrir valinu en ekki einhver annar. Fátt varð um svör enda ekki aftur snúið með uppstillingu á framboðslistann. - Pólverjarnir mættu vel á kjörstað. En skiluðu víst auðu. Stundum hegða kjósendur sér öðruvísi en stjórnmálamenn væntanlega ætlast til.

Hvar er spillingin?

Rammt kvað að meintum kosningasvikum stuðningsmanna Georgs W. Bush á Flórída þegar hann var fyrst kjörinn forseti Bandaríkjanna. Kærur fóru fyrir hæstarétt, sem dæmdi Bush sigur gegn demókratanum Al Gore.
Robert Mugabe, forseti Simbabve, hefur ekki alltaf þótt sýna lýðræðinu skilyrðislausa ást. Honum þótti þó ástæða til að bjóða bandarískum stjórnvöldum aðstoð við eftirlit með framkvæmd kosninga í Bandaríkjunum við þetta tækifæri.
Ef rétt er munað afþakkaði Bush aðstoðina frá Simbabve.

Alvöru kosningaeftirlit

Fjöldi manns, þar á meðal Íslendingar, var við kosningaftirlit í Georgíu árið 2003. Á einum kjörstað við Svartahafið vaktaði Steve nokkur talningaborð, en atkvæðum hafði verið dembt á það úr kjörkössum. Skyndilega varð rafmagnslaust. Steve kastaði sér yfir borðið og gerði sig líklegan til að verja atkvæðahauginn með líkama sínum. Sem hann lá þarna í myrkrinu var hellt yfir hann nýjum atkvæðaseðlum. Hann fálmaði út í loftið og greip í jakka. Sá sem í honum var smokraði sér úr honum og hvarf á braut. Þegar ljósin kviknuðu á ný lá Steve enn á borðinu, með sæg af nýjum atkvæðum ofan á sér og jakka í annarri hendi.
Þegar sögur gerast háværar um óprúttnar aðferðir við atkvæðasmölun eða annað misjafnt í kosningum hér á landi er ef til vill rétt að ráða menn eins og Steve til eftirlits.

johannh@frettabladid.is

Vangaveltur á Spáni og í norðanverðri Afríku

Í DAG
KOSNINGAR

ILLUGI GUNNARSSON

Mér var nokkur vandi á höndum þegar ég settist við tölvuna mína og fór að velta fyrir mér efni þessa pistils. Reglan er sú að pistlinum þarf að skila til blaðsins snemma á laugardagsmorgni. Laugardagurinn er kjördagur og ég hugsaði með mér, hvað er hægt að tala um daginn eftir kosningar annað en úrslit kosninganna? Í því liggur vandinn og sama hvað ég reyni að vera gáfulegur á svipinn, þá kemst ég ekki framhjá þeirri staðreynd að ég hef ekki hugmynd um hvernig kosningarnar munu fara. Ég ræddi þetta við einn vin minn og spurði hann hvað væri til ráða. Hann sagðist hafa verið að lesa bók með þeim merka titli „Vatnsveitur á Spáni og í Norður-Afríku“ og þar sem ég hefði nú einu sinni skrifað um vatn væri alveg tilvalið að skrifa aftur um það efni og nú með hliðsjón af þessari ágætu bók. Ég þakkaði honum kurteisislega fyrir og hugsaði með mér að sá skyldi nú fá frá mér ruglað ráð, þegar hann kæmi næst til mín í líkum erindargjörðum. Ákvað síðan að skrifa um kosningarnar.

Dagur meirihlutaviðræðna

Dagurinn eftir kosningar er ekki síður mikilvægur en kjördagur. Um allt land eru kjörnir fulltrúar okkar að vakna og ekki allir alveg jafn kátir eftir nóttina eins og gengur og gerist. Ég man eftir að hafa hitt undir morgun í síðustu sveitarstjórnarkosningum frambjóðanda sem söng hástöfum, með æðisgengið blik í auga: *Ég er í hreppsnefnd-inni, ég er í hreppsnefnd-inni,* o.s.frv.

En núna er sem sagt runninn upp dagur meirihlutaviðræðna. Auðvitað vonar maður að það séu allir hressir þegar sest er niður og byrjað er að semja. Rekstur sveitarfélaganna er alltaf að verða flóknari og flóknari og fyrir okkur borgarana skiptir miklu að vel sé haldið á málum.

Stjórnmálamennirnir vita og við vitum það vel sjálf að ekkert er ókeypis, en það hljómar bara svo vel. Það þarf að borga fyrir þessa ókeypis hluti eins og aðra og líkt og hendi sé veifað hættum við að vera háttvirtir kjósendur og verðum venjulegir skattgreiðendur.

Kjósendur verða að skattgreiðendum

Ég hef oft hugleitt það af hverju loforð eru flokkuð niður í kosningaloforð og önnur loforð. Það er eins og menn geri einhvern veginn ráð fyrir því að kosningaloforð séu gefin með fingur í kross og annað augað dregið í pung. Þetta er furðulegt því kosningaloforð eru nákvæmlega eins og öll önnur loforð - þau eru loforð. Sennilega er mest við stjórnmálamennina að sakast, loforðin eru gefin hægri vinstri og eftir því sem nær dregur kosningum verða þau stórkarlalegri. En það er líka við okkur kjósendur að sakast. Við göngum ekkert sérstaklega eftir því að kosningaloforðin séu efnd og við virðumst hafa ánægju af því að láta okkur dreyma um alla þessa stórkostlegu hluti sem stjórnmálamennirnir ætla að gera fyrir okkur. Orðið ókeypis heyrðist til dæmis oft í kosningabaráttunni. Ókeypis þetta og ókeypis hitt, listinn var endalaus. Stjórnmálamennirnir vita og við vitum það vel sjálf að ekkert er ókeypis, en það hljómar bara svo vel. Það þarf að borga fyrir þessa ókeypis hluti eins og aðra og líkt og hendi sé veifað hættum við að vera háttvirtir kjósendur og verðum venjulegir skattgreiðendur.

Summa loforðanna

Ég ætla ekki að ganga svo langt að biðjast undan efndum loforða stjórnmálamannanna sem kosnir voru í gær. Hvert fyrir sig eru kosningaloforðin ágæt, en samanlögð kunna þau að vera þjóðarógæfa. Hinir nýkjörnu fulltrúar eru vandaðir og ábyrgir einstaklingar sem vilja þorpunum sínum, hreppunum, bæjunum og borginni sinni vel. En ég vona að nýir sveitarstjórnarmenn hafi það hugfast að sveitarfélögin hafa verið að þenjast út á undanförnum árum. Útgjöld þeirra og fjármálastjórn hefur víða verið með þeim hætti að stjórn efnahagsmála þjóðarinnar hefur liðið fyrir. Launahækkanir hafa til dæmis verið töluvert umfram þær sem hafa verið á almennum markaði og ljóst má vera að ekki verður gengið lengra í þá átt. Útsvarið er komið í topp í mjög mörgum sveitafélögum og skuldir eru miklar. Á þessu eru vissulega undantekningar en þær eru allt of fáar, því miður.

Allir með

Það vakti athygli mína í þessum kosningum að flokkarnir voru duglegir að kynna sig fyrir kjósendum af erlendu bergi brotnu. Þetta er mjög mikilvægt. Innflytjendum hefur farið fjölgandi hér á landi og mun fjölga enn á næstu árum. Miklu skiptir að þeir finni að þeir eru hér velkomnir og að við ætlumst til þess að þeir taki fullan þátt í þjóðlífinu. Hagstofan hafði gefið það út að hún myndi fylgjast sérstaklega með kosningaþátttöku þessara nýju Íslendinga. Mér finnst að stjórnmálaflokkarnir eigi að fylgja þessu eftir á næstu árum og auðvelda sem mest þessum þjóðfélagshópi að taka þátt í stjórnmálalífinu. Þannig stígum við mikilvægt skref í þá átt að koma í veg fyrir ýmis þau vandamál sem til dæmis nágrannaþjóðir okkar hafa þurft að fást við undanfarin ár.

Aðför að starfsheiðri

UMRÆÐAN
GÍSLI SIGURGEIRSSON FRÉTTAMAÐUR SVARAR ANDRA SNÆ MAGNASYNI

GÍSLI SIGURGEIRSSON

Andri Snær Magnason, rithöfundur, hefur undanfarin misseri viðrað skoðanir sínar um álver, virkjanir og nýtingu landsins. Hann hefur flutt mál sitt af einurð og rökvísi, að mínu mati, en í Fréttablaðinu á föstudag ber annað við. Þar sakar hann mig um að hafa notað Húsvíkinga eins og strengjabrúður. Hann segir að ég hafi sett á svið uppákomu í Gamla Bauk, þegar heimamenn fögnuðu samkomulagi stjórnvalda og Alcoa um að kanna hagkvæmni þess, að reisa álver við Húsavík. Allt það sem Andri Snær lætur frá sér fara í þessari grein og snertir aðkomu mína að málinu er uppspuni frá A til Ö. Með þessum málflutningi gerir hann lítið úr sjálfstæðum vilja Húsvíkinga og atar starfsheiður minn auri. Ég mun kanna réttarstöðu mína þegar tími vinnst til. Andra bið ég vel að lifa, en bendi honum á, að Gróa á Leiti hefði jafnvel skammast sín fyrir slíkan óhróður. Ég met hann fyrir það sem hann hefur látið frá sér fara, en þegar menn nota lygina til að skjóta stoðum undir málstað sinn, þá er byggt á sandi.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Pétur Gunnarsson og Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

ERAN/landlist

HM BOLUR
1299 KR.
EITT VERÐ

SERVÖRU VERSLANIR

HM bolir

60% bómull og 40% pólyester
STÆRÐIR Á ÖLLUM BOLUM
116 - 164 OG S-XL

24 BOLTAR

MULLIGAN
1599 KR.
24 BOLTAR

100 té

MULLIGAN
399 KR.
100 TÉ

ÚRVAL LITA

LEIRKER
299 KR.
MEÐ SKÁL

AK LEIRKER
Pottur 18x18x15sm
Undirskál 16x16x1,5 sm

Lækkað verð!

3 LEIRKER Í SETTI
A: 29x29x24 sm
B: 23x23x18 sm
C: 17x17x14 sm

UNDIRSKÁLAR FYLGJA

LEIRKER
749 KR.
3 STK.

Lækkað verð!

BRENNIBOLTAR

BRENNIBOLTI
399 KR.

ÞRJÁR BORDERLINE FERÐATÖSKUR Í SETTI

LYFTILOK
HANDFÖNG
HJÓL
LÁS

TÖSKUSETT
7999 KR.
BORDERLINE

Fínar í ferðina!

FERÐABOX FYRIR DISKANA

Taktu diskana með!

96 DISKA HARÐBOX
799 KR.

96 DISKA HARÐBOX/VESKI

Opið 12.00 - 18.00

sunnudagsbúðir

FROSNAR marineraðar lúðusteikur
1198 KR. KG
frá Norðanfiski

Marineruð lúða

FROSNIR LAXABITAR BEINLAUSIR MEÐ RODI
899 KR. KG

Frosnir beinlausir laxabitar
FRÁBÆRIR Á GRILLIÐ

LAX Á GRILLIÐ
998 KR. KG
BEINLAUS OG MARINERAÐUR FROSINN

Marineraður lax

ÝSUFLÖK MEÐ RODI OG BEINGARÐI
399 KR. KG

Frosin ýsa með roði

BEINLAUS ÝSA -HARÐFISKUR FRÁ SJÓMANNINUM

HARÐFISKUR 230g
999 KR.

Komdu í Bónus!

TÚNFISKSSTEIK
99 KR.
250g

Túnfiskur á grillið eða pönnuna

185g DÓS
69 KR.

Túnfiskur olía/vatn

Túnfiskur í salatið eða pastað

100% NAUTAKJÖT innflutt
10 stykki 100g hamborgarar

10 hamborgarar
899 KR.
1 kíló

4 XL brauð
98 KR.

4 XL BÓNUS
hamborgarabrauð

Vikutilboðin eru á bonus.is

BÓNUS bonus.is

AUDIE MURPHY (1924-1971), LÉST ÞENNAN DAG.

„Þeir sungu á frönsku en lagið var frelsið og allir Bandaríkjamenn geta skilið það.“

Bandaríski hermaðurinn Audie Murphy varð þjóðþekktur í heimalandi sínu fyrir ötula baráttu í seinni heimsstyrjöldinni.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 28. MAÍ 1999

Síðasta kvöldmáltíðin sýnd á ný

Á þessum degi árið 1999 lauk formlega endurbótum á einu frægasta listaverki allra tíma, Síðustu kvöldmáltíð Leonardo da Vinci. Verkið er freska sem máluð er á vegg í borðsal munkanna í klaustrinu Santa Maria delle Grazie nálægt Mílanó.

Leonardo da Vinci málaði verkið á árunum 1495 til 1498. Dregur da Vinci upp þekkta mynd úr Biblíunni þar sem Jesús situr með lærisveinum sínum yfir síðustu kvöldmáltíðinni og lýsir því yfir að einn þeirra muni svíkja hann.

Verkið lifði á veggnum fram á sextándu öld þegar skemmdir fóru að sjást á því. Hnignun þess var hröð og strax um miðja öldina var það talið rústir einar. Nokkrar tilraunir voru gerðar fyrr á öldum til viðgerða á verkinu en telja nú margir að þær hafi einungis gert illt verra. Eftir seinni heimsstyrjöldina kom ný tækni fram á sjónarsviðið sem gaf endurbótum á listaverkum nýja vídd. Tókst þá að stöðva skemmdir Síðustu kvöldmáltíðarinnar þangað til árið 1980 þegar ráðist var í viðamiklar endurbætur á verkinu. Þeim lauk nítján árum síðar, eða þennan dag árið 1999.

SÍÐASTA KVÖLDMÁLTÍÐIN

MERKISATBURÐIR

1800 Konungsúrskurður er gefinn út um að gera skuli vandlegar strandmælingar á öllu landinu. Mælingarnar voru mikið verk og þeim lauk ekki fyrr en 1826.

1959 Tveir apar verða fyrstu lífverurnar til þess að lifa af ferð út í geiminn.

1983 Eldgos hefst í Grímsvötnum í Vatnajökli. Það stóð í fáa daga.

1991 Addis Ababa, höfuðborg Eþíópíu, fellur í hendurnar á uppreisnarmönnum. Þar með lýkur formlega sautján ára marxískri stjórn í landinu.

1998 Pakistanar hefja tilraunir með kjarnorkusprengjur. Vígbúnaðarkapphlaup milli Pakistans og Indlands er í algleymingi.

†

Astrid Ellingsen

verður jarðsungin mánudaginn 29. maí kl. 11.00 frá Dómkirkjunni.

Bjarni Jónsson
Dagný Erna Lárusdóttir Jón Árni Ágústsson
Gísli Örn Lárusson
Sigrún Helga Ragnarsdóttir
Erna Svala Ragnarsdóttir Kristján Sverrisson
börn og barnabörn.

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæru

Dagbjartar Davíðsdóttur

frá Borgarlandi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Elli- og hjúkrunarheimili Grundar fyrir frábæra umönnun og hlýhug.

Halldóra Davíðsdóttir
Kristín Davíðsdóttir
og aðrir aðstandendur.

†

Þökkum vinum, ættingjum og samferðafólki sem sýndu okkur vináttu og samhug vegna fráfalls og útfarar

Hauks Eggertssonar

Barmahlíð 54, Reykjavík.

Lára Böðvarsdóttir
Eggert Hauksson Sigríður Teitsdóttir
Ágústa Hauksdóttir Jónas Ingimundarson
Ása Guðmundsdóttir

og fjölskyldur.

†

Frænka okkar,

Unnur María Jónatansdóttir

lést á Droplaugarstöðum 10. maí sl. Jarðarförin fór fram í kyrrþey 24. maí.

F.h. aðstandenda,

Ástrós Kristinsdóttir
Íris Ragnarsdóttir

SVERRIR NORLAND: NÝSTÚDENT

Mjólkurskáld á eðlisfræðibraut

Nýstúdentinn Sverrir Norland stendur aldeilis á tímamótum þessa dagana. Ekki nóg með að hann hafi útskrifast úr Menntaskólanum í Reykjavík á föstudaginn heldur varð hann einnig í fyrsta sæti í framhaldsskólaflokki Fernuflugs 2006 þar sem nemendur í skólum landsins keppast um að fá ljóð sín birt á mjólkurfernum.

„Kennarinn minn benti mér á þessa keppni og ég sendi inn enska sonnettu og svo bara vann ég. Reyndar tók ég líka þátt í þessari keppni þegar ég var í grunnskóla en þá henti ég bara inn einhverjum grínljóðum rétt áður en umsóknarfresturinn rann út, en þau voru líka valin á mjólkurfernu,“ segir Sverrir og bætir við að í ljósi þessarar velgengni hljóti hann að geta talist sannkallað mjólkurskáld.

„Ég er reyndar ekki mikið ljóðskáld og sem eiginlega bara ljóð fyrir svona keppnir,“ segir Sverrir glettilega. Leikrit, sögur og lagatextar hafa frekar verið hans svið og ekki vantar hann heldur viðurkenningarnar fyrir þá iðju. „Ég og félagi minn unnum örleikritasamkeppni framhaldsskólana bara núna um daginn og svo kemur þetta bara rétt á eftir. Við sömdum líka leikrit í grunnskóla og unnum Skrekk, hæfileikakeppni grunnskólanna.“

Ekki kemur á óvart að á nýlokinni útskrift í MR hafi Sverrir fengið verðlaun fyrir íslenskukunnáttu og ritfærni. „Reyndar er ég að útskrifast af eðlisfræðibraut en hugsa að ég haldi ekki áfram á þeim nótunum. Mér finnst mjög sennilegt að ég fari í bókmenntir í háskólanum en ég er samt svo sem ekkert búinn að ákveða um það.“ Aðspurður um hvernig gangi að samræma ritlistina og eðlisfræðina segir Sverrir að það hafi gengið ágætlega en varla meira en það. „Eiginlega fer það ekkert voðalega vel saman þar sem ég hef kannski ekki jafn mikinn áhuga á eðlisfræðinni og hinu.“

Sumarið verður heldur ekki undirlagt af eðlisfræðinni heldur verður listsköpunin þar í aðalhlutverki. „Svo vill svo skemmtilega til að ég fékk skapandi sumarstarf hjá Reykjavíkurborg ásamt félaga mínum leikritaskáldinu,“ segir Sverrir en skáldið það gengur einnig undir nafninu Sagnadansarinn Dóri. Hera vinkona sagnadansarans er einnig í hópnum sem ber heitið Tríóið taumlausa og kemur til með að koma fram í sumar með leik- og tónlistargjörninga. „Listinni verða ekki sett nein takmörk í hópnum. Hún bara flæðir fram,“ segir Sverrir og hlær.

SVERRIR NORLAND Þótt Sverrir sé nýstúdent af eðlisfræðibraut hefur hann verið iðinn við listsköpunina á menntaskólaárum sínum og varð á dögunum í fyrsta sæti í framhaldsskólaflokki Fernuflugs 2006. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Friðrik Ársæll Magnússon

frá Höskuldarkoti, fv. forstjóri Steypustöðvar Suðurnesja, Grundarvegi 2, Ytri-Njarðvík,

sem lést sunnudaginn 21. maí, verður jarðsunginn frá Ytri-Njarðvíkurkirkju þriðjudaginn 30. maí kl. 14.00.

Ada Elísabet Benjamínsdóttir
Benjamín Friðriksson Birna Magnúsdóttir
Baldur Friðriksson Lilja Björnsdóttir
Magnús Friðriksson María Sigurðardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR Í MIKLU ÚRVALI

Steinsmiðjan MOSAIK
Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is

ANDLÁT

Guðleif Jóhannsdóttir, frá Siglufirði, lést á heimili sínu í Grimsby 19. apríl. Útförin hefur farið fram.

Aðalbjörg Jóakimsdóttir, frá Hnífsdal, Drápuhlíð 27, lést á Hrafnistu í Reykjavík 25. maí.

Jóhann Eggert Jóhannsson, vélstjóri og pípulagningameistari, Lerkihlíð 9 í Reykjavík, lést á Landspítalanum Fossvogi 24. maí.

Oddrún Sigurðardóttir, frá Miðhúsaseli í Fellum, búsett í Danmörku, lést 16. maí.

Andrés Hafliðason, flugvirki, Háaleitisbraut 22 í Reykjavík, varð bráðkvaddur 25. maí.

Andrés Gunnarsson, Erluhrauni 10 í Hafnarfirði, lést á Landspítalanum 25. maí.

Kjartan J. Hallgrímsson, Tjörnum, Skagafirði, lést á Sjúkrahúsi Sauðárkróks 24. maí.

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

María Jónsdóttir

Víðilundi 20, Akureyri,

lést í Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri 24. maí. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 2. júní kl. 13.30. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

Anna Guðmundsdóttir Guðmundur Lárusson
Svanhildur Guðmundsdóttir Hallur Albertsson
Jón Þór Guðmundsson Hildur Jóhannsdóttir
Elín Guðmundsdóttir Hermann Haraldsson
Þorsteinn Guðmundsson Hildur Sigurðardóttir
ömmu og langömmubörn.

Skiptibóka markaður

Office 1

OPIÐ TIL KLUKKAN 21.00

Aðeins í Office 1 Skeifunni 17

Mánudaginn 29. og þriðjudaginn 30. maí verða skiptibókadagar Office 1 í Skeifunni 17.

Allir sem koma til okkar og skipta bókunum sínum fara í pott og geta unnið glæsilega vinninga.

Vinningar eru:

- **HP** stafræn myndavél.
- Gjafabréf frá **Office 1**.
- Árs áskrift á **bresku tímariti** að eigin vali.
- **Case Logic** fartölvu- og myndavélatöskur.
- **Verbatim** minnislyklar.
- Flott **skrifborð** og **skrifborðsstóll**.

Sértilboð á tölvum frá HP. Allir sem kaupa HP Pavillion tölvu* þessa daga fara í pott og geta unnið ferð fyrir 4 á tónleika Rolling Stones í London.

*gildir um þær tölvur sem eru á sértilboði.

Hundrað fyrstu viðskiptavinir skiptibókamarkaðarins fá bíómiða á myndina Runaway Vacation með grínaranum Robin Williams.

og Coca-Cola verða með grillveislu frá kl.16.00.

Gildir 29. og 30. maí 2006. Birt með fyrirvara um myndbrengl og prentvillur.

Office 1 Superstore

Frakkar veðja á kjarnorkuna

Í Frakklandi eru 59 kjarnaofnar í notkun í 19 orkuverum víðs vegar um landið. Kjarnorkuverin sjá Frökkum fyrir nærri 80 prósentum allrar raforku sem þeir nota. *Auðunn Arnórsson* kynnti sér kjarnorkumál í Frakklandi og heimsótti kjarnorkuendurvinnslustöðina í **La Hague** í Normandí.

FLAMANVILLE-KJARNORKUVERIÐ Í NORMANDÍ Hér á nýr EPR-kjarnaofn að bætast við þá eldri árið 2012. Fyrsti slíki nýjustu-kynslóðar-kjarnaofninn er að rísa í Finnlandi. Það glittir í La Hague-endurvinnslustöðina á nesinu í baksýn. NORDICPHOTOS/AFP

Vegna fyrirséðrar aukningar orkunotkunar í heiminum á næstu áratugum og ekki síður vegna Kyoto-markmiðanna um að minnka losun gróðurhúsalofttegunda gera yfirvöld í Frakklandi nú frekar ráð fyrir að auka nýtingu kjarnorkunnar á komandi árum en að draga úr henni. Margt kemur þar til.

Bætt tækni

Ný kynslóð kjarnaofna, sem Frakkar og Þjóðverjar hafa þróað í sameiningu, á á næstu áratugum að taka smám saman við þeim kjarnaofnum sem nú eru í notkun í Frakklandi, en líða fer að lokum líftíma hinna elztu þeirra í kringum árið 2020.

Fyrsti kjarnaofninn af þessari nýju gerð, svonefndur EPR-ofn (European Pressurised Water Reactor), á að komast í gagnið í Flamanville-kjarnorkuverinu í Normandí árið 2012. Reyndar verða Finnar fyrstir til að taka slíkan ofn í notkun, en smíði hans stendur nú yfir á eynni Olkiluoto við vesturströnd Finnlands. Þar er fyrir kjarnorkuver með tveimur kjarnaofnum sem byggðir voru í kringum árið 1980. Nýi kjarnaofninn á að byrja að skila raforku inn á finnska raforkukerfið árið 2009 og þá mun hlutfall kjarnorku í raforkuframleiðslu í Finnlandi fara upp í um 34 prósent, úr ríflega fjórðungi.

Yfir 30 lönd nýta kjarnorku til raforkuframleiðslu. Alls voru í árslok 2004 440 kjarnaofnar í notkun svo vitað sé, og framleiddu þeir um 16 prósent alls rafmagns í heiminum.

Afkastageta eins EPR-kjarnaofns er um 1.600 megawött. Til samanburðar má geta þess að samanlögð afkastageta allra orkuvera Landsvirkjunar er 1.212 megawött. EPR-kjarnaofn eins og sá sem nú stendur til að smíða í Flamanville getur fullnægt raforkuþörf um einnar milljónar manna. EPR-ofninn á að vera bæði öruggari en sú kynslóð þrýstivatns-kjarnaofna sem nú er í notkun í flestum kjarnorkuverum heims, og um 17 prósnet nýtnari á kjarnorkueldsneytið sem brennt er í honum.

Jafnframt þróun EPR-kjarnaofnsins er í gangi fjölþjóðleg samvinna um þróun sjálfbærrar kjarnorkutækni framtíðarinnar, svonefndrar fjórðu kynslóðar kjarnorkuvera, sem vonast er til að komist geti í gagnið í kringum árið 2040 (háhitaofnar o.fl.). Til lengri tíma litið er vonast til að tæknileg lausn finnist sem geri það mögulegt að virkja orku kjarnasamruna, ekki aðeins kjarnaklofnings. Kjarnasamruni er sá orkugjafi sem knýr sólina.

Traust á öryggi lykilatriði

Rétt er að geta þess að keðjuverkun af því tagi sem olli kjarnorkuslysinu í Tsjernobyl í Úkraínu fyrir 20 árum á ekki að geta gerst í kjarnaofnum af þeirri gerð sem notaðir eru í kjarnorkuverum Vesturlanda. Formælendum kjarnorkunnar þykir því súrt í broti að margt fólk hafni algerlega friðsamlegri nýtingu kjarnorkunnar vegna slyss sem hefði ekki getað komið fyrir í þeim kjarnorkuverum sem notuð eru á Vesturlöndum. Vissulega hafa slys einnig orðið í vestrænum kjarnorkuverum (Three Mile Island í Bandaríkjunum 1979) og aldrei er hægt að útiloka hættuna á að geislavirk efni leki út frá kjarnorkuverum eða kjarnorkuendurvinnslustöðvum. En þau óhöpp sem orðið hafa eru víti til varnaðar og hafa stuðlað að stöðugt bættum öryggisráðstöfunum. Afstaða fólks til kjarnorkuvera mótast því gjarnan af því hvort það ber traust til öryggisráðstafananna eða ekki.

Úrgangur erfiðasta vandamálið

Andstaða við kjarnorkuna byggir þó á fleiru en Tsjernobyl-slysinu. Að enn skuli ekki vera fundin varanleg og sjálfbær lausn á því hvað gera skuli við geislavirkan úrgang, sem fellur til í kjarnorkuverum, er alvarlegasta vandamálið. Helmingunartími geislavirkustu úrgangsefnanna er svo langur að komandi kynslóðir munu þurfa að sitja uppi með hann.

Aðrir hafna kjarnorkunni vegna hernaðarlegrar notkunar hennar. Formælendur friðsamlegrar nýtingar hennar benda aftur á móti á, að það sé auðveldara að fela búnað til framleiðslu kjarnorkuvopna en að misnota kjarnorkuver til framleiðslu á kjarnorkusprengjum. Því sé ekki rökrétt að hafna friðsamlegri nýtingu kjarnorkunnar vegna möguleikans á hernaðarlegri nýtingu hennar.

Annar áhættuþáttur er hryðjuverk. Tækist óvönduðum mönnum að koma höndum yfir geislavirkan úrgang gætu þeir notað hann til hryðjuverka (gert svonefnda „skítuga sprengju“). Sérfræðingar segja að vísu að lítil hætta væri á kjarnorkuslysi ef flugvél væri flogið á kjarnorkuver, en augljóslega myndi slíkt hryðjuverk geta skapað mikinn glundroða. Endurbætur á þeim kjarnorkuverum sem nú eru í notkun miða því ekki síst að því að lágmarka þessa hættu; það sama gildir vitaskuld um hönnun orkuvera framtíðarinnar.

Hámarkar auðlindanýtingu

Frakkar ákváðu snemma að freista þess að endurnýta eldsneytið úr kjarnorkuverum sínum. Þeir ákváðu árið 1959 að koma upp tilraunaaðstöðu til þess í La Hague í Normandí. Slík starfsemi hófst þar árið 1967 en stöðin náði núverandi stærð ekki fyrr en á níunda áratugnum, þegar komið var upp búnaði til að endurvinna kjarnorkueldsneyti frá ýmsum löndum – aðallega Þýzkalandi, Sviss, Hollandi og Japan, auk Frakklands. Um helmingur starfseminnar er helgaður þjónustu við frönsku kjarnorkuverin en hinn helmingurinn erlendum viðskiptavinum; alls um þrjátíu aðilum. Nærri 6.000 manns vinna við stöðina.

Stöðin stendur á skaga út í Ermarsund, skammt frá hafnarborginni Cherbourg og brezku Ermarsundseyjunum Jersey, Sark og Guernsey. Eyjarnar eru reyndar svo nærri að þegar greinarhöfundur var leiddur inn í aðalbyggingu endurvinnslustöðvarinnar duttu skilaboðin „Velkominn til Jersey“ inn í farsímann hans.

Stöðin stendur lengst úti á skaga, umkringd fagurri náttúru, klettóttri strönd og iðagrænum ökrum. Hún nær yfir rúmlega þriggja ferkílómetra svæði sem girt er margfaldri öryggisgirðingu. Gestum er bannað að taka ljósmyndir nema með sérstöku leyfi.

Byggingarnar sem sjást á svæðinu eru aðeins „toppurinn á ísjakanum“; megnið af starfseminni fer fram í húsnæði sem sprengt er inn í harðan klettinn. Þar er búnaður til að taka á móti flutningshylkjum fyrir notaðar eldsneytisstangir úr kjarnorkuverum, geyma þær í þar til gerðum laugum. Þá er þar búnaður til að hluta eldsneytisstangirnar í sundur og meðhöndla þannig að um 96 prósent alls brennda kjarnorkueldsneytisins verður endurnýtanlegt með endurtekinni auðgun. Fjögur prósentin sem eftir verða eru að mestum hluta lág- og miðlungsgeislunarúrgangur, en um tíundi hluti þeirra er geislavirkasti úrgangurinn með lengsta helmingunartímann. Hann er bræddur inn í gler og geymdur til bráðabirgða í þar til gerðum málmhylkjum.

Með hinni kostnaðarsömu endurnýtingu kjarnorkueldsneytis er nýting þess hámörkuð. La Hague-stöðin getur afkastað endurvinnslu um 1.700 tonna af notuðum eldsneytisstöngum á ári, sem samsvarar eldsneytinu úr 90-100 kjarnaofnum. Frá því stöðin hóf starfsemi hefur hún endurunnið um 20.000 tonn af eldsneyti. Það umdeildasta við starfsemina eru flutningarnir á kjarnorkuúrgangi til hennar og frá.

Ekki lokageymslustaður

La Hague er ekki lokageymslustaður úrgangs. Sá úrgangur sem fellur til af endurunnu kjarnorkueldsneyti erlendra orkuvera er endursendur til viðkomandi landa. Franski úrgangurinn er geymdur til bráðabirgða í miðstöðvum ANDRA, kjarnorkuúrgangs-meðhöndlunarstofnun Frakklands. Hylkin með geislavirkasta úrganginum er geymdur djúpt neðanjarðar en þó þannig að hægt er að sækja þau ef einhvern tímann í framtíðinni skyldi finnast tæknileg lausn á því að gera þennan úrgang óskaðlegan.

Ein geymslustöðin fyrir lággeislavirkan úrgang er reyndar við La Hague-stöðina en henni hefur verið endanlega lokað. Talsmenn Areva-samsteypunnar, sem er í eigu franska ríkisins og rekur La Hague-stöðina, fullyrtu við okkur blaðamennina sem heimsóttu stöðina að engin geislamengun væri frá henni. Við spurðum líka fólk sem býr og starfar rétt hjá henni hvað þeim þætti um að hafa þessa umdeildu starfsemi við bæjardyrnar hjá sér.

Bifvélavirki og kennslukona, tveggja barna móðir, urðu fyrir svörum. Þau sögðust hafa sára-



KJARNORKUENDURVINNSLUSTÖÐIN Í LA HAGUE Laurence Pernot, yfirmaður upplýsingaskrifstofu La Hague-stöðvarinnar í Normandí, við aðalhlið stöðvarinnar. LJÓSMYND/AUÐUNN

RÖK MEÐ OG Á MÓTI

Stöðugt orkuflæði, engin loftmengun

Helztu rökin með kjarnorku:
Hún skilar stöðugu orkuflæði yfir langt tímabil, sem tryggir stöðugt verðlag og áreiðanleika orkuafhendingar.
Hún er óháð innflutningi kolefnaeldsneytis frá löndum sem lúta óstöðugri stjórn.
Hún veldur engri loftmengun. Eina gróðurhúsalofttegunda-losunin sem kjarnorkuver valda fellur til við smíði þeirra.
Kjarnorkuver taka lítið pláss miðað við það magn orku sem þau framleiða.

Helztu rökin á móti:
Geislavirki úrgangurinn sem fellur til í kjarnorkuverum. Helmingunartími geislavirkasta úrgangsins er svo langur að mannkynið mun sitja uppi með hann um ókomnar aldir – nema einhvern tímann reynist unnt að þróa tækni sem geri úrganginn skaðlausan.
Hættan á að geislavirk efni leki út frá kjarnorkuverum.
Hættan á að óvandaðir menn reyni að nota geislavirkan úrgang til hryðjuverka.
Hættan á hryðjuverkaárás á kjarnorkuver, til dæmis með flugvél.
Og loks hættan á að kjarnorkueldsneyti verði misnotað til framleiðslu kjarnorkuvopna.

allt atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

VARÐSTJÓRI Á VAKTINNI

Þórdís Sigurðardóttir tók nýverið við starfi aðalvarðstjóra í flugstjórnarmiðstöð Reykjavíkur. Hún segir starfið spennandi.

ATVINNA 6

Himinn og haf / SÍA

Þjónustufulltrúi

SPRON óskar eftir að ráða traustan þjónustufulltrúa í þjónustuver SPRON.

Helstu verkefni

- Öll almenn fjármálaþjónusta til viðskiptavina SPRON sem hafa samband við þjónustuver í gegnum síma, tölvupóst eða netsíður.
- Upplýsinga- og fjármálaráðgjöf.
- Kynning og sala á vörum og þjónustuleiðum SPRON.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Viðskiptamenntun eða önnur sambærileg menntun.
- Frumkvæði, skipulagshæfileikar og rík þjónustulund ásamt hæfni í mannlegum samskiptum.
- Reynsla og/eða áhugi á markaðs- og sölumálum.
- Reynsla af bankastörfum æskileg.

SPRON byggir samkeppnishæfni sína á ábyrgu og hæfu starfsfólki sem nýtur sjálfstæðis í starfi, ávinnur sér traust viðskiptavina og veitir þeim framúrskarandi lipra og skjóta þjónustu.

Upplýsingar um starfið veitir Sigrún Hildur Guðmundsdóttir, forstöðumaður þjónustuvers SPRON. Umsóknir óskast sendar á netfangið starfsmannathjonusta@spron.is fyrir 7. júní næstkomandi. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

spron
www.spron.is

Tækjamaður á vélskóflu

Björgun óskar eftir að ráða tækjamann á vélskóflu. Fyrirtækið framleiðir og selur efni til framkvæmda s.s. ýmsar gerðir af sandi og möl í garða, skeljasand á tún, fyllingarefni o.fl.

Starfssvið:
- Vinna á vélskóflu
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:
- Full vinnuvélaréttindi
- Reynsla af vinnu við slíkar vélar æskileg
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Vinnutími er frá 07:30-18:00/18:30. Til aukavinnu getur komið um helgar. Um framtíðarstarf er að ræða.

Umsóknarfrestur er til og með 2. júní nk.

Fyrirspurnum um starfið er eingöngu svarað hjá Ráðningarþjónustunni.

Umsjón með starfinu hefur Ellen Tryggvadóttir ráðgjafi, ellen@radning.is

RÁÐNINGAR ÞJÓNUSTAN
...framtíðin er ráðin

Krókháls 5a • Sími 588 7700
www.radning.is • radning@radning.is

Skólameistari

Nýstofnaður Menntaskóli Borgarfjarðar óskar að ráða skólameistara. Skólinn hefur starfsemi sína haustið 2007.

Við leitum að kraftmiklum einstaklingi til að leiða metnaðarfullt starf í nýjum skóla.

Starfssvið skólameistara:
- Undirbúningur fyrir skólastarf, mannaráðningar, námsskrárgerð
- Stefnumótun
- Rekstrarleg stjórnun
- Skipulagning og stofnun nemendafélags
- Samskipti við ráðuneyti og stjórn Menntaskólans
- Skipulagning skólaaksturs
- Samskipti við stjórnendur grunnskóla á svæðinu

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Kennsluréttindi og kennslureynsla á framhaldsskólastigi
- Stjórnunarreynsla æskileg
- Leiðtogahæfni og drifkraftur
- Metnaður og frumkvæði
- Hæfni í samskiptum

Menntaskóli Borgarfjarðar ehf. verður einkarekinn skóli og verður meginverkefni hans að vera tilraunaskóli varðandi þriggja ára nám til stúdentsprófs. Gert er ráð fyrir eftirtöldum brautum: félagsfræðabraut náttúrufræðibraut, listabraut, almennri braut og braut fyrir fatlaða nemendur. Einnig er gert ráð fyrir fullorðinsfræðslu í skólanum. Gert er ráð fyrir að þriðja ár á félagsfræði og náttúrufræðibraut fari að einhverju leyti fram í samstarfi við Viðskiptaháskólann á Bifröst og Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri. Gera má ráð fyrir að nám á listabraut tengist m.a. Tónlistarskóla Borgarfjarðar.

Um inntökuskilyrði gildi almenn viðmið menntamálaráðuneytisins.

Gert er ráð fyrir að í hverjum árgangi nemenda á svæðinu séu 75 nemendur. Á fyrsta ári má búast við að innritist 50 nemendur og fullsetinn gæti skólinn orðið 150-200 nemenda skóli. Gert er ráð fyrir að skólaakstur verði við skólann úr sveitum hins nýja sveitarfélags.

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@img.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildursif@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 11. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.

Borgartúni 27, 105 Reykjavík, Sími 540 7100, mannafl@img.is
Skipagötu 16, 600 Akureyri, Sími 461 4440, www.mannafl.is
Strandgötu 53, 735 Eskifirði, Sími 540 7140, www.img.is

ÍSAFJARÐARBÆR

Lausar kennarastöður við grunnskóla Ísafjarðarbæjar

Grunnskólar Ísafjarðarbæjar eru fjórir, á Ísafirði, Suðureyri, Flateyri og Þingeyri með nemendafjölda frá 40-540. Í skólum bæjarins er lögð áhersla á ánægju nemenda og þroska þeirra og um leið að mæta mismunandi þörfum nemenda, m.a. með sveigjanlegu skólastarfi og einstaklingsmiðaðra námi en áður. Áhersla er á samstarf milli skóla, en þó sjálfstæði og fjölbreytni í skólastarfi. Grunnskólar Ísafjarðarbæjar vinna saman gegn einelti eftir áætlun Olweusar. Ísafjarðarbær er bær í sókn sem hefur margt að bjóða, m.a. góða þjónustu, leikskóla, öflugt íþróttastarf, tónlistarskóla, menntaskóla og ótakmarkaða landslagsfegurð.

Grunnskólinn á Ísafirði

Lausar stöður eru við kennslu samfélags- og raungreina á unglingastigi og 50% staða í tæknimennt.

Grunnskólinn á Þingeyri

Lausar stöður eru í umsjónarkennslu hjá 3.-8. bekk, almennri kennslu á öllum stigum, heimilisfræði, tölvukennslu, tæknimennt og tónmennt.

Grunnskólinn á Flateyri

Lausar stöður eru í umsjónarkennslu á yngsta og miðstigi. Einnig er laus staða við íþróttakennslu.

Grunnskólinn á Suðureyri

Lausar stöður eru við kennslu á yngsta stigi, mynd- og handmennt, tungumálum og íþróttum.

Allar nánari upplýsingar veita skólastjórar og/eða grunnskólafulltrúi sem jafnframt taka á móti umsóknum.
Skólastjóri á Ísafirði er Skarphéðinn Jónsson, s. 450-3100, netfang: skarpi@isafjordur.is
Skólastjóri á Suðureyri er Magnús S. Jónsson, s. 456-6129, netfang: msj@snerpa.is
Skólastjóri á Þingeyri er Ellert Örn Erlingsson, s. 456 8106, netfang: ellert@isafjordur.is
Skólastjóri á Flateyri er Skarphéðinn Ólafsson s. 456-7670, netfang: skarpio@isafjordur.is
Grunnskólafulltrúi Iðunn Antonsdóttir s. 450-8000, netfang: grunnskolafulltrui@isafjordur.is

Umsóknarfrestur er til 9. júní 2006.

Síminn leitar að kraftmiklum einstaklingum í hugbúnaðarþróun og viðskiptaráðgjöf. Hér gefst frábært tækifæri til þátttöku við mótun og uppbyggingu samhents hóps einstaklinga sem mun bjóða viðskiptavinum Símans alhliða þjónustu í þróun hugbúnaðar og ráðgjöf í viðskiptalausnum. Ef þú vilt breyta til, takast á við nýja hluti og taka þátt í frumkvöðlastarfi er þetta svo sannarlega tækifæri fyrir þig. Í boði eru spennandi verkefni í skemmtilegum hópi starfsmanna þar sem liðsandi og árangur eru í fyrirrúmi.

Við leitum að ráðgjöfum í viðskiptahugbúnaði, forriturum og tæknifólki.

Ráðgjafar í viðskiptalausnum

Ráðgjafar eru leiðandi aðilar í innleiðingu og þjónustu staðlaðra viðskiptakerfa sem og útfærslu viðskiptaferla hjá viðskiptavinum. Ráðgjafar vinna með viðskiptavinum að úrlausn verkefna og reyna ætíð að miða að hagkvæmustu og bestu úrlausn þeirra mála sem fyrir liggja.

Æskileg reynsla og kostir ráðgjafa:
· Að hafa tekið þátt í innleiðingu viðskiptahugbúnaðar s.s. Oracle, SAP, MBS
· Að geta unnið sjálfstætt sem og í hópi
· Samskiptahæfileikar
· Skapandi hugsun
· Háskólamenntun
· Mikil reynsla af fjárhags-, mannauðskerfum og vörustýringu
· Þjónustulund, metnaður og lipurð
· Reynsla af verkefnastjórnun

Forritarar

Forritarar vinna við aðlögun og sérsmíði viðskiptahugbúnaðar. Forritari vinnur þétt með ráðgjöfum við útfærslu ferla og veitir þeim tæknilegar ráðleggingar.

Æskileg reynsla og kostir forritara:
· Menntun á sviði tölvunar- og kerfisfræða
· Fljótur að tileinka sér nýja hluti
· Að geta unnið sjálfstætt sem og í hópi
· Skjót og örugg vinnubrögð
· Þjónustulund, metnaður og lipurð
· Þekking og reynsla í gagnagrunnum Oracle og/eða MS-SQL
· Þekking og reynsla í forritunarmálum s.s. Delphi, C++, Java og PL/SQL

Sérfræðingar í gagnagrunnum og kerfishugbúnaði

Tæknifólk hefur umsjón með rekstri gagnagrunna og kerfismiðlurum og annast uppsetningu og stillingu búnaðarins.

Æskileg reynsla og kostir tæknifólks:
· Menntun á sviði tölvunar- og kerfisfræða
· Reynsla á sviði kerfisstjórnunar (DBA) í Oracle og/eða MS-SQL
· Reynsla í Unix, Sun eða Linux stýrikerfum
· Þjónustulund, metnaður og lipurð
· Að geta unnið sjálfstætt sem og í hópi

Umsóknarfrestur er til 2. júní.

Upplýsingar í síma 550 6470 frá kl. 14.00-16.00 alla virka daga. Í umsókn skal koma fram lýsing á náms- og starfsferli sem og nöfn og símanúmer meðmælenda. Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir, fyrirspurnir og persónulegar upplýsingar.

Umsóknir skulu berast á rafrænu formi í gegnum heimasíðu Símans, **www.siminn.is**

Hjá Símanum starfar samstilltur hópur framúrskarandi starfsmanna sem hafa gildin fimm að leiðarljósi: traust, heilindi, lipurð, einfaldleiki og eldmóður. Óskað er eftir snillingum með hæfileika sem falla að þessari lýsingu til að slást í hópinn!

800 7000 - **siminn.is**

Ný sérverslun
Xirena Concept Store

á Skólavörðustíg óskar eftir jákvæðum einstaklingi, 20 ára eða eldri, í 70-100% **afgreiðslu- og verslunarstjórastarf**.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Góð framkoma og söluhæfileiki, ásamt brennandi áhuga á tísku og hönnun, eru nauðsynleg.

Áhugasamir sendi umsókn og ferilskrá fyrir föstudaginn 2. júní á **xirena@xirena.is**
Fullum trúnaði heitið. Öllum umsóknum svarað.

xirena

Xirena ehf er nýtt íslenskt fyrirtæki sem sérhæfir sig í tísku- og textílhönnun á heildstæðri vörulínu fyrir konur undir vörumerkinu **Xirena**, ásamt framleiðslu, sölu og markaðssetningu.

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

Sumarstarf í góðum hópi
Sumarstarfsmenn

Vantar strax jákvæða og duglega starfsmenn í allt sumar. Fjölbreytt störf í matsal og við matargerð sem krefjast sjálfstæðra vinnubragða og henta einstaklingum sem hafa áhuga á mat og eiga gott með mannleg samskipti.
Vaktstjóri í matsal Hringbraut, 100% vaktavinna frá kl. 08:30-20, unnið er aðra hvora helgi. Í starfinu felst umsjón í matsal við matarskömmtun á skömmtunarlínu, áfylling á salatbar, frágangur og þrif.
Starf í eldhúsi 100% vaktavinna kl. 07-15 og 12-20 eða 08:30-20, unnið er aðra hvora helgi. Í starfinu felst aðstoð við matargerð, matarskömmtun á færibandi, frágangur og þrif. Íslensku kunnátta nauðsynleg.
Upplýsingar veitir Friðgerður Guðnadóttir, starfsmannastjóri eldhúss – matsala, Hringbraut, í síma 543 1604, netfang fridgerd@landspitali.is og skulu umsóknir sendar til hennar.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Umsóknareyðublöð fást í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, skrifstofu starfsmannamála Eiríksgötu 5, á heimasíðu www.landspitali.is. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
Landspítali – háskólasjúkrahús er reyklaus vinnustaður.

Tæknimaður
Netuppsetningar & IP Símkerfi

Svar tækni óskar eftir að bæta við sig starfsmanni í fullt starf

Starfið felur í sér:

- Uppsetningar á netkerfum hjá viðskiptavinum
- Uppsetningar á IP símkerfum hjá viðskiptavinum
- Þjónusta við núverandi viðskiptavini í IP símkerfum

Viðkomandi þarf að hafa áhuga og þekkingu á Windows server umhverfi og þeirri netþjónustu sem því fylgir.
Einnig hafa áhuga á uppsetningu á IP símkerfum.
Hafa ríka þjónustulund og geta komið fram fyrir hönd félagsins hjá viðskiptavinum þess.
Þekking og reynsla er æskileg en reiknað er með að viðkomandi öðlist reynslu og þekkingu í starfi og á námskeiðum á vegum þess.

Svar tækni er framsækið fyrirtæki með 14 starfsmenn í fullu starfi. Fyrirtækið rekur verslun með tæknivörur, s.s. tölvur, sjónvörp, skjái, síma o.fl.
Einnig er öflug þjónustudeild og verkstæði hjá fyrirtækinu.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf í Júní/Ágúst eða eftir nánara samkomulagi.

Umsóknarfrestur er til 6. júní 2006

Umsóknum skal skila til:
Svar tækni ehf.
Síðumúla 37
108 Reykjavík
eða á umsokn@svar.is

svar tækni

Síðumúla 37 - s: 510-6000 - www.SVAR.is

Tölvunarfræðingur

VEGAGERÐIN

Staða verkefnastjóra hjá upplýsingartæknideild Vegagerðarinnar í Reykjavík er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

Starfssvið:
- Skipulagning og umsjón með hugbúnaðarþróun, skipulag gagnamála og aðstoð við innsetningu gagna í veggagnabanka ásamt birtingu þeirra
- Aðstoð og kennsla til starfsmanna sem skrá gögn í gagnabanka
- Gerð tillagna um þróun veggagnabanka
- Viðhald og nýting loftmynda og stafrænna korta í upplýsingakerfum Vegagerðarinnar

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Tölvunarfræðingur eða verkfræðingur með sérhæfingu á sviði tölvu- og hugbúnaðarverkfræði
- Góðir samstarfshæfileikar

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@img.is) og Guðlaugur Arnarsson (gudlaugura@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 12. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.

Borgartúni 27, 105 Reykjavik, Sími 540 7100, mannafl@img.is
Skipagötu 16, 600 Akureyri, Sími 461 4440, www.mannafl.is
Strandgötu 53, 735 Eskifirði, Sími 540 7140, www.img.is

Viðskipta-fræðingur

FASTEIGNAFÉLAGIÐ STOÐIR HF.

Fasteignafélagið Stoðir hf. óskar eftir að ráða viðskiptafræðing til starfa á fjármálasvið félagsins. Viðkomandi heyrir undir fjármálastjóra og vinnur náið með honum og aðalbókara félagsins.

Starfið felst í:
- Gerð ársreikninga og milliuppgjöra hjá móðurfélagi ásamt innlendum og erlendum dótturfélögum skv. alþjóðlegum reikningsskilastöðlum IFRS
- Skattamál og VSK mál
- Ýmis verkefni í fjármálasviði, s.s. umsjón með greiðslu erlendra lána, áætlanagerð, samskipti við kauphöll, skuldabréfakerfi o.fl.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Viðskiptafræðingur af reikningshalds- og endurskoðunarsviði kostur
- Starfsreynsla af endurskoðunarstofu eða reynsla af sambærilegu starfi æskileg
- Færni í Excel
- Nákvæm og skipulögð vinnubrögð

Fasteignafélagið Stoðir hf. er stærsta fasteignafélag á Íslandi með margar af bestu verslunar- og þjónustufasteignum á sinni hendi, s.s. Kringluna. Félagið hefur um 500.000 fermetra í sinni eigu og þar af vaxandi hluta á Norðurlöndum.
Fasteignafélagið Stoðir hf. sérhæfir sig í útleigu fasteigna til traustra leigutaka til langs tíma.

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

Umsjón með starfinu hafa Sigrún Ýr Árnadóttir (sigrun@img.is) og Guðríður D. Hálfdanardóttir (gauja@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 4. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.

Borgartúni 27, 105 Reykjavik, Sími 540 7100, mannafl@img.is
Skipagötu 16, 600 Akureyri, Sími 461 4440, www.mannafl.is
Strandgötu 53, 735 Eskifirði, Sími 540 7140, www.img.is

MS REYKJAVÍK

Mjólkurbílstjóri
Sumarafleysing

MS Reykjavík, óskar eftir að ráða bílstjóra í sumarafleysingar við söfnun og flutning mjólkur frá mjólkurframleiðendum á Vesturlandi til Reykjavíkur.

Nánari upplýsingar veitir Páll Svavarsson í síma 569-2200.
Hægt er að senda umsóknir á netfangið
starfsmannasvid@ms.is

FRAMTAK BLOSSI ehf

Óskar eftir bifvélavirkja/nema

Til starfa á bifreiðaverkstæði. Aðalverksvið bilanagreining og viðgerðir á eldsneytiskerfum dieselvéla.
Spennandi starf fyrir menn með áhuga á rafeindabúnaði og tölvustýringum.

Framtak-Blossi er eini viðurkenndi þjónustuaðilinn á Íslandi fyrir BOSCH eldsneytiskerfi „Bosch Diesel Center"

Uppl. gefur Björn Berg í símum 847 0771 - 565 2556
bjorn@framtak.is

vinna.is atvinnumiðlun

Kíktu á vinna.is

Ferðaþjónustan á Hveravöllum

Starfsmaður óskast til starfa við ferðaþjónustuna á Hveravöllum frá 10. júní til 31. ágúst 2006. Í starfinu felst að taka á móti hestahópum og önnur þjónustustörf. Skilyrði umsækjanda eru enskukunnátta, að viðkomandi sé vanur hestum, dugnaður og heiðarleiki. Umsóknir berist til Fréttablaðsins merkt: Hveravellir, eða á tölvupóstfangið hér að neðan, eigi síðar en fimmtudaginn 1. júní 2006.

Opin allt árið
Gisting í 2 skálum, fyrir allt að 70 manns í svefnpokaplássi.
Heit náttúrulaug í friðsælu umhverfi
Bensínafgreiðsla

HVERAVELLIR

Bókanir og nánari upplýsingar í síma 894-1293 eða senda tölvupóst á hveravellir@hveravellir.is

Samskip hf. eru ört vaxandi flutningafyrirtæki sem býður viðskiptavinum sínum upp á alhliða flutninga og tengda þjónustu hvert sem er og hvaðan sem er í heiminum. Samskip starfrækja skrifstofur og dótturfélög beggja vegna Atlantshafsins og starfa þannig á alþjóðlegum flutningamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa nú um 1400 manns á 59 skrifstofum í 23 löndum.

STARFSMENN Í ÍSHEIMA ÓSKAST

Við leitum að dugmiklum og samviskusömum starfsmönnum til starfa í Ísheimum, frystivörumiðstöð Samskipa.

Hæfniskröfur
Reynsla af vöruhúsa- og lyftaravinnu er kostur en ekki skilyrði. Gerð er krafa um stundvísi, nákvæmni og sjálfstæð vinnubrögð. Umsækjandi skal hafa fágaða framkomu, vera þjónustulundaður og samviskusamur og hafa hreint sakavottorð.

Áhugasamir
Vinsamlegast fyllið út umsókn á vef Samskipa, www.samskip.is (veljið "Störf í Ísheimum – auglýst staða 28.05.06") fyrir 6. júní nk.
Nánari upplýsingar veitir Finnbogi Gunnlaugsson, rekstrarstjóri, í síma 858 8560.

Um er að ræða sumarafleysingastörf með möguleika á fastráðningu.

SAMSKIP

Kjalarvogi • 104 Reykjavík • Sími 458 8000 • Fax 458 8100 • samskip.is

MÓTTÖKUSTJÓRI

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu Móttökustjóra lausa til umsóknar.Umsóknarfrestur er til 2. júní 2006. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: **http//iceland.usembassy.gov.**

SALT

Veitingastaðurinn býður uppá einstaklega fjölbreyttan matseðil með alþjóðlegu yfirbragði og einungis fyrsta flokks hráefni. Á barnum er boðið uppá úrval spennandi smárétta ásamt drykkjum í afslöppuðu og þægilegu umhverfi.

Við leitum að:

Matreiðslumönnum

Við leitum að fólki í hlutastarf og fullt starf!

Senda skal inn umsóknir fyrir 01.05. 2006.

SALT Restaurant - is looking for a person to work breakfast food preparation for hotel guests on the weekends.

Working hours are 6.00 – 13.00 Saturdays and Sundays. Persons interested or with food preparation experience are welcome to visit the restaurant and learn more about the details.

Contact person:
Raggi Omarson, yfirmatriðslumaður/executive chef
ragnar.omarsson@radissonsas.com
gsm: 822 9019
sími: 599 1000
Radisson SAS 1919 Hotel
Pósthússtræti 2, 101 Reykjavik
1919.reykjavik.radissonsas.com

Hátækni

Hátækni er leiðandi fyrirtæki í sölu og þjónustu á fjarskiptabúnaði og þjónar viðskiptavinum sínum með gæði, þekkingu og heilindi að leiðarljósi. Hátækni er skemmtilegur vinnustaður með gott starfsfólk sem leggur sig fram um að viðhalda góðum starfsanda.

Nú eru lausar þrjár stöður í þjónustudeild.
Góð laun eru í boði fyrir rétta einstaklinga.
Störfin henta vel fólki af báðum kynjum á öllum aldri.

- **Rafeindavirki / tæknimaður.**
- **Fulltrúi í bakvinnslu**
- **Fulltrúi í afgreiðslu**

Við leitum að röskum og hæfum einstaklingum sem hafa áhuga á samskiptatækni nútíðar og framtíðar.
Hæfniskröfur
- Heiðarleiki
- Samskiptahæfni
- Samviskusemi
- Tölvu- og vélritunarkunnátta
- Íslensku og enskukunnátta
- Þjónustulund
- Skipulögð og öguð vinnubrögð

Nánari upplýsingar um störfin gefur
Bjarni H. Kristjánsson.
Umsóknir ásamt ferilskrám óskast sendar á netfangið
halli@hataekni.is

www.hataekni.is

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
Aðstoðarleikskólastjóri

Staða aðstoðarleikskólastjóra við leikskólann Álfastein er laus til umsóknar.

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn til að leiða áfram og taka þátt í góðu faglegu samstarfi í skólanum og hafa að leiðarljósi að gott leikskólastarf má ávallt bæta.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leikskólakennarapróf
- Framhaldsmenntun og/eða reynsla á sviði stjórnunar æskileg
- Frumkvæði og samstarfsvilji.
- Góðir skipulagshæfileikar.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sé reiðubúinn til að leita nýrra leiða í leikskólastarfi.
- Hafi áhuga og/eða reynslu til að leiða þróunarstarf í átt að einstaklingsmiðuðu námi.

Umsókninni skal fylgja greinargóð skýrsla um störf umsækjanda og menntun, stjórnunarreynslu og hver þau verkefni sem hann hefur unnið við og varpað geta ljósi á færni hans til að sinna stjórnunarstarfi.

Allar upplýsingar um stöðuna veitir Inga Líndal,leikskólastjóri í síma 555 6155/664 5839, *alfasteinn@hafnarfjordur.is* og Magnús Baldursson, fræðslustjóri í síma 585 5500 *magnusb@hafnarfjordur.is*
Umsókn ber að skila á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, Strandgötu 31, 220 Hafnarfjörður og er umsóknarfrestur til og með 15. júní..

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í **sima 585 5500** og á heimasíðunni **www.hafnarfjordur.is**

Fallegur staður
Frábært veður
Fjölskylduvænt umhverfi

Kirkjubæjarskóli á Síðu auglýsir eftir skólastjóra og kennurum

Skólastjórastaða við Kirkjubæjarskóla á Síðu er laus til umsóknar
Meginhlutverk skólastjóra er að stýra og bera ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri skólans og að veita honum faglega forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
Leitað er að umsækjanda sem:
- Hefur stjórnunarhæfileika og reynslu af stjórnun og/eða stjórnunarmenntun.
- Er með kennaramenntun.
- Hefur reynslu af kennslu og vinnu með börnum og unglingum.
- Er lipur í mannlegum samskiptum.

Grunnskólakennarar
Lausar eru til umsóknar kennarastöður við Kirkjubæjarskóla á Síðu. Við leitum að metnaðarfullum kennurum á mið- og unglingastig, m.a. til að kenna íslensku, náttúrufræði og samfélagsfræði. Einnig vantar kennara í handmennt og smíðar.

Allar upplýsingar veitir Gunnsteinn R. Ómarsson, sveitarstjóri, í síma 487-4840 eða 893-5940. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans, www.kbs.is, og á heimasíðu Skafárhrepps, www.klaustur.is. Umsóknir sendist á netfang sveitarstjori@klaustur.is eða í pósti merktar: Skaftárhreppur, Starfsumsókn, Klausturvegi 15, 880 Kirkjubæjarklaustur.
Umsóknarfrestur er til 9. júní 2006.

Kirkjubæjarklaustur er aðeins í um 250 km. fjarlægð frá Reykjavík og góðar heilsárssamgöngur eru á milli. Á þessum fallega stað er að finna alla nauðsynlega þjónustu og engar biðraðir, hvort heldur er um að ræða pláss á leikskólanum eða á golfvellinum. Enginn verður svikinn af því að flytja á Klaustur.

Sölustjóri

spron FACTORING

SPRON Factoring hf. leitar eftir sölustjóra til að leiða sölustarfsemi félagsins á uppbyggingartíma. Hlutverk sölustjóra skal m.a. felast í að byggja upp söluteymi hjá SPRON Factoring hf. og virkja það starfsfólk sem starfar að sölumálum félagsins. Sölustjóri skal vera leiðandi söluaðili og bera jafnframt ábyrgð á því að nýir viðskiptavinir okkar fái þá þjónustu sem þeim ber.

SPRON Factoring starfar á sviði fjármögnunar, áhættustýringar og lánsviðskipta en fyrirtækið hét áður Midt Factoring á Íslandi hf. Nýlega eignaðist SPRON meirihluta hlutafjár í fyrirtækinu en það er enn í nánu samstarfi við stærsta Factoring fyrirtæki Danmerkur, Midt Factoring A/S, sem eiga um 20% hlut í félaginu. Factoring þjónusta hefur vaxið á heimsvísu síðustu árin um 30% á ári og fjölmörg spennandi tækifæri eru framundan.

Markmið okkar er að stækka fyrirtækið markvisst og gera okkur kleift að stækka með okkar viðskiptavinum. Við höfum sömu hagsmuni og okkar viðskiptavinir sem felst m.a. í því að hjálpa okkar viðskiptavinum að byggja upp traustan hóp viðskiptavina.

Við leitum að einstaklingi sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:
- Marktæk reynsla af sölustörfum
- Viðskiptamenntun eða sambærilega menntun er æskileg en ekki skilyrði
- Þekking á íslensku atvinnulífi er æskileg
- Þarf að geta unnið sjálfstætt og undir álagi
- Reynsla af verkefnastjórnun er æskileg
- Reynsla af rekstri fyrirtækja er kostur en ekki skilyrði
- Viðkomandi þarf að eiga mjög auðvelt með mannleg samskipti og vera skipulagður

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

Umsjón með starfinu hafa Sigrún Yr Árnadóttir (sigrun@img.is) og Guðlaugur Arnarsson (gudlaugura@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 4. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.

Borgartúni 27, 105 Reykjavik, Sími 540 7100, mannafl@img.is
Skipagötu 16, 600 Akureyri, Sími 461 4440, www.mannafl.is
Strandgötu 53, 735 Eskifirði, Sími 540 7140, www.img.is

Ertu alþjóðlegur?

AON

AON er alþjóðlegt fyrirtæki í ráðgjafa- og tryggingageiranum. Fyrirtækið AON er eitt af 250 stærstu fyrirtækjum á Fortune 500 listanum, með 500 skrifstofur í 120 löndum og 47000 starfsmenn.

Lögfræðingur

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Lögfræði, Cand.Jur
- Þekking á fjármála- og tryggingaumhverfi
- Góð enskukunnátta skilyrði
- Gott vald á rituðu máli
- Frumkvæði, sjálfstæði í starfi

Fjármálasérfræðingur

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Viðskipta- hagfræði, verkfræði eða tæknimenntun
- Reynsla af fjármálastýringu kostur
- Þekking á áhættustýringu kostur
- Þekking á tryggingamarkaði kostur
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar@img.is) og Guðlaugur Arnarsson (gudlaugur@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 4. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.

Borgartúni 27, 105 Reykjavik, Sími 540 7100, mannafl@img.is
Skipagötu 16, 600 Akureyri, Sími 461 4440, www.mannafl.is
Strandgötu 53, 735 Eskifirði, Sími 540 7140, www.img.is

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

Fjöldi nýrra starfa á www.mannafl.is

Borgartúni 27, 105 Reykjavik, Sími 540 7100, mannafl@img.is
Skipagötu 16, 600 Akureyri, Sími 461 4440, www.mannafl.is

Sæktu um spennandi starf hjá Brimborg

www.brimborg.is

Við leitum að kraftmiklu fólki til ýmissa starfa - Skoðaðu laus störf á www.brimborg.is
Þú sækir um á netinu, www.brimborg.is. Núna.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Spennandi störf

Framtíðarstörf

› Viljum ráða áhugasama og duglega einstaklinga í ýmis framtíðarstörf hjá fyrirtækinu vítt og breitt um landið.

Sumarafleysingar

› Einnig viljum við ráða sumarafleysingafólk í akstur, á verkstæði og í verslanir hér og hvar um landið.

› **Húsasmiðjuskólinn:** Við rekum skóla þar sem starfsmenn sækja námskeið. Haldin eru um 100 námskeið á ári og námsvísir er gefinn út vor og haust.

› **Starfsmannafélag:** Hjá okkur er öflugt starfsmannafélag sem sér um skemmtanir fyrir starfsmenn og fjölskyldur þeirra, íþróttaviðburði og leigu sumarhúsa.

› **Heilsuefling:** Húsasmiðjan og starfsmannafélagið styðja við heilsurækt starfsmanna.

› **Viðskiptakjör:** Við bjóðum starfsmönnum góð kjör.

Umsóknir berist til Thelmu Guðmundsdóttur, **thelmag@husa.is**. Hægt að nálgast umsóknareyðublöð á skrifstofu eða í verslunum okkar eða sækja um á heimasíðu okkar, **www.husa.is**.

Húsasmiðjan hf. er stærsti söluaðili byggingarvara á Íslandi og eitt af 25 stærstu fyrirtækjum landsins. Húsasmiðjuverslanirnar eru 20 talsins um land allt. Í verslunum okkar höfum við á boðsstólnum yfir 80 þúsund vörutegundir - allt frá grunni að góðu heimili. Hjá Húsasmiðjunni hf. starfa að jafnaði um 700 manns á öllum aldri og við leggjum mikla áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi.

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

ÍSLENSK ERFÐAGREINING

Rannsóknir

Íslensk erfðagreining leitar að sérfræðingum til starfa á erfðarannsóknarsviði fyrirtækisins. Um er að ræða krefjandi og áhugaverð störf við umfangsmiklar skimanir á breytileika í erfðamenginu (e. genome-wide association studies).

Leitað er að einstaklingum með háskólamenntun (B.Sc.) á sviði líffræði, lífefnafræði, erfðafræði, efnafræði eða lífeindafræði. Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu af starfi á rannsóknarstofu.

Við leitum að metnaðarfullum og röskum einstaklingum sem eiga auðvelt með að vinna með öðrum.

Umsækjendur eru beðnir að skila umsóknum gegnum umsóknavef á heimasíðu Íslenskrar erfðagreiningar (www.decode.is).

ÍSLENSK ERFÐAGREINING

Starf flugumferðastjóra er gefandi og spennandi.

Komin aftur í hringiðuna

Þórdís Sigurðardóttir flugumferðarstjóri tók við starfi aðalvarðstjóra í flugstjórnarmiðstöð Reykjavíkur á síðasta ári. Hún segir að starfið sé bæði gefandi og spennandi.

Þórdís tók við starfi aðalvarðstjóra í flugstjórnarmiðstöð Reykjavíkur í desember á síðasta ári en hún er fyrsta konan sem gegnir þessu starfi. „Starfið felst í því að sjá um daglega stjórnun í flugstjórnarmiðstöðinni þar sem flugi í innanlandsdeild og flugi yfir Norður-Atlantshafið er stjórnað," segir hún.

Áður en Þórdís tók við starfi aðalvarðstjóra var hún búin að starfa sem flugumferðarstjóri í tuttugu ár. „Síðustu tíu árin starfaði ég hjá þjálfunardeild og kenndi flugumferðarstjórn svo ég var ekki inn í sjálfri flugstjórnarmiðstöðinni. Eftir að ég tók við starfi aðalvarðstjóra er ég aftur komin inn í salinn í flugstjórnarmiðstöðinni og inn í hringiðuna sjálfa sem er mjög gaman."

Þórdís segir að til þess að læra flugumferðastjórn sé skilyrði að vera með stúdentspróf og góða enskukunnáttu. „Flugumferðarstjórar læra ýmist hérlendis eða erlendis og það fer eftir því hvort að flugmálastjórn er með mannskap til þess að kenna hérna heima. Flugumferðarstjórn er þriggja til fimm ára nám en hún er kennd með hléum þar sem unnið er á milli. Eftir tvö ár fá nemendur fá ákveðin réttindi sem þeir vinna með í eitt ár áður en þeir fara í framhaldsnám."

Þórdís segir að starf flugumferðarstjóra sé mjög skemmtilegt. „Starfið er mjög gefandi og spennandi og það er alltaf eitthvað í gangi. Starfið byggist upp á vaktavinnu og kosturinn við það er sá að þegar þú ferð heim að loknum vinnudegi þá tekur einhver annar við og þú ert ekki að taka starfið með þér heim."

emilia@frettabladid.is

Framtíðarstarf

Timburverkstæði

› Óskum eftir að ráða trésmið eða laghentan mann til framtíðarstarfa við plötusög á verkstæði okkar.

Hæfniskröfur eru þjónustulund, áhugi, metnaður og heiðarleiki.

› **Húsasmiðjuskólinn:** Við rekum skóla þar sem starfsmenn sækja námskeið. Haldin eru um 100 námskeið á ári og námsvísir er gefinn út vor og haust.

› **Starfsmannafélag:** Hjá okkur er öflugt starfsmannafélag sem sér m.a. um skemmtanir fyrir starfsmenn og fjölskyldur þeirra, íþróttaviðburði og leigu sumarhúsa.

› **Heilsuefling:** Húsasmiðjan og starfsmannafélagið styðja við heilsurækt starfsmanna.

› **Viðskiptakjör:** Við bjóðum starfsmönnum góð kjör.

Umsóknir berist til Thelmu Guðmundsdóttur, **thelmag@husa.is**, Holtagörðum, 104 Reykjavík. Einnig er hægt að nálgast umsóknareyðublöð á skrifstofu eða í verslunum okkar. Hægt er að sækja um á heimasíðu Húsasmiðjunnar, **www.husa.is**.

Húsasmiðjan hf. er stærsti söluaðili byggingarvara á Íslandi og eitt af 25 stærstu fyrirtækjum landsins. Húsasmiðjuverslanirnar eru 20 talsins um land allt.

Í verslunum okkar höfum við á boðsstólnum yfir 80 þúsund vörutegundir - allt frá grunni að góðu heimili.

Hjá Húsasmiðjunni hf. starfa að jafnaði um 700 manns á öllum aldri og við leggjum mikla áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi.

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

Í fjarvinnu er upplýsingatækni yfirleitt notuð.

Kjör og réttur fólks í fjarvinnu

Kjarasamningur um fjarvinnu hefur verið undirritaður milli ASÍ og SA.

Samningur sem Alþýðusamband Íslands og Samtök Atvinnulífsins gengu frá þann 5. maí sl. er samhljóða Evrópukjarasamningi um sama efni sem undirritaður var 16. júlí 2002. Hann tryggir starfsmönnum í fjarvinnu sömu réttindi og sambærilegum starfsmönnum í starfsstöð atvinnurekanda. Í samningnum er fjallað um upptöku fjarvinnu, ráðningarkjör, verndun rafrænna gagna, vernd einkalífs, búnað, aðbúnað og hollustuhætti. Einnig skipulag vinnunnar og tengsl við aðra starfsmenn, þjálfun og margt fleira. Hann tekur gildi 1. júní næstkomandi.

KÖGUN

Er kominn tími á breytingar ?

Vegna stóraukinna verkefna leitum við nú til þín.
Okkur vantar úrvals fólk til að slást í hópinn og fást við fjölbreytt verkefni af ýmsum toga.

Hugbúnaðarfólk – Samþætting upplýsingakerfa

Samþætting upplýsingakerfa hefur verið áherslusvið hjá Kögun hf. allt frá árinu 2000. Beitt er verkfærum frá webMethods, Tibco og Microsoft og unnið með það sem fremst gerist í þessari tækni í dag. Við vinnum að nú að umfangsmiklum verkefnum á þessu sviði fyrir innlendan og erlendan markað og sjáum fram á mikla aukningu verkefna á næstunni.

Við leitum að verkfræðingum, tölvunarfræðingum og kerfisfræðingum með reynslu af hugbúnaðargerð í fjölbreyttu umhverfi. Ef þú hefur góða þekkingu eða reynslu á sviði gagnagrunna, Java/J2EE, XML/XSLT, .NET eða forritun viðskiptakerfa á borð við MBS-Navision, MBS-XAL, Axapta eða SAP og vilt vinna við það sem efst er á baugi í upplýsingatækni og rafrænum viðskiptum þá er þetta starf fyrir þig.

Ráðgjöf – Verkefnastjórn

Fjöldi viðskiptavina leitar til Kögunar með ýmis ráðgjafarverkefni í upplýsingatækni. Við önnumst auk þess hönnun og smíði hugbúnaðarkerfa fyrir flest stærstu fyrirtæki landsins.
Við leitum að einstaklingum með staðgóða reynslu í hönnun og smíði hugbúnaðar til að sinna ráðgjöf og verkefnastjórn í hugbúnaðargerð og verkefnum tengdum upplýsingatækni. Um er að ræða bæði almenna ráðgjöf til viðskiptavina og stjórn upplýsingatækniverkefna.

Við bjóðum góð laun og gott starfsumhverfi í Reykjavík. Við tryggjum símenntun í starfi og leggjum okkur fram við að tryggja starfsfólki okkar trausta framtíð þar sem það hefur tök á að fást við spennandi verkefni í góðum hópi samstarfsfólks. Hjá Kögun vinnum við eftir gæðakerfi sem er vottað skv. ISO 9001.

Nánari upplýsingar um störfin eru veittar hjá Kögun hf í síma 580-9200 eða kogun@kogun.is.

*Vinsamlegast sendið umsóknir með upplýsingum um aldur, menntun og fyrri störf til Kögunar h.f., Lynghálsi 9, 110 Reykjavík eða á hemasíðu Kögunar **www.kogun.is** fyrir 6 júní n.k. merktar: **„Kögun"** og viðeigandi starfi*

GÓÐAR BYLGJUR Í LOFTINU

BYLGJAN 20 ÁRA

Í tilefni af 20 ára afmæli Bylgjunnar hafa ýmsar breytingar verið gerðar á útliti og starfsemi Bylgjunnar. Bylgjan hefur fengið andlitslyftingu með nýju merki og hljómar nú enn betur. Létt 96,7 heitir nú Létt Bylgjan, en einnig hafa bæst við nýjar stöðvar, Gull Bylgjan og Ný Bylgjan. Þú getur fundið þína Bylgju á bylgjan.is eða Digital Ísland.

Bylgjan heldur sínu striki eftir 20 ára starfsemi með fréttum, fróðleik og bestu tónlistinni. Bylgjan er send út á FM 98,9, bylgjan.is og Digital Ísland.

BYLGJAN 989 · LÉTT BYLGJAN 967 · GULL BYLGJAN VEFRADIO · NÝ BYLGJAN VEFRADIO

Plastprent hf.
Fosshálsi 17-25 • Sími 580 5600

Verkamenn

Óskast til starfa sem fyrst. Mikil vinna framundan.
Um er að ræða vaktavinnu, þrískiptar dag, kvöld og næturvaktir.
Góð laun í boði fyrir rétta aðila.
Áhugasamir sendi inn umsókn á villi@plastprent.is
eða hafið samband við Vilhjálm í síma 894 2977

KAFFITÁR

Kaffitár leitar af öflugum liðsmönnum í gott starfslið

Verslunarstjóri

Leitað er að verslunarstjóra fyrir kaffihús/kaffibúð okkar Stapabraut 7, Njarðvík.

Starfssvið:
- Ábyrgð og umsjón með daglegum rekstri staðarins.
- Sala og framreiðsla á kaffidrykkjum og meðlæti.
- Sala á úrvalskaffi og öðru vöruframboði.
- Umsjón með mótttöku á hópum.
- Innkaup á vörum fyrir staðinn.
- Umsjón með starfsmannahaldi og ráðningum.
- Skipulagning og umsjón með listsýningum sem haldnar eru á staðnum.

Hæfniskröfur:
Leitað er að áreiðanlegum, skipulögðum og jákvæðum einstakling sem getur unnið sjálfstætt. Reynsla af rekstri er æskileg ásamt frumkvæði í starfi. Metnaður, áhugi og þjónustulund eru skilyrði.

Afleysingar og hlutastörf

Leitað er að einstaklingum í afleysingar og hlutastörf á kaffihús okkar í flugstöðinni og á Stapabraut í Njarðvík.

Starfssvið:
- Sala á úrvalskaffi og öðru vöruframboði.
- Framreiðsla á veitingum og kaffidrykkjum.
- Þrif og ræstingar.

Hæfniskröfur:
Leitað er að áreiðanlegum og jákvæðnum einstaklingum sem geta unnið sjálfstætt. Metnaður, áhugi og þjónustulund eru skilyrði. Starfsmenn fá ómetanlega starfsþjálfun og kennslu í fagi kaffibarþjónsins.

Skilafrestur umsókna er til föstudagsins 2. júní. Skriflegum umsóknum má skila á kaffihús Kaffitárs Stapabraut 7 eða með tölvupósti á ***lilja@kaffitar.is***. Frekari upplýsingar veitir Lilja Pétursd. í síma 696-8805.

Kaffitár ehf., stofnsett árið 1990, rekur kaffibrennslu og kaffihús í aðalstöðvum sínum í Njarðvík þar sem einnig er boðið upp á kaffismökkun og námskeið. Auk þess má finna kaffibúðir/kaffihús í Bankastræti, Kringlunni, í Þjóðminjasafninu í Reykjavík og í Leifsstöð. Kaffitár hefur með frumkvæði og forystu lagt sitt af mörkum til fjölbreytileikans í kaffilífi þjóðarinnar. Kaffitár er reyklaus vinnustaður án vínveitinga www.kaffitar.is

Samskip hf. eru ört vaxandi flutningafyrirtæki sem býður viðskiptavinum sínum upp á alhliða flutninga og tengda þjónustu hvert sem er og hvaðan sem er í heiminum. Samskip starfrækja skrifstofur og dótturfélög beggja vegna Atlantshafsins og starfa þannig á alþjóðlegum flutningamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa nú um 1400 manns á 59 skrifstofum í 23 löndum.

STARFSMENN Á VÉLAVERKSTÆÐI ÓSKAST

Viðgerðamenn á vélaverkstæði
Fastráðning

Um er að ræða almennt viðhald bifreiða, vagna, lyftara og annarra tækja fyrirtækisins. Leitað er eftir dugmiklum, áhugasömum og samviskusömum starfsmönnum með iðnmenntun eða reynslu af viðgerðum. Um framtíðarstarf er að ræða. Gerð er krafa um að viðkomandi sé með hreint sakavottorð.

Vinsamlegast fyllið út umsókn á vef Samskipa fyrir 6. júní 2006, www.samskip.is (veljið „Viðgerðamaður – auglýst staða 28.05.06").
Allar nánari upplýsingar veitir Sigurður G. Jóhannsson, rekstrarstjóri í síma 458 8590 eða 858 8590.

Aðstoðarmaður á vélaverkstæði / smyrjari
Sumarafleysing

Um er að ræða starf við almennt viðhald, þrif og smurþjónustu bifreiða, vagna, lyftara og annarra tækja fyrirtækisins. Aðstoð við alla almenna viðgerða- og viðhaldsvinnu á tækjum fyrirtækisins.

Leitað er að dugmiklum og samviskusömum starfsmanni. Reynsla af almennri verkstæðisvinnu eða smurþjónustu er kostur en ekki skilyrði. Um sumarstarf er að ræða. Umsækjandi skal hafa hreint sakavottorð.

Vinsamlegast fyllið út umsókn á vef Samskipa fyrir 6. júní 2006, www.samskip.is (veljið „Aðstoðarmaður á vélaverkstæði / smyrjari – auglýst staða 28.05.06").
Allar nánari upplýsingar veitir Sigurður G. Jóhannsson, rekstrarstjóri í síma 458 8590 eða 858 8590.

SAMSKIP

Kjalarvogi • 104 Reykjavík • Sími 458 8000 • Fax 458 8100 • samskip.is

Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja ef blaðið berst ekki.

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

REYKJAVÍK

Mjólkurbílstjóri

Sumarafleysing

MS Reykjavík, óskar eftir að ráða bílstjóra í sumarafleysingar við söfnun og flutning mjólkur frá mjólkurframleiðendum á Vesturlandi til Reykjavíkur.

Nánari upplýsingar veitir Páll Svavarsson í síma 569-2200.
Hægt er að senda umsóknir á netfangið
starfsmannasvid@ms.is

Sumarstörf í veiðihúsi

Okkur vantar tvo röska einstaklinga til sumarstarfa í veiðihús.

Í boði er fjölbreytt sumarstarf í fallegu umhverfi í Borgarfirðinum. Veiðihúsin eru einungis í 1,5 klst. akstursfjarlægð frá Reykjavík.

Störfin felast í aðstoð í eldhúsi, þjónustu í sal og þrifum á húsunum. Unnið er eftir ákveðnu vaktaskipulagi og skal starfsfólk vera á staðnum á meðan það er á vakt.

Hæfniskröfur
- Rík þjónustulund
- Færni í mannlegum samskiptum
- Snyrtimennska
- Sveigjanleiki

Umsóknir skulu fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 5. júní nk. Númer starfs er **5551**.

Upplýsingar veitir Ásthildur Guðlaugsdóttir.
Netfang: asthildur@hagvangur.is.

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.i

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

ASKJA

Vegna aukinna umsvifa óskar Bílaumboðið ASKJA eftir að ráða fleiri starfsmenn

Bílaumboðið ASKJA leitar að bifvélavirkjum, vélvirkjum og rafvirkjum til starfa á bílaverkstæði ÖSKJU á Laugavegi 170 í Reykjavík og á nýtt atvinnubílaverkstæði ÖSKJU við Skútahraun í Hafnarfirði. Bifvélavirkjar, vélvirkjar og rafvirkjar sinna fjölbreyttum verkefnum sem lúta að viðgerðum og viðhaldi á vöru- og fólksbílum. ASKJA er ungt og kröftugt félag í örum vexti og því er um afar spennandi tækifæri að ræða.

Ábyrgð og verkefni:
- Öll almenn viðhalds- og viðgerðarvinna
- Meðhöndlun bilanagreina
- Uppfletting í handbókum framleiðanda
- Deilir þekkingu með starfsfélögum

Hæfniskröfur:
- Reynsla af viðgerðum á vöru- og fólksbílum
- Áhugi og þekking á vöru- og fólksbílum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð tungumálakunnátta

Vinsamlegast sendið umsókn og ferilskrá fyrir 5. júní 2006, til Valdísar Arnórsdóttur starfsmannastjóra, á netfangið va@askja.is, Ágúst Guðmundsson, þjónustustjóra, á netfangið agg@askja.is, eða í gegnum heimasíðu okkar, www.askja.is.

Mercedes-Benz

ASKJA er viðurkennt sölu- og þjónustuumboð Mercedes-Benz á Íslandi. ASKJA tók við umboði fyrir DaimlerChrysler AG, framleiðanda Mercedes-Benz bifreiða á Íslandi, 1. mars 2005 og hefur staðist að fullu gæðastaðla Mercedes-Benz. ASKJA leggur mikla áherslu á framúrskarandi þjónustu við viðskiptavini sína og gott vinnuumhverfi fyrir starfsfólk.

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

Hjúkrunarfræðingar

Hjúkrunarfræðingar óskast til starfa með hjúkrunarsveit Landspítala – háskólasjúkrahúss

Nýr og spennandi starfsvettvangur fyrir hjúkrunarfræðinga.

Hjúkrunarsveit LSH tekur til starfa 1. september 2006. Um er að ræða nýja starfsemi innan Landspítala - háskólasjúkrahúss. Hjúkrunarfræðingar hjúkrunarsveitar munu starfa á hinum ýmsu deildum spítalans bæði á einstökum vöktum og vegna tímabundinna verkefna. Um er að ræða spennandi og krefjandi starf þar sem umsækjandi mun sinna mjög fjölbreytilegum verkefnum í klínískri hjúkrun. Vinnuhlutfall getur verið breytilegt og vinnutími sveigjanlegur.

Boðið er upp á sérskipulagt námskeið í upphafi starfs og þjálfunartíma á gjörgæslu- og bráðadeildum sjúkrahússins. Umsækjendur skulu hafa a.m.k. 3ja ára starfsreynslu í hjúkrun. Við leitum að framsæknum hjúkrunarfræðingum sem eru tilbúnir að koma og vinna á nýjum vettvangi þar sem krafist er sjálfstæðra vinnubragða, haldgóðrar þekkingar í hjúkrun og góðra samskiptahæfileika.
Umsóknarfrestur er til 12. júní 2006 og umsækjendur þurfa að geta hafið störf 1. september 2006.

Umsóknir berist til Dagbjartar Þyri Þorvarðardóttur, deildarstjóra 24C Hringbraut og veitir hún jafnframt upplýsingar í síma 543 3297, netfang dthyri@landspitali.is.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Umsóknareyðublöð fást í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, skrifstofu starfsmannamála Eiríksgötu 5, á heimasíðu www.landspitali.is. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala - háskólasjúkrahúsi. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Landspítali - háskólasjúkrahús er reyklaus vinnustaður.

RAFLOFT www.rafloft.is

ÓSKUM EFTIR RAFVIRKJA TIL STARFA

Þarf að hafa:
- þekkingu á stjórnbúnaði og töflusmíði
- frumkvæði og sjálfstæði í vinnu

umsóknir sendist á rafloft@rafloft.is fyrir 9. júní

Verslunarstarf

Pfaff-Borgarljós óska eftir að bæta við starfsmanni í góða liðsheild í verslun sinni.

Pfaff-Borgarljós er rótgróið fyrirtæki sem býður upp á fjölbreytt vöruúrval og leggur sérstaka áherslu á persónulega þjónustu við viðskiptavini sína. Meðalstarfsævi hjá fyrirtækinu er löng.

Starfið felst í sölu á ljósum, raftækjum o.fl. Starfið hentar ekki síður konum en körlum og er æskilegur aldur 30-45 ára. Áhugi á fallegum hlutum og hönnun er kostur. Framundan eru spennandi tímar hjá fyrirtækinu, mikill uppgangur og nýjungar, og því þörf fyrir hressan starfsmann sem fellur vel í hópinn.
Vinnutími er frá 9-17, unnið er annan hvern laugardag yfir vetrartímann en ekki á laugardögum á sumrin.

Hæfniskröfur
- Þjónustulund
- Sjálfstæði í starfi
- Reynsla af sölustörfum er æskileg

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 5. júní nk. Númer starfs er **5203**.

Nánari upplýsingar veitir Ásthildur Guðlaugsdóttir.
Netfang: asthildur@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.i

Starfsmenn á heilbrigðissviði

A. Karlsson leitar eftir starfsmönnum til starfa á heilbrigðissviði fyrirtækisins.

A. KARLSSON
SÍÐAN 1975

A. Karlsson ehf. starfar á fyrirtækja- og stofnanamarkaði og býður upp á mjög breitt úrval, bæði af rekstrarvörum og tækjum. Fyrirtækinu er skipt upp í eftirfarandi svið: Heilbrigðissvið, rannsóknarsvið, eldhúsbúnaðarsvið, húsgagnasvið og hreinlætissvið.

Heilbrigðissvið sinnir öllum deildum innan heilbrigðis- og sjúkrastofnana ásamt dvalar- og hjúkrunarheimilum og sjúkraþjálfun. Sér einnig um vörur á sviði hjálpartækja.

www.akarlsson.is

Um er að ræða spennandi fyrirtæki í mikilli sókn þar sem fyrir er skemmtilegur hópur af hæfu fólki.

Verksvið
- Koma að sölu á lækninga- og hjúkrunarvörum, hjálpartækjum, sjúkrarúmum og skyldum vörum.
- Starfinu fylgja samskipti við erlenda birgja og ferðalög.

Hæfniskröfur
- Óskað er eftir hjúkrunarfræðingum, iðjuþjálfum eða sjúkraþjálfum.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Leitað er að nýju fólki í hópinn sem nýtur sjálfstæðis í starfi, ávinnur sér traust viðskiptavina og veitir þeim framúrskarandi lipra og skjóta þjónustu.

Til stendur að ráða í stöðurnar fljótlega og þurfa viðkomandi því að geta hafið störf sem fyrst

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 6. júní nk.

Númer starfs er **5552**.

Upplýsingar veita Ásthildur Guðlaugsdóttir, netfang: asthildur@hagvangur.is og Elísabet Sverrisdóttir, netfang: elisabet@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík
Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

JÁVERK

ALLTAF NÓG AÐ GERA!

Byggingastjóri / verkstjóri

Vegna mikilla verkefna framundan óskum við eftir að ráða byggingaverkfræðing eða tæknifræðing til framtíðarstarfa við verkefnastjórnun á höfuðborgarsvæðinu. Hér eru góð laun í boði fyrir réttan aðila.

Helstu verkefni:

Stjórnun starfsmanna og undirverktaka

Samskipti við verkkaupa og undirverktaka

Eftirlit með verkáætlun

Innkaup í samráði við verkefnastjóra

Kranastjóri

Leitum að vönum manni í framtíðarstarf á byggingakrana við framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu.

Trésmiðir – trésmiðagengi

Óskum eftir að ráða vana trésmiði til starfa bæði á Suðurlandi og höfuðborgarsvæðinu. Óskum jafnframt eftir einyrkjum eða hópum smiða til vinnu við afmörkuð verkefni.

Allar nánari upplýsingar veita Gylfi í síma 860 1707 og Guðmundur í síma 860 1730.
Umsóknir sendist á gylfi@javerk.is eða gbg@javerk.is.

JÁVERK er öflugt, metnaðarfullt og ört vaxandi verktakafyrirtæki á 14. starfsári. Starfsmenn eru um 80 og verkefnastaða fyrirtækisins er traust næstu árin. Fyrirtækið hefur starfsstöðvar og verkefni bæði á Suðurlandi og á höfuðborgarsvæðinu. Auk eigin verkefna á undirbúningsstigi má nefna byggingu 20 hæða skrifstofuturns í Kópavogi, endurbætur á Hótel Borg, viðbyggingu við sjúkrahúsið á Selfossi, sundlaug og íþróttahús á Borg í Grímsnesi og leikskóla á Selfossi. Stefna fyrirtækisins er að starfsumhverfi og aðbúnaður séu með því besta sem þekkist. Starfsandi er góður og starfsmannafélagið er mjög virkt og stendur fyrir margskonar skemmtunum og ferðalögum.

Gagnheiði 28
IS-800 Selfoss
Iceland
Sími +354 480 1700
Fax +354 480 1701

Fíton/SÍA

Langar þig að hitta á hverjum degi:

bankastjóra,
iðnaðarmann,
kennara,
forstjóra,
fiskvinnslukonu,
framkvæmdastjóra,
verkamann,
verðbréfasala,
skipstjóra,
háskólaprófessor,
húsfreyju,
dansara,
íþróttamann,
ráðuneytisstjóra,
nikkara,
lækni,
ljóðskáld
og lífsglaðan sjóara?

Fjölbreytt atvinnutækifæri hjá Hrafnistu

Vífilsstaðir - Hjúkrunarfræðingar
Á Vífilsstöðum eru 50 hjúkrunarrými á þremur hæðum. Unnið er með einstaklingshæfða hjúkrun. Getum bætt við hjúkrunarfræðingum á allar vaktir, einnig helgar- og næturvaktir. Starfshlutfall og vinnutími samkomulag. Upplýsingar veitir Ingibjörg Tómasdóttir hjúkrunarstjóri í síma 599-7011 og 664-9560 eða ingat@vifilsstadir.is

Vífilsstaðir - Sjúkraliðar
Lausar eru stöður sjúkraliða á báðum deildum heimilisins. Unnið er eftir Time Care vaktaskýrslukefinu. Starfshlutfall og vinnutími samkomulag. Upplýsingar veitir Ingibjörg Tómasdóttir hjúkrunarstjóri í síma 599-7011 og 664-9560 eða ingat@vifilsstadir.is

Vífilsstaðir - Sjúkraþjálfari
Laust er til umsóknar starf aðstoðarmanns sjúkraþjálfara á Vífilsstöðum. Þarf að geta hafið störf í júní. Vinnutími er frá 9 til 13. Upplýsingar gefur Guðfinna Björnsdóttir í síma 599-7017 eða gudfinna@vifilsstadir.is

Vífilsstaðir - Aðhlynning
Óskum eftir starfsfólki í aðhlynningu. Starfshlutfall og vinnutími samkomulag. Einnig eru í boði stuttar vaktir og helgarvinna.
Upplýsingar veitir Ingibjörg Tómasdóttir hjúkrunarstjóri í síma 599-7011 og 664-9560 eða ingat@vifilsstadir.is

Heimilismenn
á Hrafnistu
www.hrafnista.is

ALLSAINTS

Whistles

Tvær af flottustu tískuverslunum landsins leita að duglegum einstaklingum í fullt starf við afgreiðslu í Kringlunni.

Hæfniskröfur
- Reynsla í þjónustu
- Áhugi á tísku
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfni
- Frumkvæði í starfi

Umsóknarfrestur er til 2. júní n.k.
Umsóknir sendist á netfangið: kristin@res.is

danól

Viltu vinna hjá fyrirtæki ársins?

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2006

... og verða mikilvægur hluti af sístækkandi, samhentum og skemmtilegum hópi.

Fyrirtæki ársins 2006 óskar nú eftir starfsmönnum í almenn lagerstörf í mjög fullkomnum vöruhúsum í Skútuvogi og Draghálsi þar sem mikið er lagt í aðbúnað starfsmanna.

Óskum einnig eftir starfsmanni í stjórnendateymi vöruhússins.

Unnið er á vöktum sem skiptast þannig:
Vika 1: mán-fim 7:00-14:00 og föst 7:00-19:00.
Vika 2: mán-fim 14:00-24:00 og frí á föstudögum.

Reynsla af lagerstörfum og lyftarapróf er mikill kostur.
Nánari upplýsingar gefur Hafsteinn Ingibjörnsson í síma 580-6600 eða ***hi@danol.is*** sem jafnframt tekur við umsóknum.

Umsóknarfrestur er til 12. júní.

Danól er stærsta fyrirtækið á sviði matvöruinnflutnings á Íslandi. Hjá fyrirtækinu starfa um 60 manns. Danól vill stuðla að því að starfsfólki líði vel og hafi tækifæri til að vaxa í starfi. Sölufólk okkar heimsækir reglulega verslanir, fyrirtæki og veitingahús um allt land og er sölu- og dreifingarkerfi Danól með því fullkomnasta sem gerist. Meðal þekktari vörumerkja Danól eru Nestlé, Merrild kaffi, Burton's, Daloon, Hatting, Findus, Göteborg's kex, Oroblu, Duni, Haribo og Mentos.
Danól er til húsa við Skútuvog 3, þar sem 4500 palla vörulager okkar er staðsettur og Draghálsi 12.

HVERNIG VERÐUR MAÐUR LÍFEÐLISFRÆÐINGUR?

Þórarinn skiptir vinnutímanum niður milli rannsókna og kennslu við Háskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vinna við rannsóknir og kennslu

Starfið

Starf lífeðlisfræðinga er gríðarlega fjölbreytt. Í grundvallaratriðum fást þeir við lífeðlisfræði lífvera, allt frá efnaskiptum frumna til efnaboða taugakerfisins. Til að útskýra starf lífeðlisfræðingsins er einfaldast að taka dæmi og hefur Þórarinn Sveinsson lífeðlisfræðingur orðið fyrir valinu.

Námið

Starfsheiti lífeðlisfræðings er ekki lögverndað og lífeðlisfræði er ekki kennd sem sér grein hér á landi. Til þess að fá starf sem lífeðlisfræðingur þarf hinsvegar að hafa háskólapróf og í flestum tilvikum masters- eða doktorsgráðu. „Það stóð til fyrir nokkrum árum að koma á fót lífeðlisfræðinámi hér á landi. Það varð hinsvegar ekkert úr því," segir Þórarinn. „Flestir lífeðlisfræðingar eru með B.s. í líffræði í grunninn, en það eru dæmi um t.d. sálfræðinga sem luku sínu grunnnámi og sérhæfðu sig svo í lífeðlisfræði. Síðan eru líka nokkrir sem farið hafa gegnum læknisfræði og endað í lífeðlisfræði." Sjálfur kláraði Þórarinn B.s. í líffræði og svo masters- og doktorsnám í fiskalífeðlisfræði.

Háskóli Íslands kennir flestar þær greinar sem leitt geta til sérhæfingar í lífeðlisfræði. Háskólinn í Reykjavík, Hólaskóli og Háskólinn á Akureyri bjóða einnig upp nám á sviði lífvísinda sem vert er að athuga.

Eins og áður kom fram eru lífeðlisfræðingar flestir með B.s. í líffræði en meðal kúrsa sem þar eru kenndir eru dýrafræði, grasafræði, frumulíffræði, lífefnafræði, dýralífeðlisfræði, erfðafræði, þroskunarfræði, þróunarfræði, tölfræði, veirufræði og örverufræði.

Rottur eru einir nánustu samstarfsmenn lífeðlisfræðinga og þá sérstaklega dýralífeðlisfræðinga.

Starfsvettvangur

Lífeðlisfræðingar leynast víða. Sumir eru alþingismenn en Þórarinn telur að það heyri til undantekninga. Lífeðlisfræðingar hérlendis vinna helst að rannsóknum og kennslu. Háskóli Íslands er langstærsti vinnuveitandinn á þessu sviði og því eðlilegt að hann sé sá atvinnurekandi sem hefur yfir flestum lífeðlisfræðingum að ráða. Innan veggja Lífeðlisfræðistofnunar Háskóla Íslands fer fram fjöldi rannsókna undir handleiðslu þeirra, t.d. svefnrannsóknir, glákurannsóknir og rannsóknir á áhrifum ýmissa efna á dýr og menn. „Sjálfur er ég með rannsókn í gangi sem snýst um þolmælingar á fólki. Einnig er ég partur af stærra verkefni sem kallast lífstíll 9 og 15 ára barna. Ég kem að því verkefni með þolmælingum og rannsóknum á hreyfingu barna."

tryggvi@frettabladid.is

KÓPAVOGSBÆR

LAUS STÖRF

Íþróttamiðstöðin Versalir:
- Helgarvinna v/ baðvörslu kvenna

Sundlaug Kópavogs:
- Afgr.baðv.kvenna 100% vaktav.

Félagsmiðstöðin Hóllinn:
- Forstöðumaður

Félagsþjónusta Kópavogs:
- Aðstoð við heimilisstörf
- Störf við liðveislu
- Matráður Roðasölum
- Matráður Skjólbraut 1a

GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:

Digranesskóli:
- Umsjónarkennari á yngsta stig
- Danskennari 50%

Hjallaskóli:
- Umsjónark. á yngsta stig
- Umsjónark. á miðstig

Hörðuvallaskóli:
- Gangaverðir – ræstar með meiru

Kársnesskóli:
- Kennari í náttúrufræði á unglingastigi
- Umsjónarkennari á miðstigi
- Umsjónarkennari á yngsta st. 100%
- Umsjónarkennari á yngsta st. 50-70%
- Kennari í samfélagsfræði á unglingastigi

Kópavogsskóli:
- Tónlistarkennari

Lindaskóli:
- Námsráðgjafi 100%
- Tölvukennari 100%

Smáraskóli:
- Umsjónark. á byrjendastigi
- Umsjónark. á miðstigi
- Danskennari 50%

Vatnsendaskóli:
- Skólaliði, gangav/ræstir
- Skólaliði, starfsm. í Dægradvöl

Nánari upplýsingar á:
www.kopavogur.is
og www.job.is



Reykjavíkurborg
- Einn vinnustaður

MENNTASVIÐ REYKJAVÍKUR

Skólaárið 2006-2007 eru eftirfarandi stöður lausar við grunnskóla Reykjavíkurborgar:

Grunnskólakennarar

Breiðholtsskóli, sími 557-3000
- Staða deildarstjóra (100%) við Breiðholtsskóla. Starfssvið: 1. til 10. bekkur og er m.a. fulltrúi skólastjóra í aga og starfsmannamálum.
- Íþróttakennari

Korpuskóli, sími 411-7880
- Stöður 2-3 kennara á unglingastig. Kennslugreinar eru, stærðfræði, enska, danska og náttúrufræði.

Laugarnesskóli, sími 588-9500
- Myndmenntakennari óskast í 100% stöðu.

Umsjónarmaður skóla

Grandaskóli, sími 561-1400
- Staða umsjónarmanns er laus frá 1. júli 2006.

Bókasafnsfræðingur

Breiðagerðisskóli, sími 510-2600
- Bókasafnsfræðingur óskast í 100% stöðu.

Þroskaþjálfi

Laugarnesskóli, sími 588-9500
- Þroskaþjálfi óskast í 100% stöðu.

Stuðningsfulltrúar

Fellaskóli, sími 557-3800
- Stuðningsfulltrúi óskast í 70% stöðu.

Laugarnesskóli, sími 588-9500
- Stuðningsfulltrúar óskast í 100% stöðu.

Skólaliði

Fellaskóli, sími 557-3800
- Skólaliði óskast í 100% stöðu.

Upplýsingar veita skólastjórar og aðstoðarskólastjórar í viðkomandi skólum. Umsóknir ber að senda í viðkomandi skóla. Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög.
Frekari upplýsingar um hverja stöðu og umsóknarfresti eru á heimasíðu Menntasviðs www.menntasvid.is.

Lausar stöður hjá leikskólum Reykjavíkurborgar

Aðstoðarleikskólastjórar

Berg á Kjalarnesi
Laus er staða aðstoðarleikskólastjóra á leikskólanum Bergi á Kjalarnesi. Leikskólinn er tveggja deilda leikskóli, þar sem dvelja 50 börn.
Við leggjum áherslu á að leikurinn er aðal tjáningarform barnsins. Gleðin fylgir starfinu bæði hjá börnum og fullorðnum. Nánari upplýsingar veita Valdís Ósk Jónasdóttir leikskólastjóri í síma 566-6039 og Auður Jónsdóttir mannauðsráðgjafi í síma 411-7000.

Sjónarhóll, Völundarhús 1
Laus er staða aðstoðarleikskólastjóra á leikskólanum Sjónarhóli, Völundarhús 1. Leikskólinn er 3ja deilda, þar sem dvelja 64 börn.
Í starfi leikskólans er lögð áhersla á einingakubba og talnaskilning.
Staðan er laus 1. sept. nk. eða skv. samkomulagi. Nánari upplýsingar veita Bergljót Jóhannsdóttir leikskólastjóri í síma 567-8585 og Auður Jónsdóttir mannauðsráðgjafi í síma 411-7000.

Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og störf. Umsóknir sendist Menntasviði Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 1. Umsóknarfrestur er til 12. júní nk.

Deildarstjórar

Ásborg, Dyngjuvegi 18, sími 553-1135
Berg, Kjalarnesi, sími 566-6039
Funaborg, Funafold, sími 587-9160
Hulduheimar, Vættaborgum 11, sími 586-1870.
- Um er að ræða 80-100% stöðu.

Múlaborg, Ármúla 8a, sími 568-5154
Sjónarhóll, Völundarhús 1, sími 567-8585

Sérkennarar og/eða þroskaþjálfar

Arnarborg, Maríubakka 1, sími 557-3090
Berg, Kjalarnesi, sími 566-6039
Jörfi v/Hæðargarð, sími 553-0345

Matráðar

Hulduheimar, Vættaborgum 11, sími 586-1870.
Staðan er laus frá 1. september n.k.

Nánari upplýsingar um þessi störf veita leikskólastjórar í viðkomandi leikskólum. Einnig veitir starfsmannaþjónusta Menntasviðs upplýsingar í síma 411 7000. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög. Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar um laus störf er að finna á heimasíðunni www.menntasvid.is

Öll laus störf á Menntasviði eru auglýst á www.menntasvid.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar
um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

SÖLUFÓLK

Góð laun eru í boði fyrir rétta aðila. Greitt er fast tímakaup ásamt árangurstengdum bónusum og er vinnutími frá kl. 17-22. Hentar vel sem aukavinna eða aðalstarf.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Lára Guðrún Gunnarsdóttir í síma 515 6158 frá kl. 9-17 á virkum dögum. Einnig er hægt að senda ferilskrá og skriflega umsókn á netfangið: lara.gudrun.gunnarsdottir@365.is

Glæst framtíð

Við leitum að góðum sölumönnum sem búa yfir áræðni, metnaði og frumkvæði í eina öflugustu söludeild landsins.

365

Skólagarðar Reykjavíkur

Skólagarðarnir hafa það að markmiði að kenna börnum umgengni við gróður og ræktun. Hverjum einstaklingi er úthlutað garði og fræi, útsæði og grænmetisplöntum til ræktunar. Með börnunum starfa leiðbeinendur við ræktunina. Auk garðyrkjustarfa er farið í leiki og ferðir t.d í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, bíó o.fl. Haldnar eru sumarhátíðir í hverjum garði með grilli og ýmsum skemmtunum. Í lokin eru afhentar viðurkenningar fyrir sumarstarfið. Starfsemin byrjar 6. júní og lýkur um 18. ágúst.

Innritunarstaður: Í hverjum garði fyrir sig.
Opnunartími: 8.00 –16.00.
Innritun 8-12 ára barna: 31.maí – 2. júní.
Innritun eldri borgara: 2. júní.
Verð: 2.500,- (ath. tökum ekki greiðslukort)

Staðsetning Skólagarða:

Þorragötu í Skerjafirði	693-2443
Við Holtaveg í Laugardal	693-2442
Fossvogi við Bjarmaland	693-2329
Árbæ vestan Árbæjarsafns	693-2309
Dalbær við Stekkjarbakka	693-2308
Við Jaðarsel	693-2449
Kotmýri við Logafold	693-2447
Gorvík við Strandveg	693-2448
Verkstjóri	693-2323
Aðstoðarverkstjóri	693-2301

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Sunnuhvoll við Vífilsstaði

Leikskólastjóri

Staða leikskólastjóra við leikskólann Sunnuhvol við Vífilsstaði í Garðabæ er laus til umsóknar. Leikskólinn er tveggja deilda leikskóli í fallegu umhverfi. Leikskólastjóri ber ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri og veitir leikskólanum faglega forystu.

Hæfniskröfur:
- Leikskólakennaramenntun
- Stjórnunarreynsla er kostur
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar æskileg
- Hæfni til að veita faglega forystu
- Færni í mannlegum samskiptum
- Metnaður, frumkvæði, skipulagshæfni og áhugi á nýjungum í leikskólastarfi
- Góð tölvukunnátta og þekking á sviði rekstrar æskileg

Umsóknum með upplýsingum um nám og fyrri störf skal skila til Önnu M. Hreinsdóttur leikskólafulltrúa sem veitir nánari upplýsingar í síma **525 8500**, netfang annah@gardabaer.is. Einnig er hægt er að sækja um starfið á vef Garðabæjar, www.gardabaer.is

Umsóknarfrestur er til 10. júní nk. Ráðið verður í stöðuna sem fyrst.

Laun eru samkvæmt samningi Launanefndar sveitarfélaga við Félag leikskólakennara.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Garðabæjar eru karlmenn sérstaklega hvattir til að sækja um stöðu leikskólastjóra.

Deildarstjóri skóladeildar

Fræðslu- og menningarsvið

ÍSAFJARÐARBÆR

Lausar kennarastöður við grunnskóla Ísafjarðarbæjar

Grunnskólar Ísafjarðarbæjar eru fjórir, á Ísafirði, Suðureyri, Flateyri og Þingeyri með nemendafjölda frá 40-540. Í skólum bæjarins er lögð áhersla á ánægju nemenda og þroska þeirra og um leið að mæta mismunandi þörfum nemenda, m.a. með sveigjanlegu skólastarfi og einstaklingsmiðaðra námi en áður. Áhersla er á samstarf milli skóla, en þó sjálfstæði og fjölbreytni í skólastarfi. Grunnskólar Ísafjarðarbæjar vinna saman gegn einelti eftir áætlun Olweusar. Ísafjarðarbær er bær í sókn sem hefur margt að bjóða, m.a. góða þjónustu, leikskóla, öflugt íþróttastarf, tónlistarskóla, menntaskóla og ótakmarkaða landslagsfegurð.

Grunnskólinn á Ísafirði
Lausar stöður eru við kennslu samfélags- og raungreina á unglingastigi og 50% staða í tæknimennt.

Grunnskólinn á Þingeyri
Lausar stöður eru í umsjónarkennslu hjá 3.-8. bekk, almennri kennslu á öllum stigum, heimilisfræði, tölvukennslu, tæknimennt og tónmennt.

Grunnskólinn á Flateyri
Lausar stöður eru í umsjónarkennslu á yngsta og miðstigi. Einnig er laus staða við íþróttakennslu.

Grunnskólinn á Suðureyri
Lausar stöður eru við kennslu á yngsta stigi, mynd- og handmennt, tungumálum og íþróttum.

Allar nánari upplýsingar veita skólastjórar og/eða grunnskólafulltrúi sem jafnframt taka á móti umsóknum.
Skólastjóri á Ísafirði er Skarphéðinn Jónsson,
s. 450-3100, netfang: skarpi@isafjordur.is
Skólastjóri á Suðureyri er Magnús S. Jónsson,
s. 456-6129, netfang: msj@snerpa.is
Skólastjóri á Þingeyri er Ellert Örn Erlingsson,
s. 456 8106, netfang: ellert@isafjordur.is
Skólastjóri á Flateyri er Skarphéðinn Ólafsson
s. 456-7670, netfang: skarpio@isafjordur.is
Grunnskólafulltrúi Iðunn Antonsdóttir s. 450-8000,
netfang: grunnskolafulltrui@isafjordur.is

Umsóknarfrestur er til 9. júní 2006.

VILT ÞÚ VINNA Í SAMHENTUM OG GÓÐUM HÓPI?

Noa Noa leitar eftir starfsfólki bæði í fullt starf og helgarstarf. Við leytum eftir traustum einstakling sem hefur ríka þjónustulund og góða framkomu. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknir sendast á ruth@noa-noa.is fyrir 10.júní. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

NOA NOA
Kringlan - 553 3536

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2006

Staða skólastjóra við Brekkubæjarskóla á Akranesi

Laus er til umsóknar staða skólastjóra í Brekkubæjarskóla á Akranesi ***(www.brak.is)***.

Brekkubæjarskóli er heildstæður grunnskóli með um 400-450 nemendur. Við skólann er sérdeild sem þjónar báðum skólasvæðunum á Akranesi. Við skólann starfa tæplega 70 starfsmenn þar af um 45 kennarar.

Í Brekkubæjarskóla er unnið eftir lífsleiknistefnu sem nefnd er „Góður og fróður“. Lífsleiknistefnan miðar að því að byggja upp jákvæða sjálfsmynd, sjálfsvirðingu, sjálfsaga, samskiptafærni, umburðarlyndi, skipulögð vinnubrögð, víðsýni, þekkingu og færni til að nýta þekkinguna. Rækt er lögð við list- og verkgreinar.

Aðalverkefni skólastjóra er að bera ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri og veita skólanum faglega forystu á sviði kennslu og framþróunar skólastarfsins.

Óskað er eftir umsækjanda með kennaramenntun og framhaldsmenntun á sviði stjórnunar. Ennfremur að viðkomandi hafi stjórnunarreynslu og stjórnunarhæfileika. Mikilvægt er að umsækjandi hafi góða samskiptahæfileika og áhuga á skólaþróun. Krafist er heimilisfesti á Akranesi
Nánari upplýsingar veitir Helga Gunnarsdóttir, sviðsstjóri fræðslu-, tómstunda- og íþróttasviðs, sími 433-1000 og Auður Hrólfsdóttir skólastjóri sími 433-1300.

Með umsókn fylgi gögn um námsferil, störf og önnur gögn sem að gagni geta komið við mat á umsókn. **Umsókn sendist Fræðslu-, tómstunda- og íþróttasviði, Stillholti 16-18, 300 Akranes.**

Umsóknarfrestur er til 12. júní n.k.

Fræðslu-, tómstunda- og íþróttasvið

S·K·Í·F·A·N

Skífan í Kringlunni leitar að verslunarstjóra

Verslunarstjóri ber ábyrgð á:
- Daglegum rekstri verslunar og stjórnun starfsmanna
- Sölu-og framlegðarmarkmiðum verslunarinnar
- Vörumeðhöndlun og lágmörkun kostnaðar
- Útliti verslunar og hámörkun gæða í sölu og þjónustu
- Að viðhalda jákvæðum og hvetjandi starfsanda

Verslunarstjóri þarf að:
- Vera árangursdrifinn, með gott frumkvæði og hæfni til að starfa sjálfstætt
- Vera skipulagður, ósérhlífinn og agaður í vinnubrögðum
- Hafa ríka þjónustugleði og jákvæð viðhorf
- Hafa afburða hæfni í mannlegum samskiptum og stjórnun

Hæfniskröfur:
Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi reynslu af verslunarrekstri og stjórnun
Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi áhuga og þekkingu á tónlist og afþreyingarefni, s.s. tölvuleikjum og dvd.

Umsóknir með ferilskrá sendist á annabirna@skifan.is.
Umsóknarfrestur til 6. júní 2006.

Skífuverslanir eru í eigu Dags Group. Unnið er að sameiningu Árdegis og Dags Group. Úr verður eitt af stærstu smásölufyrirtækjum landsins með 17 verslanir. Hjá félögunum starfa rúmlega 200 starfsmenn undir merkjum verslana BT, Sony Center, Skífunnar, NOA NOA, NEXT og Hljóðfærahússins.

Fræðslu- og menningarsvið Vestmannaeyja auglýsir laus störf í Tónlistar- og Grunnskóla Vestmannaeyja.

Tónlistarkennara

vantar á næsta skólaári við Tónlistarskóla Vestmannaeyja í eftirtaldar greinar: Píanókennara í fulla stöðu, söngkennara sem einnig getur tekið að sér barnakórastarf, fiðlukennara og flautukennara í hlutastörf.

Upplýsingar gefur Guðmundur í síma 481-2551 og 868-2049 og netföng *tonskoli@vestmannaeyjar.is* og *kantor@simnet.is*

Grunnskólakennara

vantar í 3-4 stöður við Grunnskóla Vestmannaeyja. Æskilegar kennslugreinar: sérkennsla, íþróttir, myndmennt, tæknimennt, danska, enska stærðfræði, íslenska, náttúrufræði og samfélagsfræði.

Upplýsingar gefa:
Fanney Ásgeirsdóttir skólastjóri í síma 846-4797
netfang: *ha040299@unak.is*

Björn Elíasson aðstoðarskólastjóri í síma 481-1944
netfang: *bjorne@ismennt.is*

Sigurlás Þorleifsson aðstoðarskólastjóri í síma 481-2644
netfang: *sigurlas@vestmannaeyjar.is*

Umsóknarfrestur er til 20. júní 2006

Fræðslu- og menningarsvið Vestmannaeyja
Ráðhúsinu, 902 Vestmannaeyjum.

Tækjamaður á vélskóflu

Björgun óskar eftir að ráða tækjamann á vélskóflu. Fyrirtækið framleiðir og selur efni til framkvæmda s.s. ýmsar gerðir af sandi og möl í garða, skeljasand á tún, fyllingarefni o.fl.

Starfssvið:
- Vinna á vélskóflu
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:
- Full vinnuvélaréttindi
- Reynsla af vinnu við slíkar vélar æskileg
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Vinnutími er frá 07:30-18:00/18:30. Til aukavinnu getur komið um helgar. Um framtíðarstarf er að ræða.

Umsóknarfrestur er til og með 2. júní nk.

Fyrirspurnum um starfið er eingöngu svarað hjá Ráðningarþjónustunni.

Umsjón með starfinu hefur Ellen Tryggvadóttir ráðgjafi, ellen@radning.is

RÁÐNINGAR ÞJÓNUSTAN
...framtíðin er ráðin

Krókháls 5a • Sími 588 7700
www.radning.is • radning@radning.is

Innn hf., ráðgjafar- og húgbúnaðarhús, var stofnað árið 1997 og er eitt elsta fyrirtæki á sínu sviði. Innn hefur frá upphafi hannað og smíðað vefumsýslukerfið LiSA í fjölmörgum útgáfum.

Hjá Innn starfar samhentur hópur fagfólks á öllum sviðum hugbúnaðargerðar, ráðgjafar, greiningar og vefvinnslu. Innn fagnar hvers konar áskorun og er metnaður lagður í verkin frá upphafi til enda.

Viltu slást í hópINNN?

Við leitum að forritara og ef neðangreint á við um þig, viljum við endilega heyra í þér.

Starfslýsing:
- Forritun á veflausnum í C#/.NET
- Forritun á sérlausnum

Hæfniskröfur:
- B.s. í tölvunarfræði
- Reynsla af hlutbundinni forritun í C# og .NET
- Reynsla af gagnagrunnstengdri vefforritun í ASP.NET
- Mikil þekking á HTML, CSS og XML
- Kostur ef viðkomandi hefur MCP gráðu

Við fögnum sérstaklega:
- Öguðum vinnubrögðum og jákvæðni
- Góðum samskiptahæfileikum og frumkvæði

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2006

innn

Innn hf - Skeifan 8 - 108 Reykjavík - sími:594-0000 - www.innn.is

Landhelgisgæslumenn / þorskastríðshetjur

Nú eru liðin 30 ár frá lokum þorskastríðsins síðasta. Af því tilefni ætla gamlar þorskastríðshetjur og núverandi starfsmenn Landhelgisgæslunnar að hittast á **Kaffi Reykjavík fimmtudaginn 1. júní milli kl. 15:30 – 17:30** í beinu framhaldi af málstofu Hafréttarstofnunar Íslands um þorskastríðin þrjú. Allir aðrir áhugasamir eru velkomnir.

Starfsmannafélag Landhelgisgæslunnar.

Meiraprófsbílstjóri

Gámastöðin óskar eftir að ráða meiraprófsbílstjóra með full réttindi sem fyrst.
Sími 588 5100 / gamastod@emax.is

MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRAR ÓSKAST

Viltu koma í skemmtilega og lifandi vinnu hjá stærsta bílaflutningafyrirtæki landsins? Okkur vantar menn núna! Hafðu samband við Bjarna í síma: 6968258

Vaka

VAKA EHF • Eldshöfða 6 • S: 5676700

Skilur þú unglinga?

Óska eftir aðila til að vinna að þróun nýrrar hugmyndar um uppbyggilegt skemmtiefni („edutainment“) fyrir unglinga.

Tímabundið starf í fyrstu, upplagt fyrir kennara í sumarfríinu. Getur unnist heimavið og á þeim tíma sem viðkomandi hentar.

Heppilegur einstaklingur hefur: (a) Kímnigáfu, (b) áhuga, þekkingu eða reynslu af því að vinna með og/eða ala upp unglinga, (c) brennandi áhuga á mannrækt unglinga, (d) óendanlegt hugmyndaflug og sköpunargáfu.

Getur líka hentað tveimur, jafnvel þremur einstaklingum sem vilja hlægja saman eins og táningar í sumar.

Vinsamlega sendið upplýsingar eða fyrirspurnir á framherji@simnet.is fyrir 1. júní. Öllum fyrirspurnum verður svarað fyrir 6. júní.

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
Lausar stöður

Áslandsskóli (585 4600 leifur@aslandsskoli.is)
- Almenn kennsla
- Stuðningsfulltrúi
- Skólaliði
- Námsráðgjafi

Hraunvallaskóli (590 2800 einar@hraunvallaskoli.is)
- Tónmenntakennsla

Hvaleyrarskóli (565 0200 helga@hvaleyrarskoli.is)
- Tölvukennsla
- Sérkennsla
- Dönskukennsla
- Skólaliðar
- Forstöðumaður heilsdagsskóla

Setbergsskóli (565 1011 gudosk@setbergsskoli.is)
- Bókasafnskennari/bókasafnsfræðingur
- Íþróttakennari

Víðistaðaskóli (664 5890 sigurdur@vidistadaskoli.is)
- Skólaliðar (50%)
- Tölvukennsla
- Enskukennsla
- Heimilisfræðikennsla

Öldutúnsskóli (664 5896 herla@oldutunsskoli.is 664 5898 og 664 5899)
- Matráður í mötuneyti starfsmanna
- Kennsla yngri nemenda
- Sérkennsla
- Kennari við sérdeild nem. í 8.-10. bekk

Arnarberg (555 3493 arnarberg@hafnarfjordur.is)
- Þroskaþjálfi
- Leikskólakennari
- Leikskólasérkennari

Álfasteinn (555 6155 alfasteinn@hafnarfjordur.is)
- Leikskólakennari
- Uppeldismenntað starfsfólk

Hlíðarendi (555 1440 hlidarendi@hafnarfjordur.is)
- Leikskólakennarar

Kató (555 0198 kato@hafnarfjordur.is)
- Leikskólakennari

Norðurberg (555 3484 nordurberg@hafnarfjordur.is)
- Leikskólakennarar

Vesturkot (565 0220 vesturkot@hafnarfjordur.is)
- Leikskólakennari
- Uppeldismenntað starfsfólk

Allar upplýsingar veita skólastjórar viðkomandi skóla.
Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfin.
Umsóknarfrestur er til 10. júní.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARDAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í sima 585 5500 og á heimasiðunni www.hafnarfjordur.is

Létt lagerstörf – útkeyrsla – pökkun o.fl.

Heildverslun með ýmsar smávörur óskar að ráða starfsmann til léttra lagerstarfa, útkeyrslu, pökkunar o.fl. Möguleiki á hlutastarfi. Umsóknir m.uppl. um aldur ásamt launakröfu óskast sendar augl.deild Fréttabl. fyrir **4. júní** eða box@frettabladid.is merkt **J-4.**

550 5000
Hringdu ef blaðið berst ekki
FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesið

Sumarstörf í veiðihúsi

Okkur vantar tvo röska einstaklinga til sumarstarfa í veiðihús.

Í boði er fjölbreytt sumarstarf í fallegu umhverfi í Borgarfirðinum. Veiðihúsin eru einungis í 1,5 klst. akstursfjarlægð frá Reykjavík.

Störfin felast í aðstoð í eldhúsi, þjónustu í sal og þrifum á húsunum. Unnið er eftir ákveðnu vaktaskipulagi og skal starfsfólk vera á staðnum á meðan það er á vakt.

Hæfniskröfur
- Rík þjónustulund
- Færni í mannlegum samskiptum
- Snyrtimennska
- Sveigjanleiki

Umsóknir skulu fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 5. júní nk. Númer starfs er **5551**.

Upplýsingar veitir Ásthildur Guðlaugsdóttir.
Netfang: asthildur@hagvangur.is.

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.i

Verslunarstarf

Pfaff-Borgarljós óska eftir að bæta við starfsmanni í góða liðsheild í verslun sinni.

Pfaff-Borgarljós er rótgróið fyrirtæki sem býður upp á fjölbreytt vöruúrval og leggur sérstaka áherslu á persónulega þjónustu við viðskiptavini sína. Meðalstarfsævi hjá fyrirtækinu er löng.

Starfið felst í sölu á ljósum, raftækjum o.fl. Starfið hentar ekki síður konum en körlum og er æskilegur aldur 30-45 ára. Áhugi á fallegum hlutum og hönnun er kostur. Framundan eru spennandi tímar hjá fyrirtækinu, mikill uppgangur og nýjungar, og því þörf fyrir hressan starfsmann sem fellur vel í hópinn.
Vinnutími er frá 9-17, unnið er annan hvern laugardag yfir vetrartímann en ekki á laugardögum á sumrin.

Hæfniskröfur
- Þjónustulund
- Sjálfstæði í starfi
- Reynsla af sölustörfum er æskileg

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 5. júní nk. Númer starfs er **5203**.

Nánari upplýsingar veitir Ásthildur Guðlaugsdóttir.
Netfang: asthildur@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.i

Hungry for something different?

Radisson SAS hótelin eru hluti af Rezidor SAS hótelkeðjunni sem einnig rekur Park Inn, Regent, Centurion og Country Inn.

Radisson SAS hótelin eru 140 í 39 löndum í Evrópu, Miðausturlöndum og Afríku og bráðlega opna 27 ný hótel. Radisson SAS er fyrsta flokks hótelkeðja sem er þekkt fyrir framúrskarandi þjónustu við gesti sína og einstaka þjónustulund starfsmanna. Frekari upplýsingar má nálgast á **www.radissonsas.com**

Radisson SAS, Hótel Saga óskar eftir að ráða til sín jákvæða og drífandi einstaklinga í eftirfarandi störf:

Móttökustjóri í ráðstefnu- fundar- og veislusali („M&E Coordinator")

Starfssvið
- Móttaka og umsjón með fundum, ráðstefnum og veislum
- Stuðningur við sölu- og veitingadeild
- Móttaka viðskiptavina
- Skipulagning og utanumhald vegna tengdra verkefna

Hæfniskröfur
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta, bæði skrifuð og töluð
- Snyrtimennska
- Þjónustulipurð og góð samskiptahæfni
- Mikið er lagt upp úr sjálfstæði og skipu lögðum vinnubrögðum ásamt frumkvæði í starfi.

Sölufulltrúi
Radisson SAS Hótel Sögu og Park Inn Island.

Starfssvið
- Sala, umsjón, skipulagning og bókanir á fundum og ráðstefnum ásamt gistingu í tengslum við atburði
- Tilboðsgerðir til viðskiptavina
- Móttaka viðskiptavina og sala á þjónustu ráðstefnu, veitinga og gistingar
- Umsjón og dreifing á upplýsingum sem tengjast M&E

Hæfniskröfur
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta, bæði skrifuð og töluð
- Mjög góð tölvukunnátta
- Samstarfshæfni og vilji til að ná árangri í starfi
- Snyrtimennska

Senda skal inn umsóknir og ferliskrár til starfsmannastjóra fyrir 9. júní, merktar viðkomandi starfi – k.einarsdottir@radissonsas.com eða:

Radisson SAS Hótel Saga
b.t. Kristrúnar Einarsdóttur
Hagatorgi 1
107 Reykjavík.

Á Radisson SAS Hótel Sögu er 209 glæsileg herbergi og 10 veislu- og fundarsalir. Auk þess eru á hótelinu bar og 2 veitingastaðir, Skrúður sem er á jarðhæð hótelsins og Grillið sem er þekkt sem einn bestu veitingastaðir landsins. Á Radisson SAS Hótel Sögu er að finna allar þá þjónustu sem vænta má af fyrsta flokks, fjögurra stjörnu hóteli. Starfsfólk er allt sérþjálfað skv stöðlum Radisson SAS hótelkeðjunnar þar sem lagt er upp úr fagmennsku en fyrst og fremst vingjarnlegu viðmóti.

Radisson SAS HOTELS & RESORTS

Nýr og glæsilegur bíll óskar eftir ökumanni!

Viltu slást í hópinn?

- Spennandi starf í boði á nýjum Mercedes Benz steypudælubíl. Bíllinn er búinn bestu aksturs-þægindum fyrir bílstjórann.
- Komdu til starfa hjá vaxandi fyrirtæki. Spennandi verkefni framundan – góður starfsandi.
- Nánari upplýsingar í síma 414-7777 eða með tölvupósti borg@evborg.is.

BORG *er traust og öflugt framleiðslufyrirtæki*

GÆÐI - ENDING - ÁREIÐANLEIKI

Einingaverksmiðjan **BORG - Steypustöð**
Bakkabraut 9 · 200 Kópavogur
Sími: 414-7777 · Fax: 517-8901 · borg@evborg.is

KÓPAVOGSBÆR

Staða leikskólastjóra í Fögrubrekku

Fagrabrekka er fjögurra deilda leikskóli þar sem starfað er í anda Reggio Emilia hugmyndafræðinnar.

- **Umsækjandi skal hafa menntun leikskólakennara, framhaldsmenntun í stjórnun æskileg.**
- **Krafa er gerð um hæfni í samskiptum og haldgóða reynslu í leikskólastarfi.**

Laun samkv. kjarsamningi Launanefndar sveitarfélaga og FL.
Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.
Nánari upplýsingar gefur leikskólafulltrúi, Sesselja Hauksdóttir, Fræðsluskrifstofu, Fannborg 2, sími 570-1600.
Umsóknarfrestur er til 20. júní, en staðan er laus 1. ágúst.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem fást í afgreiðslu Fræðsluskrifstofu.

www.kopavogur.is - www.job.is

Skólameistari

Nýstofnaður Menntaskóli Borgarfjarðar óskar að ráða skólameistara. Skólinn hefur starfsemi sína haustið 2007.

Við leitum að kraftmiklum einstaklingi til að leiða metnaðarfullt starf í nýjum skóla.

Starfssvið skólameistara:
- Undirbúningur fyrir skólastarf, mannaráðningar, námsskrárgerð
- Stefnumótun
- Rekstrarleg stjórnun
- Skipulagning og stofnun nemendafélags
- Samskipti við ráðuneyti og stjórn Menntaskólans
- Skipulagning skólaaksturs
- Samskipti við stjórnendur grunnskóla á svæðinu

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Kennsluréttindi og kennslureynsla á framhaldsskólastigi
- Stjórnunarreynsla æskileg
- Leiðtogahæfni og drifkraftur
- Metnaður og frumkvæði
- Hæfni í samskiptum

Menntaskóli Borgarfjarðar ehf. verður einkarekinn skóli og verður meginverkefni hans að vera tilraunaskóli varðandi þriggja ára nám til stúdentsprófs. Gert er ráð fyrir eftirtöldum brautum: félagsfræðabraut náttúrufræðibraut, listabraut, almennri braut og braut fyrir fatlaða nemendur. Einnig er gert ráð fyrir fullorðinsfræðslu í skólanum. Gert er ráð fyrir að þriðja ár á félagsfræði og náttúrufræðibraut fari að einhverju leyti fram í samstarfi við Viðskiptaháskólann á Bifröst og Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri. Gera má ráð fyrir að nám á listabraut tengist m.a. Tónlistarskóla Borgarfjarðar.

Um inntökuskilyrði gildi almenn viðmið menntamálaráðuneytisins.

Gert er ráð fyrir að í hverjum árgangi nemenda á svæðinu séu 75 nemendur. Á fyrsta ári má búast við að innritist 50 nemendur og fullsetinn gæti skólinn orðið 150-200 nemenda skóli. Gert er ráð fyrir að skólaakstur verði við skólann úr sveitum hins nýja sveitarfélags.

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@img.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildursif@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 11. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.

Borgartúni 27, 105 Reykjavík, Sími 540 7100, mannafl@img.is
Skipagötu 16, 600 Akureyri, Sími 461 4440, www.mannafl.is
Strandgötu 53, 735 Eskifirði, Sími 540 7140, www.img.is

ÍSLENSK ERFÐAGREINING

Rannsóknir

Íslensk erfðagreining leitar að sérfræðingum til starfa á erfðarannsóknarsviði fyrirtækisins. Um er að ræða krefjandi og áhugaverð störf við umfangsmiklar skimanir á breytileika í erfðamenginu (e. genome-wide association studies).

Leitað er að einstaklingum með háskólamenntun (B.Sc.) á sviði líffræði, lífefnafræði, erfðafræði, efnafræði eða lífeindafræði. Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu af starfi á rannsóknarstofu.

Við leitum að metnaðarfullum og röskum einstaklingum sem eiga auðvelt með að vinna með öðrum.

Umsækjendur eru beðnir að skila umsóknum gegnum umsóknavef á heimasíðu Íslenskrar erfðagreiningar (www.decode.is).

ÍSLENSK ERFÐAGREINING

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTBOÐ

F.h. Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar og Orkuveitu Reykjavíkur.:
er óskað eftir tilboðum í endurnýjun gangstétta og þrengingu Lönguhlíðar milli Miklubrautar og Eskitorgs úr tveimur akreinum í hvora átt niður í eina akrein í hvora átt. Verkið innifelur einnig vinnu fyrir Orkuveitu Reykjavíkur vegna endurnýjunar götulýsingar og rafmagnsstrengja.

Langahlíð sunnan Miklubrautar – endurbætur. Gatnagerð og lagnir.
Útboðsgögn verða seld á kr. 5.000 í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur, frá og með 31. maí 2006.
Opnun tilboða: 14. júní 2006 kl. 11:00, í Ráðhúsi Reykjavíkur.
10779

Reykjavíkurborg
Þjónustu- og rekstrarsvið
Innkaupa- og rekstrarskrifstofa
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

ÚTBOÐ

F.h. Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar:
Leikskóli Brekkuborg, Hlíðarhúsum 1 – endurgerð lóðar að hluta – útboð nr. 06054.
Útboðsgögn fást í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur frá og með 30. maí 2006. Opnun tilboða: 12. júní 2006 kl 14:00, í Ráðhúsi Reykjavíkur.
10780

Reykjavíkurborg
Þjónustu- og rekstrarsvið
Innkaupa- og rekstrarskrifstofa
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

Skipulags stofnun

Gjábakkavegur frá Laugarvatni til Þingvalla í Bláskógabyggð

Mat á umhverfisáhrifum – Úrskurður Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun hefur úrskurðað samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Fallist er á, með skilyrðum, lagningu Gjábakkavegar frá Laugarvatni til Þingvalla í Bláskógabyggð samkvæmt öllum framlögðum leiðum og lagningu tengivegar að Laugarvatnsvöllum.

Úrskurðurinn í heild liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Úrskurðinn er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is**.

Úrskurð Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **28. júní 2006.**

Skipulagsstofnun

Aðalfundur

GIGTARFÉLAG ÍSLANDS

Aðalfundur Gigtarfélags Íslands verður haldinn miðvikudaginn 31. maí, kl. 19:30 á Grand Hótel Reykjavík við Sigtún. Auk venjulegra aðalfundarstarfa mun dr. Helgi Jónsson gigtarlæknir halda erindi er hann nefnir, „Slitgigt og liðaktín".

Allir velkomnir.
Gigtarfélag Íslands

Umsóknir í Jöfnunarsjóð sókna 2007, o.fl.

Umsóknarfrestur um styrki árið 2007 úr Jöfnunarsjóði sókna, Kirkjumálasjóði og Kynningar- fræðslu- og útgáfusjóði rennur út 15. júní 2006. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Þjóðkirkjunnar **kirkjan.is**.

Kirkjuráð

Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Útboð á byggingu menningarhúss og tónlistarskóla á Akureyri

Fasteignir Akureyrarbæjar kt. 710501-2380 Geislagötu 9 Akureyri, óska eftir tilboðum í verkið: Menningarhús og tónlistarskóli við Strandgötu Akureyri.
Uppsteypt hús og fullgert að utan.

Afhending útboðsgagna og opnunarstaður tilboða :
Fasteignir Akureyrarbæjar
Geislagötu 9, 4.hæð
600 Akureyri

Útboðsform – útboðsyfirlit
Hér er um opið útboð að ræða og er það því almennt útboð eins og lýst er í grein 2.2. í ÍST 30. Útboð þetta er einnig auglýst á hinu evrópska efnahagssvæði (ESS)
- Afhending útboðsgagna 30.05.2006.
  Skilatrygging er kr. 20.000.
- Fyrirspurnatíma lýkur 20.06.2006.
- **Opnunartími tilboða 27.06.2006. kl. 11:00**
- Framkvæmdatími hefst 2 vikum eftir opnun tilboða
- Öllum framkvæmdum skal lokið fyrir 1. júní 2007 aðalverk,
  1. des. 2007 frágangur utanhúss lokið
  1. febrúar 2007 aðrir verktakar hefji störf.

Lauslegt yfirlit yfir verkið
Stærð hússins er um 7.513 m^2 og 38.962 m^3 og eru það brúttóstærðir. Húsið er hringlaga, þvermál hússins er um 60 m. Verktaki þarf að grafa og fylla að húsinu og steypa upp húsið. Verktaki skal setja glugga og útihurðir í útveggi hússins og klæða húsið að utan með tilsöguðu stuðlabergi sem verkkaupi leggur til, þá þarf verktaki að pappaleggja þak hússins og einangra það að ofan og setja farg á einangrunina. Verktaki skal ganga frá þakgluggum.
Verktaki skal skila verkinu af sér í samræmi við ákvæði útboðsgagna til verkkaupa fyrir 1. júní 2007, nema klæðningu með stuðlum og frágangi úti, því verki sé lokið fyrir 1. desember 2007. Þá skal verktaki heimila öðrum verktökum vinnu við sín verk frá 1. febrúar 2007.
Helstu magntölur
Jarðvinna-uppgröftur 12000 m^3
Fylling 5000 m^3
Mótafletir 28000 m^2
Uppsteypa 5000 m^3
483 tonn af steypustyrktarstáli
Holplötur 1400 m^2
Gluggar, rúmlega 100 gluggar og hurðir úr áli.
Þakvirki 2300 m^2.
Uppsetning á 1600 m^2 af steinklæðningu.

Tilboðum skal skila til Fasteigna Akureyrarbæjar Geislagötu 9, 4. hæð og verða þau opnuð á sama stað, þriðjudaginn 27. júní, kl. 11.00, að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

FASTEIGNIR AKUREYRARBÆJAR

Verkkaupi áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Fasteignir Akureyrarbæjar
Geislagötu 9, 4 hæð,
sími 460-1128

Akureyrarbær • Geislagötu 9 • 600 Akureyri
Sími 460 1000 • Fax 460 1001 • www.akureyri.is

Samkvæmt könnun frá VR hafa beita konur og karlar nokkuð ólíkum stjórnunarstíl. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Konur hrósa frekar

Samkvæmt könnun sem gerð var af VR eru kvenkyns yfirmenn líklegri til að hrósa starfsfólki sínu en karlar.

Niðurstöður nýrrar könnunar frá VR benda til þess að kvenkyns stjórnendur séu mun duglegri við að hrósa starfsfólki sínu heldur en karlkyns stjórnendur að því er fram kemur á heimasíðu VR, www.vr.is.

Á heimasíðunni kemur einnig fram að kvenkyns yfirmenn eru í miklum minnihluta í fyrirtækjum félagsmanna VR. Aðeins 12 prósent karla segja sinn næsta yfirmann vera konu meðan 42 prósent kvennanna hafa kvenkyns yfirmann. Einnig vekur það athygli að konur eru frekar yfirmenn kvenna en fáir karlar vinna undir stjórn kvenna. Jafnvægi virðist þó ríkja milli kynjanna í stærri fyrirtækjum heldur en í þeim sem minni eru.

Svarendur í könnuninni voru beðnir um að svara spurningum sem sneri að stjórnunarstíl yfirmanns síns. Niðurstöður voru meðal annars greindar eftir kyni og komu þá í ljós nokkrir þættir sem aðgreindu stjórnunarstíl karla og kvenna. Konur voru sagðar útskýra frekar en karlar hvernig og af hverju eitthvað er gert í fyrirtækinu, hrósa frekar starfsfólki og voru sagðar líklegri til að leggja sitt af mörkum til að auka samvinnu starfsfólks og virkja það til þátttöku.

Sumir fá ívið meira fyrir launin sín nú en fyrir ári en aðrir minna.

Örlítil aukning kaupmáttar

Kaupmáttur óx um 2.7 % að meðaltali síðustu 12 mánuði.

Launavísitalan hækkaði að meðaltali um 0.4% í apríl, samkvæmt útreikningum Hagstofunnar. Þeir sem einkum nutu hækkunar launa í síðasta mánuði eru starfsmenn sveitarfélaga sem lægst hafa launin en einnig tóku gildi stofnanasamningar ríkisins við félög innan BHM og hækkanir urðu hjá bankamönnum.

Kaupmáttaraukning varð 2.7% að meðaltali síðustu tólf mánuði en sú aukning nær þó til afmarkaðra hópa, einkum þeirra sem að ofan eru taldir. Eftir standa stórir hópar, aðallega á almennum vinnumarkaði, sem ekki hafa fengið aðrar hækkanir síðustu tólf mánuði en samningsbundin 2,5% um síðustu áramót. Kaupmáttur þeirra hefur rýrnað því verðlag hefur hækkað um 5.5% á sama tíma.

Heimild: www.asi.is

Aukahýra í upphafi frís

Launþegar eiga rétt á orlofsuppbót á sumrin.

Starfsmenn í fullu starfi allt síðasta orlofsár, frá 1. maí 2005 til 30. apríl 2006, fá greidda fulla orlofsuppbót. Hjá ríkinu, Reykjavíkurborg og á almennum vinnumarkaði er þar miðað við 22.400 krónur. Vinnuveitendur eiga að greiða þessa upphæð við upphaf orlofstöku og í síðasta lagi 15. ágúst. Starfsmenn sem vinna hluta úr árinu fá greitt hlutfallslega eftir sínu vinnuframlagi.

Heimild: www.efling.is

Með RE/MAX alla leið

Fasteignablað

75. tölublað - 4. árgangur - 28. maí, 2006

RE/MAX hefur lagt metnað sinn í að styðja afreks íþróttafólk víðsvegar að úr heiminum. Myndirnar eru úr leik Parma og Austria Magna í UEFA.

ÞITT *líf* - ÞINN *ferill* - ÞÍN *leið*

RE/MAX

RE/MAX®

Fléttuvellir 40

221 Hafnarfjörður

Opið hús 16:00-16:30

Verð: 34.600.000

Stærð: 211,5
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 2006
Bílskúr: Tvöfaldur

RE/MAX BORG kynnir glæsilegt einbýli á einni hæð í Vallarhverfi Hafnarfjarðar. Eignin er vel skipulögð og með góðri lofthæð. Komið er inn í anddyri, úr anddyrinu er inngengt í bílskúrinn, þvottahúsið er í anddyrinu. Bílskúrinn er tvöfaldur, innaf bílskúrnum er góð geymsla. Lítil gesta snyrting er við inngang íbúðarinn. Svefnherbergin eru öll rúmgóð með góðum gluggum. Baðherbergið er rúmgott. Eldhúsið er opið inn í stofuna en hún er mjög rúmgóð með útgengi í garðinn. Húsið skilast fullbúið að utan en fokhelt aöð innan.

RE/MAX BORG

Ella Lilja Sigursteinsdóttir
lögg. fasteignasali

Gunnar Sverrir Sölufulltrúi
862 2001
gunnar@remax.is

Hannes S. Sölufulltrúi
699 5008
hannes@remax.is





Karlagata 17

Reykjavík

Opið hús 14:00-14:30

Verð: 15.900.000

Stærð: 55,6
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1940
Brunabótamat: 7.950.000

RE/MAX BORG kynnir fallega 3ja herbergja íbúð við miðbæ Reykjavíkur. Komið er inn í gott anddyri. Eldhúsið er rúmgott með fallegri innréttingu. Baðherbergið er flísalagt, með snyrtilegri innréttingu og baðkari. Svefnherbergin eru rúmgóð með góðum skápum, úr öðru svefnherberginu er útgengi á svalir. Falleg eign á góðum stað í hjarta Reykjavíkur.

RE/MAX BORG

Ella Lilja Sigursteinsdóttir
lögg. fasteignasali

Gunnar Sverrir Sölufulltrúi
862 2001
gunnar@remax.is

Hannes S. Sölufulltrúi
699 5008
hannes@remax.is

Fífurimi 2

Reykjavík

Opið hús 14:00-14:30

Verð: 18.900.000

Stærð: 86,6
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1991
Brunabótamat: 12.150.000

RE/MAX BORG kynnir fallega 3ja herbergja íbúð í litlu fjölbýli í í Rimahverfi. Komið er inn í hol og gang sem tengir saman íbúðina. Svefnherbergi og stofa eru með ljósu eikarparketi en önnur gólf eru flísalögð. Góðir skápar eru í báðum svefnherbergjunum. Baðið er flísalagt með góðri innréttingu, baðkar með sturtu og aðstöðu fyrir þvottavél og þurkara. Í eldhúsi er fín innréttingu. Úr stofunni er útgengt á flísalagðar svalir með fallegu útsýni. Geymsla er innan íbúðar.

RE/MAX BORG

Ella Lilja Sigursteinsdóttir
lögg. fasteignasali

Hannes S. Sölufulltrúi
699 5008
hannes@remax.is

Gunnar Sverrir Sölufulltrúi
862 2001
gunnar@remax.is



Breiðavík 37

112 Reykjavík

Opið hús 15:00-15:30

Verð: 21.900.000

Stærð: 97,9
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1997
Brunabótamat: 14.450.000

RE/MAX BORG kynnir fallega 3ja herbergja íbúð Grafarvoginu. Forstofan er flísalögð og með góðum skáp. Stofan er parketlögð og rúmgóð með útgengi á góðar suður svalir. Eldhúsið er með fallegri innréttingu og góðum borðkrók, innaf eldhúsið er þvottahús. Baðherbergið er flísalagt bæði gólf og veggir, góð innrétting, baðkar og sturta. Svefnherbergin eru í góðri stærð með góðu skápaplássi og stórfenglegu útsýni yfir Esjuna. Petta er eign á góðum stað í Grafarvoginu.

RE/MAX BORG

Ella Lilja Sigursteinsdóttir
lögg. fasteignasali

Gunnar Sverrir Sölufulltrúi
862 2001
gunnar@remax.is


Hannes S. Sölufulltrúi
699 5008
hannes@remax.is

Stigahlíð 24

Reykjavík

Opið hús 15:00-15:30

Verð: 16.800.000

Stærð: 75,2
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1961
Brunabótamat: 10.250.000

RE/MAX BORG kynnir góða 4ra herbergja íbúð í góðu fjölbýlishúsi. Komið er í anddyri með fatahengi. Rúmgott hol tengir íbúðina saman. Í holinu er búið að bæta við einu svefnherbergi og úr því er útgengt á fínar svalir. Björt og rúmgóð stofa. Hjónaherbergið er rúmgott og með góðum skápum. Eldhúsið er með fínni innréttingu og góðum borðkrók. Baðherbergið er með baðkari. Barnaherbergið er rúmgott með góðum skáp. Í kjallara er sameiginlegt þvottahús og sér geymsla. Eign á góðum og stutt er í alla helstu

RE/MAX BORG


Ella Lilja Sigursteinsdóttir
lögg. fasteignasali

Gunnar Sverrir Sölufulltrúi
862 2001
gunnar@remax.is


Hannes S. Sölufulltrúi
699 5008
hannes@remax.is

Hásalir 8

Kópavogur

Opið hús 16:00-16:30

Verð: 47.900.000

Stærð: 176,6
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 2001
Brunabótamat: 27.060.000
Bílskúr: já

RE/MAX BORG kynnir glæsilegt parhús á tveimur hæðum í Salahverfinu í Kópavogi. Á neðri hæðinni er flísalögð forstofa, tvö svefnherbergi, flísalagt gesta baðherbergi, þvottahús með góðri innréttingu. Á efri hæðinni eru tvö svefnherbergi, stofa, eldhús með fallegri innréttingu úr gegnheilli rauðeik, flísalagt milli efri og neðri skápa. Flísalagt baðherbergi með nuddbaðkari og sturtu. Úr eldhúsi er útgengt á suðvestur svalir. Bílskúrinn er flísalagður. Á bakvið húsið er stór og vandaður pallur.

RE/MAX BORG

Ella Lilja Sigursteinsdóttir
lögg. fasteignasali

Gunnar Sverrir Sölufulltrúi
862 2001
gunnar@remax.is

Hannes S. Sölufulltrúi
699 5008
hannes@remax.is



Bragagata 29A

Reykjavík

Opið hús 16:00-16:30

Verð: 18.900.000

Stærð: 63,3
Fjöldi herbergja: 2
Byggingarár: 1923
Brunabótamat: 7.543.000

RE/MAX Borg kynnir einkar fallega 2ja herbergja íbúð á 1. hæð við Bragagötu. Nánari lýsing: Eldhús, innrétting hvít háglans, kremaðar flísar á gólfi, eldhústæki úr burstuðu stáli. Stofa og borðstofa með fljótandi hnotu á gólfum. Svefnherbergi með skápum og hnotu parketi á gólfi. Baðherbergi, hvít innrétting, kremaðar flísar á gólfi og veggjum og sturtu. Eignin hefur verið endurnýjuð að miklu leiti og má þar telja: innréttingar, gólfefni, hurðar, lagnir og baðherbergi.

RE/MAX BORG

Ella Lilja Sigursteinsdóttir
lögg. fasteignasali

Gunnar Sverrir Sölufulltrúi
862 2001
gunnar@remax.is


Hannes S. Sölufulltrúi
699 5008
hannes@remax.is

RE/MAX®

Álfkonuhvarf 43-45

203 Kópavogur

Opið hús 17:00-17:30

Verð: Frá 23.2

Stærð: Frá 104,5

Fjöldi herbergja: 3

Byggingarár: 2006

RE/MAX BORG kynnir fallegar 3ja herbergja íbúðir, með eða án stæðis í bílageymslu, við Álfkonuhvarf í Kópavogi. Íbúðirnar eru vel skipulagðar með rúmgóðum svefnherbergjum ásamt góðum skápum. Baðherbergin eru með flísalögð og veggi í ca. 2,1 hæð, í baðherbegjunum eru bæði baðker og sturtur. Þvottahús eru innaf íbúðunum. Eldhúsin eru opin með fallegri innréttingu og vönduðum tækjum frá AEG. Stofurnar eru rúmgóðar með útgegni á góðar svalir. Allar innréttingar eru frá HTH.

Ella Lilja Sigursteinsdóttir
lögg. fasteignasali

Hannes S.
Sölufulltrúi
699 5008
hannes@remax.is

Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
862 2001
gunnar@remax.is

RE/MAX®



RE/MAX KÓPAVOGUR

Þórarinn Jónsson hdl. lögg. fasteignasali

Vignir Sölufulltrúi **865 4039** vignir@remax.is

Gunnar Sölufulltrúi **822 3702** gv@remax.is

Hraunbraut 42

Verð: 16.900.000

Stærð: 90
Fjöldi herbergja: 2
Byggingarár: 1963
Brunabótamat: 9,2
Bílskúr: 25

200 Kópavogur
Opið hús mánudag kl.17:00 - 17:30

Góða 2ja herbergja 65,1 fm íbúð með 25,0 fm. bílskúr. Flísalögð forstofa með fatahengi. Baðherbergi er með dúk á gólfi og flísaplötum á veggjum, stór laus skápur sem fylgir og sturtuklefi. Svefnherbergi er með plastparketi á gólfi og stórum innbyggðum skáp, Eldhús er með dúk á gólfi, stór L-laga innrétting með góðum efri og neðri skápum, einnig stórir skápar á öðrum vegg. Gaseldavél og góður borðkrókur. Stofa er innaf eldhúsi, parket er á gólfi. Sameign er flísalögð og snyrtileg.

RE/MAX KÓPAVOGUR

Þórarinn Jónsson hdl. lögg. fasteignasali

Gunnar Sölufulltrúi **822 3702** gv@remax.is

Konráð Sölufulltrúi **822 0491** konrad@remax.is

Langamýri 30 og 32

Verð: 24,4 millj

Stærð: 141 m²
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2005
Bílskúr: 28 m²

800 Selfoss
Opið hús mánudag kl. 17.00- 17.30

Tvö glæsileg 113m² raðhús auk 28m² bílskúrs í Fosslandinu. Húsin skiptast í stofu, sjónvarpshol, baðherbergi, anddyri, eldhús, þrjú herbergi og geymslu/þvottahús. Eldhúsinnrétting er frá HTH og er úr eik. Öll tæki eru af gerðinni AEG frá Bræðrunum Ormsson. Öll tæki í eldhúsi eru úr stáli. Í svefnherbergjum og anddyri eru fataskápar úr eik. Allar innihurðir eru úr eik. Íbúðirnar eru seldar tilbúnar án gólfefna.




RE/MAX KÓPAVOGUR

Þórarinn Jónsson hdl. lögg. fasteignasali

Gunnar Sölufulltrúi **822 3702** gv@remax.is

Flétturimi 15

Verð: 21.900.000

Stærð: 100
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1992
Brunabótamat: 13,1

112 Reykjavík
Opið hús mánudag kl.17:00 - 17:30

Góða þriggja herbergja íbúð við Flétturima í Reykjavík. Komið er inn í parketlagða forstofu með skápum. Eldhúsið er með korkdúk á gólfi og með góðu skápaplássi, einnig er það góður borðkrókur. Stofan er parketlögð og með útgengi út á verönd þar sem er heitur pottur. Parketlagt herbergi með skápum. Hjónaherbergi er parketlagt og með skápum. Baðherbergið er flísalagt í hólf og gólf og er með baðkari. Þvottahúsið er dúklagt. Geymsla er í kjallara. Blokkin var öll tekin í gegn að utan nýlega.

Konráð Sölufulltrúi **822 0491** konrad@remax.is



RE/MAX KÓPAVOGUR

Þórarinn Jónsson hdl. lögg. fasteignasali

Vignir Sölufulltrúi **865 4039** vignir@remax.is

Ástún 12

Verð: 16,7 millj

Stærð: 78 m²
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1982
Brunabótamat: 11.950.000

200 Kópavogur
Opið hús mánudag kl. 18.00- 18.30

Sér inngangur er af svölum. Þvottahús er innan íbúðar, ný þvottavél og þurrkari geta fylgt. Baðherbergi er með baðkari og sturtuaðstöðu. Veggir eru flísalagðir og verið er að flísaleggja gólf. Hjónaherbergi er rúmgott með skápum og útgengt er á suður svalir. Barnaherbergi er með dúk á gólfi og skáp. Stofa er rúmgóð með dúk á gólfi. Útgengt er á góðar s-vestur svalir. Eldhús er með fallegri hvítri innréttingu og borðkrók við glugga. Sérgeymsla er í kjallara. Góð eign á vinsælum stað.

Gunnar Sölufulltrúi **822 3702** gv@remax.is



RE/MAX KÓPAVOGUR

Þórarinn Jónsson hdl. lögg. fasteignasali

Vignir Sölufulltrúi **865 4039** vignir@remax.is

Gunnar Sölufulltrúi **822 3702** gv@remax.is

Hörðuvellir 6

Verð: 13,9 millj

Stærð: 81,2 m²
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1958
Brunabótamat: 10.550.000

800 Selfoss
Opið hús mánudag kl. 18.00- 18.30

Glæsileg nýstandsett íbúð á efstu hæð í þríbýlishúsi á góðum stað á Selfossi. Íbúðin er mjög vel skipulögð og eru öll herbergi mjög rúmgóð. Búið er að skipta um lagnir fyrir ofna og neysluvatn, öll gólfefni eru ný, flísar og gegnheilt parket, nýtt helluborð og ofn í eldhúsi, Baðherbergið alveg tekið í gegn – nýr sturtuklefi, flísar bæði á veggjum og gólfi, nýtt upphengt klósett og innrétting. Nýjar hurðir eru einnig í íbúðinni. Glæsileg eign sem vert er að skoða.



RE/MAX KÓPAVOGUR

Þórarinn Jónsson hdl. lögg. fasteignasali

Konráð Sölufulltrúi **822 0491** konrad@remax.is

Gunnar Sölufulltrúi **822 3702** gv@remax.is

Starhólmi 2

Verð: 46,9 millj

Stærð: 204,6 m²
Fjöldi herbergja: 6
Byggingarár: 1972
Brunabótamat: 28,9
Bílskúr: 39 m²

200 Kópavogur
Opið hús mánudag kl. 19.00- 19.30

Gott 204,6 fm einbýlishús ásamt 39 fm bílskúr á góðum stað í Kópavogi. Gengið er inn í flísalagða forstofu með fatahengi. Eldhús er með upprunalegri innréttingu. Stofa/borðstofa er með nýju parketi. Gestabaðherbergi með sturtu og þrjú barnaherbergi með nýju plastparketi á gólfi. Hjónaherbergi með skápum og parketi á gólfi. Baðherbergi með baðkari er inn af herbergi. Teppalagður stigi liggur niður á neðri hæð. Innangengt er í góðan flísalagðan bílskúr með gryfju.




RE/MAX KÓPAVOGUR

Þórarinn Jónsson hdl. lögg. fasteignasali

Gunnar Sölufulltrúi **822 3702** gv@remax.is

Reykjamörk 3

Verð: 28.900.000

Stærð: 172,4
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1968
Brunabótamat: 20.6

810 Hveragerði
Opið hús mánudag 19:00 - 19:30

Gott einbýli í Hveragerði ásamt stórum bílskúr. Komið er inn í flísalagða forstofu með hengi. Í stofu og borðstofu er parket á gólfum og þaðan er útgengt í garðinn og á góðan 16fm sólpall. Eldhúsið er parketlagt með góðu skápaplássi og borðkrók. Inn af eldhúsi er flísalagt þvottahús með innréttingu þar sem útgengt er í garðinn. Á svefnherbergisganginum er hjónaherbergi með góðu skápaplássi og tvö barnaherbergi. Öll herbergin eru parketlögð.Baðherbergið er með flísum á gólfi og veggjum.

Konráð Sölufulltrúi **822 0491** konrad@remax.is




RE/MAX KÓPAVOGUR

Þórarinn Jónsson hdl. lögg. fasteignasali

SORPA, Gufunesi
Stilling ehf
Verðbréfaskráning Íslands hf
Verzlunarmannafélag Reykjavíkur
VSÓ Ráðgjöf ehf

Kópavogur
Bifreiðaverkstæðið Toppur ehf
Borgargarðar ehf
- skrúðgarðaþjónusta
Borgarvirki ehf
Brostu tannlæknastofa Páls
Hellur og garðar ehf
Íslandsspil sf
Kópavogsbær

Garðabær
Íslenska félagið ehf

Hafnarfjörður
Glerborg hf
Ísrör ehf
Knattspyrnufélagið Haukar
Lifandi vísindi
Nýsir hf

Keflavík
Bakkavör Group hf
Reykjanesbær
Sýslumaðurinn í Keflavík
Verslunarmannafélag Suðurnesja

Grindavík
Grindavíkurkaupstaður
Sparisjóður Keflavíkur, Grindavík
Útgerðarfélagið Einhamar ehf
Þorbjörn Fiskanes hf

Garður
Sveitarfélagið Garður

Njarðvík
Hitaveita Suðurnesja

Mosfellsbær
Afltak ehf

Akranes
GT Tækni ehf
Íþróttabandalag Akraness
Markstofa ehf
Verkalýðsfélag Akraness,
www.akranes.sgs.is

Reykholt
S.S.B.N.S. - byggðasamlag

Stykkishólmur
Rauði kross Íslands
Stykkishólmsdeild

Snæfellsbær
Þorgeir Árnason ehf

Búðardalur
Sýslumaðurinn í Búðardal

Ísafjörður
Ísafjarðarbær
Orkubú Vestfjarða hf

Bolungarvík
Bolungarvíkurkaupstaður
Sýslumaðurinn í Bolungarvík

Súðavík
Súðavíkurhreppur

Suðureyri
Fiskvinnslan Íslandssaga hf

Norðurfjörður
Árneshreppur

Hvammstangi
Stýrihópur um forvarnir
Húnaþing vestra

Sauðárkrókur
Kaupfélag Skagfirðinga

Siglufjörður
Siglufjarðarkaupstaður

Seyðisfjörður
Seyðisfjarðarkaupstaður

Hveragerði
Aðalsalan - Reikningsskil

Laugarvatn
Menntaskólinn að Laugarvatni

SAMSTARF UM FORVARNIR 280506

Persónur og leikendur berjast fyrir betri heimi

Hasarmyndin *X-Men: The Last Stand* var frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Cannes fyrir viku. Myndin er stjörnum prýdd og þær mættu flestar á frönsku Rivíeruna til þess að fylgja myndinni úr hlaði. **Þórarinn Þórarinsson** hitti stjörnufansinn að máli og fræddist bæði um gerð myndarinnar og einkahagi leikaranna.

Hugh Jackman hefur verið með í öllum X-Men myndunum enda leikur hann lykilpersónuna Wolverine. Kelsey Grammer, sem Íslendingar þekkja best sem snobbaða geðlækninn Frasier, er hins vegar nýliði í hópnum en hann er kynntur til leiks í nýju myndinni sem hinn loðni og bláleiti Dr. Hank McCoy, eða Beast eins og hann kýs að kalla sig þegar hann er í jötunmóð.

Kynþokkafull ofurmenni

Jackman og Grammer eru orðnir hinir mestu mátar. Þeir hittast af og til og voru á léttu nótunum í Cannes.

„Við komumst nær kjarna persónanna í þessari mynd," segir Jackman sem er þegar farinn að leggja á ráðin um sérstaka mynd um persónu sína, sjálfstætt framhald X-Men myndanna þar sem hann verður einn á báti.

„Við erum komin með nýjan leikstjóra og aðdáendur fyrri myndanna og kvikmyndaáhugafólk mun örugglega verða vart við einhverjar breytingar en það sem ég fann helst fyrir er að handritið er sterkara. Hugmyndin að því að það sé hægt að „lækna" X-fólkið af ofurhæfileikum sínum er frábær og kristallar það sem X-Men sögurnar snúast um. Brett Ratner vildi gera X-Men kynþokkafyllri, fyndnari og tilfinningaríkari og ég held að honum hafi tekist það."

Það er ansi mikil kynferðisleg spenna á milli persónanna í nýju myndinni og þær eru munúðarfyllri en áður. „Ég veit samt ekkert hvernig við náðum þessu fram þar sem ég kann ekkert að leika mig kynþokkafullan."

„Hvað mína persónu snertir þá snýst kynferðislega spennan um það að hann hefur ekki fengið það lengi," segir Grammer og hlær. „Það gerir feldurinn, sjáðu til."

Kostir og gallar erfðatækninnar

Genabreytingar og erfðatækni koma nokkuð við sögu í The Last Stand og Jackman tengir viðfangsefnið einkalífi sínu. „Erfðatækninn gerir okkur kleift að hafa ótrúlega mikil áhrif á líf okkar. Sumt er jákvætt en annað þykir ónáttúrulegt eins og hugmyndir um að breyta ákveðnum eðlisþáttum sem við fæðumst með. Þessi mál eru réttilega í umræðunni. Ég get nefnt sem dæmi að ég og konan mín höfum reynt tæknifrjóvgun. Það tókst að vísu ekki og við eigum tvö ættleidd börn."

„Tæknifrjóvgunin virkaði hins vegar í mínu tilfelli," segir Grammer. „Egg úr konunni minni og sundkapparnir mínir voru leidd saman og við vorum svo heppin að fá leigumóður til að ganga með börnin okkar og nú á ég son og dóttur. Þetta er dásamlegt og er eitthvað sem við hefðum ekki getað gert án hjálpar."

Hættuleg hvílubrögð

Leikkonan Famke Janssen snýr aftur sem Dr. Jean Grey í nýju myndinni. Hún vakti mikla athygli árið 1995 þegar hún lék rússneska morðingjann Xenia Onatopp á móti Perce Brosnan í James Bond myndinni Goldeneye. Xenia átti það til að drepa menn í miðjum ástarleik með því að kremja þá á milli læra sér. Jean Grey setur Wolverine í sambærilega klemmu í The Last Stand í miklum ástarbríma og einhverjir hafa freistast til þess að ætla að þetta hvílubragð sé henni eðlislægt.

„Mér finnst það svo fyndið að fólk velti þessu fyrir sér. Eftir því sem ég kemst næst hefur fólk gert það í þessari stellingu öldum saman og þó ég hafi tekið Hugh á milli fóta minna þýðir það ekki að ég sé að kremja úr honum líftóruna eins og ég gerði í Goldeneye. Fyrir mér er þetta náttúruleg stelling og ég skil ekki alveg af hverju hún þykir tengja saman þessar tvær myndir eða persónur. Bondmyndin er 10 ára gömul og ég er alveg steinhissa á að fólk sé enn að tala um Xeniu þó mér þyki auðvitað vænt um það."

Magneto kemur út úr skápnum

Tilraunir yfirvalda til þess að „lækna" stökkbreyturnar í The Last Stand er grímulaus gagnrýni á þá tilhneigingu ákveðinna hópa til að steypa alla í sama mót og kallast til dæmis á við réttindabaráttu samkynhneigðra.

Sir Ian McKellen leikur skúrkinn Magneto sem berst með ofbeldi gegn lækningunni. Kellen hefur verið ötull talsmaður fyrir



MAGNETO Mannkyninu stendur ógn af þessari bitru stökkbreytu sem Ian McKellen leikur. Leikarinn vill þó ekki viðurkenna að Magneto sé ekta skúrkur og lítur á hann sem fórnarlamb vegna þess að enginn fæðist illur. það þurfi að skoða fortíð fólks til þess að átta sig á hvað keyrir það áfram í sjúklega andfélagslegri hegðun.

Patrick Stewart og Ian McKellen

Þeir leika erkifjendurna Magneto og Professor X. Í byrjun myndarinnar er horfið 20 ár aftur í tímann og þeir eru því öllu yngri en þeir hafa verið hingað til. „Ég hef mjög gaman af því hvað hægt er að gera með þessari nýju tækni og nú erum við Meryl Streep að spá í að leika Rómeó og Júlíu," segir McKellen.

Famke Janssen

Sló á létta strengi þegar Dr. Jean Gray, sem hún leikur í X-Men, var borin saman við morðkvendið Xeniu Onatopp sem hún lék í Goldeneye fyrir rúmum áratug.

Kjörís

Kjörís býður öllum börnum upp á ís
í Bláa Lóninu í dag.

Opið alla daga frá kl. 9.00–21.00. Frítt fyrir börn 11 ára og yngri í fylgd með forráðamönnum.
www.bluelagoon.is • 420 8800.

Hugh Jackman

Var afslappaður í Cannes og lék við hvern sinn fingur. Hann telur víst að X-Men myndirnar verði ekki fleiri en ætlar þó ekki að segja skilið við Wolverine og er þegar byrjaður að leggja drög að sjálfstæðu framhaldi X-Men þar sem Wolverine verður að öllum líkindum einn síns liðs.

réttindum samkynhneigðra eftir að hann kom út úr skápnum og efniviðurinn heillaði hann að sjálfsögðu.

„Ég var ekki bundinn samningi um að gera þessa mynd og hefði ekki gert það ef handritið hefði ekki höfðað til mín. Sé fjörutíu ára saga Marvel myndasögublaðanna um X-Men skoðuð sést að ungir svertingjar, gyðingar og hommar hafa í gegnum tíðina lesið þær af mestum áhuga. Þeir hafa alltaf getað speglað sjálfa sig í stökkbreytunum þar sem þeir þekkja það af eigin raun hvernig það er að búa í samfélagi sem sendir þeim skýr skilaboð um að þeir séu öðruvísi, afbrigðilegir, og vill breyta þeim," segir McKellen.

„Til er fólk sem heldur að það sé hægt að lækna samkynhneigð. Það er engin munur á að halda því fram og segja að það sé hægt að lækna húðlit eða kynþátt einhvers. Þetta er þvæla en það er skelfileg staðreynd að það fyrirfinnast einstaklingar sem trúa þessu. Ég var mjög hrifinn af þessum þætti handritsins vegna þess að þetta er mikilvægt málefni. Ungt fólk mun sjá þessa mynd og fá þannig mikilvæg skilaboð."

Fórnarlamb frekar en skúrkur

McKellen er ekki alveg tilbúinn til þess að gangast við því að Magneto sé hreinræktaður skúrkur. „Hann vill vissulega stjórna heiminum en ég lít frekar á hann sem fórnarlamb en ofurskúrk. Í fyrstu myndinni sjáum við hann leiddan í útrýmingarbúðir nasista ásamt foreldrum sínum. Slík reynsla setur auðvitað sitt mark á manneskjuna fyrir lífstíð. Ég þurfti að einbeita mér að því hvers vegna Magneto varð eins og hann er og ég held að við horfum alltaf skakkt á þetta. Maður á ekki að byrja á því að segja við sjálfan sig „ég fæddist illur". Maður á að spyrja sig að því hvernig samband manns við móður manns var. Svarið liggur yfirleitt þar. Við eigum að spyrja okkur „af hverju gerði hann þetta?" Hættum að tala um keisaraveldi hins illa og að Saddam Hussein sé vondur maður. Ekki byrja þar. Farið aftar og spyrjið hvað gerði hann eins og hann er og hvernig er það pólitíska umhverfi sem hann berst gegn? Heimurinn verður ekki betri fyrr en fólk áttar sig á þessu."

Kelsey Grammer

Þessi góðkunningi íslenskra sjónvarpsáhorfenda kunni vel við sig í gervi Beast og segir frábært að hafa farið frá sjónvarpsþáttunum um Frasier yfir í það að leika ofurhetju í stórmynd. „Það er dásamlegt að vera ofurhetja vegna þess að það fer mér svo vel."

Háteigsvegi 105 Reykjavík Sími 522 3300 Fax 522 3301 fti@fti.is www.fti.is

Er þetta nám fyrir þig?

Rekstur og stjórnun í atvinnulífinu

Námið hentar vel fyrir alla faglærða sem hafa reynslu úr atvinnulífinu, svo sem í sjávarútvegi, matvælaiðnaði, ferðaþjónustu og öðrum atvinnugreinum. Námið er blanda af lotunámi og fjarnámi þar sem eitt fag er kennt í senn og tekur 6 vikur. Nemendur koma í skólann í þrjá daga á þriggja vikna fresti. Hverju fagi lýkur með heimaprófi eða verkefnavinnu.

Þetta er hagnýtt framhaldsnám í rekstri og stjórnun, þrjú fög tekin á önn, tvö kjarnafög um ýmsa grundvallarþætti rekstrar og stjórnunar og eitt sérfag sem tengist viðkomandi atvinnugrein.

Námið er krefjandi en býður jafnframt upp á sveigjanleika í tilhögun og skipulagningu. Námið hefst með fornámskeiði 8. ágúst og lýkur haustið 2008.

Nánari upplýsingar
Á heimasíðunni okkar **www.fti.is** og í síma **522 3300**.
Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á **fti@fti.is**.

FJÖLTÆKNISKÓLI ÍSLANDS
TÆKNI VÉLAR SIGLINGAR ÚTVEGUR

Réttu tækin í þrifin

Nilfisk-ALTO háþrýstidælur á tilboðsverði

Bjarnþór Þorláksson
bílstjóri RV

Tilboðið gildir út maí 2006
eða meðan birgðir endast.

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

Þjóðin á kjörstað

Stærstur hluti Íslendinga mætti á kjörstaði víðs vegar um landið í gær til að sýna lýðræðið í verki. Blaðamaður tók nokkra tali í Ráðhúsi Reykjavíkur.

HALLDÓR EGGERTSSON Halldór átti erfitt með að ákveða það hvert hans atkvæði skyldi fara en valdi að lokum Sjálfstæðisflokkinn þar sem hann gat ekki hugsað sér þann möguleika að einhvers konar R-listasamstarf yrði við völd í fjögur ár í viðbót. Honum finnst málefni „gamlingja" hafa setið á hakanum undanfarin ár.

SIGURBJÖRG ÁSGEIRSDÓTTIR Sigurbjörg var í Kvennalistanum á sínum tíma þar sem hún barðist fyrir sameiningu vinstri afla. Hún syrgir R-listann en greiddi Samfylkingunni atkvæði sitt eftir heldur dauflega kosningabaráttu, að henni fannst.

GUÐBJÖRG HARALDSDÓTTIR Guðbjörg kaus Samfylkinguna í ár vegna þess að henni leist best á frambjóðendur hennar. Hún segir ákvörðunina ekki hafa verið sérlega erfiða.

HELGA RÚN PÁLSDÓTTIR Helga Rún er hörð sjálfstæðiskona og trúir og treystir á frambjóðendur flokksins. Hún segist þó vera loksins farin að þroskast og sjá að aðrir flokkar hafi ýmislegt gott til brunns að bera líka.

ÞORGILS RAGNARSSON Þorgils fylgdist lítið með kosningabaráttunni í ár en segist hafa taugar til Framsóknarflokksins og kaus hann í ár líkt og hann hefur alltaf gert.



Leystu krossgátuna! Þú gætir unnið diskinn Þögn með hinni hæfileikaríku söngkonu Láru Rúnarsdóttur!

Þú sendir SMS skeytið
JA LAUSN LAUSNARORÐIÐ á númerið **1900**!

Dæmi hvernig SMS gæti litið út ef svarið er Jón. Þá sendir þú SMS-ið JA LAUSN JON.

99 kr/SMS

Dregið úr réttum svörum n.k. fimmtudag kl. 12.

MP & BH (19)		MÓRAUÐ KIND	ÁVÖXTUR	MÁLMUR		HLJÓMA	ÞREYTA	DOLLA	KÖFNUNAR-EFNI								
→																	
KÚGUN					KLETTA-HYRNA / AFKOM-ANDI												
SJÁ EFTIR / AFTRA							BORÐAÐI / MASTUR							SÍÐASTI DAGUR	↓	FULL-KOMIN SÆLA	
	HUGAR-BURÐUR	SJÓ	ÞYRPING	Í HÁLSI / BEIN			(6)			REKA FRÁ / VELTA							
URGA						LÆGRI / GÆTT						DANS / UMFRAM					
STIKUN							SKRÖKVA / DRAUGUR						FLAN / DRASL				
		NIÐUR-FELLING / Á PEISU						VONDUR / VATNS-GUFA							SJÓ / GUNGA		
TANGI				FRUM-EIND / FERÐ				(1)	LÉLEGUR / SLANGA						(3)	HALTU BROTT	
FJÚK					GNÆFA / ÁRSTÍÐ						MINNK-UÐU	BLUNDA / LAND					
KRINGUM	(5)		MANN-ÞYRPING	(2)		SVELGUR / EINN MILLJARÐ-ASTI				KVK NAFN / SAMTÖK							SJÁ EFTIR
SMÁN							YFIRSTÉTT / X		(4)				ÖRN / FLANA				
				FÆÐU				ÞUSA / ÓNEFND-UR							TVEIR EINS / ÍÞRÓTTA-FÉLAG		
										SVIPA							
				SEFUN					SMÁ-PENINGAR								

Sófa dagar

15-60% afsláttur

Af öllum sófasettum

Yfir 100 tegundir í boði

Fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri

Gildir til 1. júní eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

FAGNAÐUR

9. sýn. í kvöld sun. 28/5 örfá sæti laus. **Allra síðasta sýning í vor.**

GALDRASKYTTAN - DER FREISCHÜTZ

Frumsýning fös. 2/6 uppselt, mið. 7/6, fös. 9/6, lau. 10/6. **Aðeins þessar 4 sýningar. Samstarfsverkefni Sumaróperunnar, Sinfóníuhljómsveitar unga fólksins, Dansleikhússins og Listahátíðar í Reykjavík.**

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR

Sala hafin á sýningar í september.
Fös. 15/9 nokkur sæti laus, lau. 16/9 örfá sæti laus, sun. 17/9 nokkur sæti laus.

UMBREYTING - LJÓÐ Á HREYFINGU

Í kvöld sun. 28/5 nokkur sæti laus. **Allra síðasta sýning í vor.**
Brúðuleikhús fyrir fullorðna.
Samstarfsverkefni Þjóðleikhússins og Listahátíðar í Reykjavík.

ÞURÍÐUR OG KAMBSRÁNIÐ

Fös. 2/6 nokkur sæti laus.
Leikfélag Selfoss - Athyglisverðasta áhugaleiksýning ársins.

LEIKHÚSKJALLARINN

Art, Truth and Politics - Nóbelsræða Harolds Pinter.
Upptaka sýnd í Leikhúskjallaranum að loknum sýningum á Fagnaði.
Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

STUÐ MILLI STRÍÐA Ungfrú tímaskekkja

BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR ER EKKI HRIFIN AF GRIPASÝNINGUM

Við vinkonurnar komum okkur vel fyrir á miðvikudagskvöldið og horfðum á mestu tímaskekkju Íslands, Ungfrú Ísland. Þarna dilluðu sér á bikiníum litlar stúlkur sem í æsku dreymdi um það að verða prinsessur. Ég viðurkenni það fúslega að mig dreymdi líka þann draum þegar ég var lítil og fimm ára. En einhvern veginn gerðist það með árunum að tilhugsunin um að ganga um sviðið á Broadway í síðum ballkjól í „ninety's" stíl og jafnvel með semelíukórónu á kollinum varð minna og minna heillandi. Auk þess er keppni af þessu tagi algjörlega á skjön við alla feminíska hugsun og persónulega finn ég engan ljósan punkt á þessu öllu saman.

Ungfrú heimur, hin fríða og viðkunnanlega unga kona tók væna dýfu þvert yfir gólfið á Broadway fyrir framan alþjóð á miðvikudaginn. Vinkona mín heyrði það seinna að lítil tveggja ára stúlka hefði tekið andköf og hrópað hrifin: „Sjáðu mamma, hún kann að fljúga!!" Gott dæmi um hvað prinsessudraumurinn byrjar snemma. Vonandi vex þessi litla dama úr grasi og þroskar með sér gagnrýnni hugsun en svo að henni detti í hug að taka þátt í tímaskekkjunni ógurlegu sem þjappar hugtakinu fegurð í lítinn kassa sem rúmar ekkert nema gervibrúnku, úr hófi mikinn farða, hrikalega ballkjóla, platínuljóst hár, grannan líkama og hæfilega stór brjóst.

Ég er semsagt frekar neikvæð á þetta allt saman og held með þeim sem kalla fegurðarsamkeppnir gripasýningar af versta tagi. En svona til að enda þennan síðasta pistil minn á aðeins jákvæðari hátt vil ég þakka þér sem ert að lesa fyrir að hafa pínu áhuga á kíkja inn í líf mitt af og til. Ánægð með þig. Farin að vinna við að leika við lítil börn, moka, róla og kubba í sumar og svo að læra hvernig á að hanna föt næstu þrjú árin. Takk og bless!

myndasögur

Pondus Eftir Frode Overli



ÓVENJULEGA LJÓÐRÆN EFNISSKRÁ Hlín Pétursdóttir, Bryndís Pálsdóttir, Bryndís Björgvinsdóttir, Sigurður Halldórsson, Eydís Franzdóttir og Herdís Anna Jónsdóttir, sem vantar á myndina, leika í Norræna húsinu í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ljúf ljóðatónlist 15:15

Söng- og kammertónleikar sem bera heitið „Best að borða ljóð og serenöður við dökkan spegil“ verða á dagskrá tónleikaraðarinnar 15:15 í dag.

„Yfirskrift tónleikanna er samsuða úr nöfnum á þeim verkum sem við erum að flytja. Titillinn „Best að borða ljóð“ er yfirskrift laga eftir Jóhann G. Jóhannsson við ljóð Þórarins Eldjárn en við munum flytja tvö þessara laga á dagskránni,“ segir Eydís Franzdóttir óbóleikari.

Á dagskránni verða einnig flutt lög við ljóð Halldórs Laxness en þau voru sérstaklega samin fyrir leiksýninguna Halldór í Hollywood. „Fyrsta verkið á dagskránni er verk eftir Elínu Gunnlaugsdóttur. Verkið sem heitir „Im Dunkel Spiegel“ er samið við ljóð eftir Barböru Köhler sem ber titilinn „Das blaue Wunder“, en lagið tileinkar hún minningu þýskri ömmu sinni. „Verk Elínar afar fallegt og dálítið innhverft en það á að lýsa spegilmynd í vatni og hún nær stemningunni vel,“ segir Eydís.

„Verk efir Paul Hindemith verður einnig flutt en það er í nokkrum þáttum. Hann er líka sniðugur að beita þeim margbreytilegum litum sem þau ólíku hljóðfæri bera sem koma fyrir á tónleikunum. Elín er með dökkan lit í sínu verki en Hindemith er með mismunandi liti í hverjum kafla. Hann samdi Serenöðuna eða litla Kantötu við rómantíska texta, sem brúðkaupsgjöf fyrir konu sína en það er enda mjög hugljúft og auðvelt að njóta þess.“

Þegar Eydís er innt eftir íslensku þýðingunni á serenöðu segir hún það vera „kvöldlokka en þessi tegund tónlistar á rætur sínar að rekja til klassíska tímabilsins, þegar svokölluð skemmtitónlist var mikið spiluð en hún var gjarnan leikin í hallargörðum og við hinar ýmsu hátíðir hefðarfólks. Þessir söng- og kammertónleikar eru einnig einskonar skemmtidagskrá enda er allt yfirbragð þeirra létt,“ segir Eydís að lokum

15:15 tónleikaröðin fer nú fram í Norræna húsinu. **- brb**

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

25 26 27 28 29 30 31

Sunnudagur

TÓNLEIKAR

- 15.15 Söng- og kammertónleikar í **15:15 tónleikasyrpunni** í **Norræna húsinu**. Lög **Jóhanns G. Jóhannssonar** við ljóð **Þórarins Eldjárn** og **Halldórs Laxness**.
- 17.00 **Jón Gunnar Biering Margeirsson** lýkur burtfararprófi frá **Tónlistarskóla Álftaness** með tónleikum í **Bessastaðakirkju**. Á efnisskrá tónleikanna eru m.a. verk eftir **J.S. Bach, F. Tárrega, Villa-Lobos** og **Albéniz**. Tónleikarnir eru öllum opnir.

LISTAHÁTÍÐ

- 11.00 **Sunnudagsmorgnar með Schumann**. Tónleikadagskrá í tónlistarhúsinu **Ými**.
- 15.00 **Sinfóníuhljómsveit Norðurlands** flytur **Sköpunina** eftir **Haydn** ásamt einsöngvurum í **Egilsstaðakirkju**.

Rimini

Vinsælasti sumarleyfisstaður Ítalíu

Síðustu sætin í maí og júní frá kr. 29.990

Verð kr. 29.990

Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í íbúð í viku. Stökktu tilboð 31. maí og 7. júní. Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn. Aukavika kr. 10.000.

Verð kr. 34.990

Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi/stúdíó/íbúð í viku. Stökktu tilboð 31. maí. Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn. Aukavika kr. 10.000. 7. júní kr. 5.000 aukalega á mann.

Heimsferðir bjóða frábær tilboð til Rimini í maí og júní. Njóttu lífsins í sumar á þessum. vinsælasta sumarleyfisstað Ítalíu. Rimini er ekki aðeins frábær áfangastaður út af fyrir sig heldur eru ótrúlega spennandi valkostir í næsta nágrenni, vilji menn kynnast mörgum andlitum Ítalíu í einni ferð.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
Sett upp í samstarfi við Leikfélag Akureyrar

LAU. 3. JÚNÍ KL. 19 - UPPSELT
LAU. 3. JÚNÍ KL. 22 - Aukasýning
FIM. 8. JÚNÍ KL. 19 - Aukasýning
LAU. 10. JÚNÍ KL. 19 - NOKKUR SÆTI LAUS
SUN. 11. JÚNÍ KL. 15 - Aukasýning
FIM. 8. JÚNÍ KL. 19 - Aukasýning

„Besta söngleikjauppfærsla ársins“
S.S - Fréttablaðið

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga
Símasala kl. 10-18. þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Óperuvefnum allan sólarhringinn

ÍSLENSKA ÓPERAN

BORGARLEIKHÚSIÐ

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Í dag kl. 14 UPPS.
SÍÐASTA SÝNING Í VOR.
Miðasala hafin á sýningar í haust!

FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP
Í kvöld kl. 20 UPPS. Fi 1/6 kl. 20 UPPS.
Fö 2/6 kl. 20 UPPS. Fö 2/6 kl. 22:30
Má 5/6 kl. 20 Þri 6/6 kl. 20
UPPS. Fö 9/6 kl. 20 UPPS. Fö 9/6 kl. 23
Má 12/6 kl. 20 Þri 13/6 kl. 20

VILTU FINNA MILLJÓN?
Mi 31/5 kl. 10 UPPS.
Fö 2/6 kl. 20 UPPS. Lau 3/6 kl. 20 UPPS.
Má 5/6 kl. 20 Fi 8/6 kl. 20 UPPS.
Fö 9/6 kl. 20 UPPS. Lau 10/6 kl. 20 UPPS.
Su 11/6 kl. 20 AUKASÝNING
Fi 15/6 kl. 20 Sun 18/6 kl. 20

HLÁTURHÁTÍÐ
Í kvöld kl. 20:00
HLÁTURNÁMSKEIÐ
MIÐAVERÐ 1.000
Ásta Valdimarsdóttir og Kristján Helgason kenna hláturjóga.

NAGLINN
Fi 1/6 kl. 20 SÍÐASTA SÝNING

25 TÍMAR
DANSLEIKHÚSSAMKEPPNIN 2006
9 verk verða frumsýnd sem keppa til verðlauna.
Fi 8/6 kl. 20
Teldu mig með. Höf. Ólöf Ingólfsdóttir og Þórdís Elva Þorvaldsdóttir Bachman.
Elsku bróðir. Höf. Steinunn Ketilsdóttir.
Blind ást. Höf. Rebekka Rán Samper.
Tommi og Jenni. Höf. Elma Backman, Stefán Hallur Stefánsson ogHalldóra Malín Pétursd.
Boðorðin 10. Höf. Marta Nordal.
Guðæri. Höf. Ólafur Darri Ólafsson og Lovísa Ósk Gunnarsdóttir
Dillir dó og Dummi. Höf. Benóný Ægisson.
Shoe size nine months. Höf. Peter Anderson.
Stigma. Höf Andreas Consantinou.

MIÐAVERÐ 2.500. Miðasala hafin.

RONJUVÖRUR
Bolir, sundpokar, nælur, geisladiskur ofl.
Fæst í miðasölu Borgarleikhússins.

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

Námið sem ég ætlaði alltaf í?

Fjarnám í haust?

Náms- og starfsráðgjöf 30e - Diplómanám

Háskóli Íslands býður nú fjarnám í Náms- og starfsráðgjöf, diplómanám frá og með haustmisseri 2006

Námið er
- ætlað þeim sem hyggjast starfa við ráðgjöf með fullorðnum t.d. á símenntunarmiðstöðvum og við námsráðgjöf í skólum
- skipulagt sem hlutanám sem dreifist á fjögur misseri
- hugsað fyrir nemendur utan höfuðborgarsvæðisins.

Nánari upplýsingar um skipulag námsins og umsóknareyðublöð eru á heimasíðu félagsvísindadeildar **http://www.felags.hi.is/**

HORN / Haukur / 2383b

Umsóknarfrestur er til 6. júní

Félagsvísindadeild Háskóla Íslands

„Jæja, piltur minn, má ég kynna: Ég er hinn mikli vísindamaður, Tímóteus. Ég stefni að algjörum heimsyfirráðum, mikilli frægð og taumlausu ríkidæmi, hvað sem það kostar. Eftir skamma stund verður þú sendur í mjög mikilvægt njósnaferðalag sem verður örsmár liður í frægðargöngu minni.“

Úr ævintýrabókinni Teitur tímaflakkari eftir Sigrúnu Eldjárn sem kom út hjá Forlaginu árið 1998.

bækur

baekur@frettabladid.is

Tilvalin lesning í sumarfríið

Skáldsagan um hinn riddaraann hugprúða Don Kíkóta eftir spænska rithöfundinn Miguel de Cervantes var valin besta bók allra tíma um árið 2002 þegar 100 þekktir rithöfundar frá 54 þjóðlöndum kusu sín á milli um þá merku upphefð. Bókin kom út í nýrri og endurskoðaðri útgáfu þýðandans Guðbergs Bergssonar á árunum 2002-2003 en nú er hún endurútgefin hjá forlaginu JPV í hentugu vasabroti, til dæmis fyrir þá lesendur sem vilja taka með sér staðgóðar bókmenntir í verulega langar lestarferðir eða tjalda lengur en til einnar nætur á erlendri sólarströnd. Don Kíkóti hefur verið kölluð fyrsta nútímaskáldsagan

en í henni skopstælir höfundurinn riddarasögur sem voru rómantískar sápuóperur síns tíma. Aðalpersónan, Don Kíkóti, sem lesið hefur riddarasögur sér til óbóta og tapað tengslum við veruleikann, heldur út í heiminn til að láta gott af sér leiða og vinna hjarta konunnar sem hann elskar. Honum til fulltingis ferðast jarðbundinn aðstoðarmaður hans, Sansjó Pansa, um ævintýralöndin hvort heldur þau eru í huganum eða ekki þvi vindmyllur breytast í risa, kindahjarðir í óvinaheri og bændadætur í fagrar prinsessur.

Bókina prýðir fjöldi mynda eftir Gustave Doré og þar má einnig finna upplýsandi formála frá þýðandanum, Guðbergi Bergssyni.

> Bók vikunnar

Kvæðasafn Snorra Hjartarsonar geymir höfundarverk eins listfengasta ljóðskálds 20. aldarinnar. Bókina prýðir aukinheldur fjöldi mynda, bæði eftir Snorra og úr einkasafni hans. Hjörtur Pálsson rithöfundur ritar inngang um skáldið og verk þess.

Sitji guðs englar á sviði

Bækur Guðrúnar Helgadóttur Sitji Guðs englar, Saman í hring og Sænginni yfir minni hafa notið mikilla vinsælda meðal yngri sem eldri lesenda og í haust verður leikrit sem byggir á bókunum fært á fjalir Þjóðleikhússins og fór fyrsti samlestur á verkinu fram í vikunni.

Leikverkið fjallar um skrautlegar og skemmtilegar uppákomur, sem og átakanlega atburði, í stórri fjölskyldu í íslensku sjávarþorpi á stríðsárunum. Leikgerðina gerir Illugi Jökulsson en söngtexta semur Þórarinn Eldjárn.

Guðrún Helgadóttir hefur verið einn vinsælasti og virtasti barnabókahöfundur þjóðarinnar allt frá því að hún sendi frá sér sína fyrstu bók, Jón Odd og Jón Bjarna, árið 1974. Hún hefur einnig skrifað skáldsögur fyrir fullorðna, og hefur hlotið ýmis verðlaun og viðurkenningar fyrir verk sín. Meðal annars hlaut hún verðlaun Jónasar Hallgrímssonar fyrir framlag sitt til íslenskrar tungu og Bókaverðlaun barnanna árið 2005 og Norrænu barnabókaverðlaunin árið 1992, og hefur verið tilnefnd til Astridar Lindgren verðlaunanna og H.C. Andersen verðlaunanna. Leikrit Guðrúnar Óvitar var sýnt í Þjóðleikhúsinu 1979 og aftur 1989, og leikgerð eftir sögum hennar um Jón Odd og Jón Bjarna var frumflutt í Þjóðleikhúsinu árið 2002.

Leikstjóri er Sigurður Sigurjónsson en síðasta leikstjórnarverkefni hans fyrir Þjóðleikhúsið var hin geysivinsæla sýning á Dýrunum í Hálsaskógi sem hlaut Grímuna sem barnasýning ársins 2003.

Fyrsti samlestur á verkinu fór fram í vikunni en með helstu hlutverk fara Brynhildur Guðjónsdóttir, Ragnheiður Steindórsdóttir, Sigurður Skúlason, Þórunn Erna Clausen, Þröstur Leó Gunnarsson en auk þeirra taka nokkur börn þátt í sýningunni. - khh

FYRSTI SAMLESTUR Á LEIKRITINU SITJI GUÐS ENGLAR Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU Leikgerð á sívinsælum sögum Guðrúnar Helgadóttur verður á Stóra sviðinu í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Stökktu til Króatíu

7. eða 14. júní frá kr. 39.990

Verð kr. 39.990

Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í íbúð í viku. Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn. Aukavika kr. 10.000.

Verð kr. 49.990

Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi / stúdíó / íbúð í viku. Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn. Aukavika kr. 10.000.

Aðeins örfá sæti

Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á síðustu sætunum til Króatíu 7. og 14. júní. Króatía hefur svo sannarlega slegið í gegn hjá Íslendingum. Þú bókar og tryggir þér sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

KRISTJÁN BJARKI JÓNASSON, FORMAÐUR ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA Vill svara kröfum samtímans og hvetja til umræðu um framtíðina. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Eilífðarmálin og bækurnar

Félag íslenskra bókaútgefenda var stofnað árið 1889 og er hagsmunamál þess sem fyrr að efla bókmenningu og bóklestur á Íslandi. Kristján Bjarki Jónasson er nýkjörinn formaður félagsins.

„Félagið sinnir hagsmunamálum útgefenda í breiðu samhengi og síðustu ár hefur það þróast yfir í að verða nokkurs konar vitundarvakningarfélag. Hagsmunamál sem áður snéru að almennum samskiptum eða efnahagslegum samskiptum við bóksala hafa tekið breytingum, til dæmis lagalega er það ekki lengur mögulegt því slíkt stangast á við samkeppnislög,“ segir Kristján.

Meðal verkefna félagsins er að gefa árlega út Bókatíðindi með kynningu á helstu útgáfubókum ársins, veita Íslensku bókmenntaverðlaunin og halda árlegan bókamarkað. Nýlega stóð félagið síðan fyrir átaki sem kennt var við Þjóðargjöfina en þá var send þúsund króna ávísun inn á hvert heimili í landinu sem lesendur gátu nýtt sér til bókakaupa. „Það eru nokkrir fastir póstar í starfi félagsins en í framtíðinni vonast ég til að félagið geti komið að fleiri lestrarhvetjandi samstarfsverkefnum,“ útskýrir Kristján. Í því flest einnig að efla skilning og þekkingu á gildi lesturs. „Við höfum líka hugað að því að efla faglegan bakgrunn, til dæmis er fólk hér á landi sem stundar rannsóknir á lestri og íhugar þessi mál. Fólk hefur líka áhyggjur af lestri eins og berlega kom fram í umræðunni um íslenskuna og stöðu hennar nú í vetur. Allt þetta tengist bókaútgáfu sterkum böndum og líkt og félagar okkar í nágrannalöndunum verðum við að stíga fram,“ segir formaðurinn.

Rafvæðing bókarinnar

„Þriðja atriðið sem ekki hefur borið mikið á í umræðunni hérlendis en þeim mun meira í nágrannalöndunum snýr að rafvæðingu bókarinnar. Það er eitthvað sem allir hafa áhyggjur af, meðal annars vegna þess að fólk sér ekki hvar þetta endar eða sér ekki heildarmyndina. Við höfum verið vernduð hér því þetta er það lítið málsvæði að stóru fyrirtækin eins og Google og Amazon sem eru að seilast til áhrifa á þessum vettvangi finnst vart taka því að hugsa um okkur. En það kemur að því að við munum standa frammi fyrir ekki bara þessum vandamálum heldur vandamálum eins og hvort þau tæki og tól sem verða framleidd til þess að lesa texta í framtíðinni verði tæk fyrir okkur og okkar tungumál. Það er miklu stærra verkefni en svo að eitt fyrirtæki geti sinnt því.“

Kristján áréttar að þetta sé í raun pólitískt mál og þrátt fyrir að umræðan um framtíðar bókarinnar sé skammt á veg komin hérlendis séu stjórnvöld í nágrannalöndunum farin að huga að málaflokknum þó af mismiklum krafti sé. Í Noregi hafi til dæmis verið ákveðið að norska landsbókasafnið muni skanna inn allar norskar bækur og koma þeim á tölvutækt form líkt og fyrirtækið Google ætlar sér að gera við fjölmörg bandarísk bókasöfn, til dæmis háskólanna í Harvard og Stanford sem brátt munu verða aðgengileg á netinu.

Höfundaréttur framtíðarinnar

Kristján bendir á að fyrrgreind þróun skapi vanda þegar kemur að höfundarétti. „Þessi bransi er með 300 ára reynslu af höfundarétti sem er hornsteinn efnahagskerfis hugverka og enn sem komið er eini efnahagsgrundvöllurinn fyrir þann iðnað að lifa af. Menn eru því eðlilega býsna smeykir við ýmis tæknileg atriði sem valda því nú til dags að menn geta dreift efni eins og gert er með tónlist og kvikmyndir. Maður er samt að reyna að sjá fyrir sér einhverja skynsemi í þessari framtíð.“ Kristján segist sjálfur vera of mikill bókamaður til þess að lesa mikið á netinu. „Ég er líklega af þessari kynslóð að ég á erfitt með að sjá mig í anda að vera að lesa mikið af tækjum. Maður er alveg opinn fyrir þeim möguleika að ipod-kynslóðin muni krefjast þess að hafa slík lestrartæki undir höndum og vilji ekki upplifa texta öðruvísi en í gegnum tæki. Ég er alveg á því að það þýði ekkert að berja höfðinu við stein, við verðum að svara þeirri kröfu á einhvern hátt eins og menn úti um allan heim eru að gera.“

Lestur og lífsstíll

„Við erum sannarlega bókaþjóð, lesefni er mjög útbreitt í bókaformi og hlutfallslega eykst sala á prentuðu efni sífellt hérlendis en líkt og í öðrum löndum hafa menn áhyggjur af lestrinum. Það eru hópar fólks í samfélaginu sem ekki lesa, hópur sem dettur út og hópur fólks sem virðist ekki alast upp við bókakúltúr og álítur það ekki hluta af sínum lífsstíl eða neysluvenjum að lesa bækur,“ segir Kristján. Margs konar átaksverkefni og lestrarhvatning hefur verið skipulögð en betur má ef duga skal. Kristján nefnir að í Bretlandi séu 15 milljónir fullorðinna sem ekki geta lesið, kunni hreinlega ekki að lesa bækur, en þar í landi hafa ríkisvaldið og margs konar samtök tekið sig saman um að hlúa að þeim hópi og sett fjármuni í verkefni til þess að styrkja lestarkunnáttu þeirra.

„Það er ýmislegt sem Félag íslenskra bókaútgefenda lætur sig varða en við einbeitum okkur líka að því að virkja samstarfsaðila okkar og fólk úr ólíkum geirum samfélagsins sem hefur sömu áhyggjur og við til þess að vinna saman að þessum málum og þá er mikið fengið,“ segir Krisján Bjarki að lokum.

kristrun@frettabladid.is

LOKADAGUR

Nú fer hver að verða síðastur á Grand Hótel Reykjavík

Tungusófi 1+2+2
Verð aðeins **99.000.-**

Sófasett 3+1+1 Svart hamrað leður
Verð aðeins **169.000.-**

Borð náttúru eik. Stærð 150x85
Verð aðeins **27.500.-**
Borðstofustólar PU svartir eða hvítir
með chrome fótum
verð aðeins **7.500.-**
Borðið + 4 stólar
á enn betra verði aðeins **49.900.-**

Borðstofuborð náttúru eik. Stærð 150x150
Verð aðeins **59.000.-**
Borðstofustólar PU svartir, dökkbrúnir eða hvítir
með ljósum eikarfótum
verð aðeins **9.900.-**
Borðið + 6 stólar
á enn betra verði aðeins **99.500.-**

Baðinnrétting 105x60x200 með spegli, vaski og blöndunartækjum.
Verð aðeins **59.000.-**

Sjón er sögu ríkari

Stofuskenkur 150x46x85 náttúru eik.
Verð aðeins **65.000.-**

Sjónvarpsskenkur 180x58x50,5 náttúru eik.
Verð aðeins **59.000.-**

Mikið úrval af fallegum húsgögnum

Legubekkur bycast Litir: hvítur, svartur.
Verð aðeins **59.500.-**

Egglaga stóll PU
Litir: svartur, hvítur, rauður.
Verð aðeins **19.500.-**

Sigtún 38
104 Reykjavík

Opið:
Föstudag 12-19
Laugardag kl. 10-18
Sunnudag kl. 10-18

Visa og MasterCard létt- og raðgreiðslur

BOHEMIA
vöruhús

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

X-MEN 3	kl. 1, 3.20, 5.40, 8 og 10.20 B.I. 12 ÁRA
DA VINCI CODE	kl. 2, 4, 5, 7, 8, 10 og 11 B.I. 14 ÁRA
SÝND Í LÚXUS	kl. 2, 5, 8 og 11 B.I. 14 ÁRA
CRY WOLF	kl. 10 B.I. 16 ÁRA
RAUÐHETTA M/ENSKU TALI	kl. 12, 6 og 8
RAUÐHETTA M/ÍSL. TALI	kl. 12 og 2
ÍSÖLD 2 M/ÍSLENSKU TALI	kl. 12 og 2

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

X-MEN 3	kl. 3, 6, 8.30 og 10.50 B.I. 12 ÁRA
DA VINCI CODE	kl. 3, 6 og 9 B.I. 14 ÁRA
RAUÐHETTA M/ENSKU TALI	kl. 3, 6 og 10
RAUÐHETTA M/ÍSL. TALI	kl. 3 og 6
PRIME	kl. 8 og 10.15
CRY WOLF	kl. 8 B.I. 16 ÁRA

Borgarbíó SÍMI 462 3500

X-MEN 3	kl. 2, 4, 6, 8 og 10 B.I. 12 ÁRA
DA VINCI CODE	kl. 6 og 9 B.I. 14 ÁRA
RAUÐHETTA M/ÍSL. TALI	kl. 2
SKROLLA & SKELFIR Á SALTKRÁKU	kl. 4

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað

Djöfullinn mætti í Prada

Anna Wintour, ritstjóri Vogue, kom öllum á óvart og mætti á frumsýningu myndarinnar The Devil Wears Prada en um er að ræða grínmynd þar sem aðalpersónan er byggð á Önnu sjálfri að margra mati. Anna Wintour er ritstjóri tískutímaritsins Vogue og er þekkt fyrir að liggja ekki á skoðunum sínum um tísku og þá aðila sem henni tengjast. Wintour gagnrýndi meðal annars ofurfyrirsætuna Kate Moss fyrir heróínútlit sitt og ásakaði hana um að vera slæm fyrirmynd fyrir ungar stúlkur.

Í myndinni leikur Óskarsverðlaunaleikkonan Meryl Streep kaldlyndan ritstjóra tískutímarits en meðleikarar hennar eru Anne Hathaway og David Frankel.

Wintour mætti með kærasta sínum Shelby Bryant og dóttur sinni Bee Shaffer og virðist hafa svolítinn húmor fyrir sjálfri sér því hún mætti í kjól frá Prada. „Henni fannst myndin mjög fyndin," sagði talsmaður Önnu. Hún neitaði hins vegar að leyfa ljósmyndurum að taka mynd af henni og Meryl Streep saman.

ANNA WINTOUR
Mætti á frumsýningu myndarinnar The Devil Wears Prada í kjól frá Prada.

SIGN Hljómsveitin Sign kemur fram á G-tónlistarhátíðinni í Færeyjum.

Sign í Færeyjum

Rokksveitin Sign kemur fram á G-tónlistarhátíðinni í Færeyjum í sumar. Ráðgert er að Sign spili á opnunarkvöldi hátíðarinnar fimmtudaginn 20. júlí.

Sign er á tónleikaferðalagi um Bretland sem stendur, til að fylgja eftir útgáfu plötunnar Thank God for Silence. Platan hefur fengið góðar viðtökur í bresku rokkpressunni að undanförnu og í síðustu viku birtist heilsíðugrein í Kerrang! um hljómsveitina. Í plötudómi Kerrang! fær Thank God for Silence 4 K af 5 möguleg-um og er mælt með henni fyrir aðdáendur My Chemical Romance og Him, og gagnrýnandi segir Sign hitta beint í mark.

Sign fer í stutta heimsókn til Bretlands í júní þegar sveitin spilar á Middlesborough-tónlistarhátíðinni 18. júní og í London þann 19. Í millitíðinni spilar Sign á Tattoo-hátíð á Gauki á Stöng 9. júní og á Patreksfirði daginn eftir.

Orkuveita Reykjavíkur auglýsir styrk til konu sem stundar eða hyggst hefja nám í verkfræði eða tæknifræði.
Einungis nám til fyrstu prófgráðu í greininni er styrkhæft. Styrkurinn verður veittur um mánaðamótin ágúst-september nk.

Styrkur

til náms í verkfræði eða tæknifræði

Umsóknum með náms- og starfsferli ásamt upplýsingum um fyrirhugað nám og staðfestingu á skráningu skilist til Orkuveitu Reykjavíkur, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, merkt „Styrkur til til náms í verkfræði eða tæknifræði", fyrir 8.júní nk.

Orkuveita Reykjavíkur hefur það sem lið í jafnréttisáætlun sinni að hvetja konur til náms í tæknigreinum og reyna þar með að stuðla að auknu framboði af vel menntuðum konum á þeim sviðum sem nýtast Orkuveitunni.

Orkuveita Reykjavíkur www.or.is

Orkuveita Reykjavíkur auglýsir styrk til konu sem stundar eða hyggst hefja nám í einum af eftirfarandi greinum: Vélfræði (vélstjórnun), rafvirkjun, vélvirkjun, múraraiðn eða pípulögnum.
Styrkurinn verður veittur um mánaðarmótin ágúst-september nk.

Styrkur

til iðnnáms eða vélfræði (vélstjórnun)

Umsóknum með náms- og starfsferli ásamt upplýsingum um fyrirhugað nám og staðfestingu á skráningu skilist til Orkuveitu Reykjavíkur, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, merkt „Styrkur til iðnnáms eða vélfræði (vélstjórnun)", fyrir 8.júní nk.

Orkuveita Reykjavíkur hefur það sem lið í jafnréttisáætlun sinni að hvetja konur til náms í iðngreinum og vélfræði (vélstjórnun).

Orkuveita Reykjavíkur www.or.is

FRUMSÝNING

ÁLFABAKKA

X-MEN 3	KL. 1:30-3:45-6-8:15-10:30	B.I. 12
X-MEN 3 VIP	KL. 1:30-3:45-6-8:15-10:30	
AMERICAN DREAMZ	KL. 1:30-3:45-6-8:15-10:30	
THE SHAGGY DOG	KL. 1:30-3:45-5:50-8	
MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 1:30-3:45-6-8:30-10:30	B.I. 14
SCARY MOVIE 4	KL. 4-6	B.I. 10
FAILURE TO LAUNCH	KL. 8:15	
FIREWALL	KL. 10:30	B.I. 16
BAMBI 2 ísl. tal	KL. 2	

ÁLFABAKKI S: 587-8900

KEFLAVÍK

X-MEN 3	KL. 3-5:45-8-10:15	B.I. 12
THE DA VINCI CODE	KL. 8-10:45	B.I. 14
THE SHAGGY DOG	KL. 2-4-6	

AKUREYRI

AMERICAN DREAMZ	KL. 4-6-8-10	
THE SHAGGY DOG	KL. 4	
MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 8-10:20	B.I. 14
SCARY MOVIE 4	KL. 6	B.I. 10

AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170



KRINGLUNNI

AMERICAN DREAMZ	KL. 12-2:15-4:30-6:45-9-11:15	
MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 5:30-8-10:40	B.I. 14
SHAGGY DOG	KL. 12-2:10-3:45-6	
SCARY MOVIE 4	KL. 12-2-8:10-10:20	B.I. 10

SÝND Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU MYND OG HLJÓÐ

HÁDEGISBÍÓ: 400 KR MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR kl.12 27. og 28. maí

KRINGLAN S: 588-0800

THE DA VINCI CODE	KL. 2-4-6-8-10	B.I. 14
THE SHAGGY DOG	KL. 3-6-8	
MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 4-6-8-10	B.I. 14
SCARY MOVIE 4	KL. 3	B.I. 10
V FOR VENDETTA	KL. 10	B.I. 16

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919

Bjargar heiminum

[UMFJÖLLUN]

TÓNLIST

Loksins kemur poppplata eins og þruma úr heiðskíru lofti sem fær mann til þess að trúa því að það séu enn skapandi og góðir menn reiðubúnir til þess að dýfa sér ofan í heim meginstraumspopps. Þótt enginn hafi heyrt um Gnarls Barkley áður en lagið Crazy sló rækilega í gegn eru hér engir nýgræðingar á ferð. Maðurinn bak við stýrið er Danger Mouse (heitir réttu nafni Brian Burton en kallar sig eftir þekktri eineygðri teiknimyndapersónu frá níunda áratugnum) en hann hefur m.a. unnið sér það til frægðar að hafa gert síðustu Gorillaz plötu með Damon Albarn auk þess að hafa smellt saman The Grey Album úr Hvíta albúmi Bítlanna og Svörtu plötu rapparans Jay-Z. Paul McCartney var ekkert sérstaklega skemmt, frekar en fyrri daginn.

Hér sannar Danger Mouse að hann er meira en fullfær um að búa til popp í hæsta gæðaflokki án þess að einhver annar sé að halda í höndina á honum.

Rödd Gnarls Barkley er Cee-Lo Green sem einhverjir ættu að kannast við úr Goodie Mob. Eftir að hafa hlustað á þessa plötu trúi ég þeim dreng til þess að takast á við flesta tegund tónlistar, allt frá gospel til indírokks, enda er það stíll Gnarls Barkley að blanda öllu saman sem hugsast getur. Það er þannig séð erfitt að segja nákvæmlega hvers kyns tónlist þetta er. Fyrir þá sem verða að fá skilgreiningu til þess að geta flokkað þetta í iPodunum sínum, þá er gott að kalla þetta bara popp. Þetta er fáránlega grípandi og

GNARLS BARKLEY: ST. ELSWHERE

NIÐURSTAÐA:

Frumraun Gnarls Barkley er nánast hin fullkomna poppplata. Ætti ekki að svíkja nokkurn mann. Svona á að gera popp!

það er ekki eitt lag á plötunni sem er út úr kú. Meira að segja útgáfa þeirra af Violent Femmes laginu Gone Daddy Gone smellpassar í heildina, innan um alla hiphop-taktana og einföldu einnar nótu gítarstefin.

Þessi frumraun Gnarls Barkley er nokkuð nálægt því að vera hin fullkomna poppplata. Við eigum öll eftir að dansa við lög af þessari plötu lengst fram á þarnæsta ár. Alveg bókað það áhugaverðasta til þess að ryðjast fram á sjónarsviðið síðan N.E.R.D. gaf út frumraun sína. Held að það sé alveg bókað mál að þessi plata eigi eftir að skapa margar eftirhermur á komandi mánuðum. Eftir síðustu Gorillaz-plötu og svo þessa er Danger Mouse bókað orðinn eftirsóttasti maður poppsins. Madonna hlýtur að vera búin að hringja í hann.

Birgir Örn Steinarsson

Britney að skilja?

Hjónaband söngkonunnar Britney Spears og dansarans Kevins Federline stendur eitthvað tæpt þessa dagana. Samkvæmt The Mirror mun Britney vera alvarlega að íhuga skilnað og er Federline fluttur í kjallarann á húsi þeirra í Malibu. Ef Britney ákveður að skilja við partíljónið þá þarf hún að greiða honum í kringum 14 milljónir íslenskra króna og helming í húsi þeirra.

Mikið hefur gengið á í sambandi þeirra hjóna og Britney hefur margoft lýst yfir vanþóknun sinni á líferni eiginmanns síns sem virðist hafa meiri áhuga á bjórdrykkju með félögum sínum en uppeldi barna sinna.

BRITNEY SPEARS OG KEVIN FEDERLINE
Hjónabandið stendur völtum fæti.
FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES

FRÉTTIR AF FÓLKI

Nick Lachey er greinilega kominn yfir **Jessicu Simpson** og hefur fundið sér nýja dökkhærða píu. Sú heitir **Kim Kardashian** og er 25 ára. Þau fóru nýlega saman á Da Vinci lykilinn í bíóhúsi í Westwood. „Þau héldust í hendur út myndina og deildu poppi og drykk," sagði vitni. „Hún hvíldi höfuðið á öxl hans á meðan á myndinni stóð. Þetta var greinilega stefnumót."

KALDÁRSEL
sumarbúðir fyrir Káta Krakka
Skráningarsími
588 8899

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Allir á völlinn

Við hvetjum fólk til þess að fjölmenna í Laugardalshöllina kl. 16.15 í dag og hvetja íslenska kvennalandsliðið í handbolta gegn Makedóníu. Þetta er einn mikilvægasti kvennalandsleikur í áraraðir en keppt er um sæti á EM. Þess má geta að það er enginn aðgangseyrir og það verða einnig dregnar út tvær sólarlandaferðir á leiknum.

sport

sport@frettabladid.is

60 SEKÚNDUR MEÐ JÓNU MARGRÉTI RAGNARSDÓTTUR

Handbolti er... Skemmtileg íþrótt.

Hestar eða handbolti... Jafntefli.

Stjarnan er... Besta félag á Íslandi.

Stefán Arnarson er... Landsliðsþjálfarinn.

Tvær stoðsendingar eða eitt mark? Tvær stoðsendingar.

Yrði Alli Eyjólfs flottur með fax? Já, ég held það bara.

Besti skyndibitinn... KFC.

Dómarar eru... Sérstök kynslóð.

Besta stundin... Sigurmark Ragnheiðar Stephensen á móti Haukum í úrslitakeppninni 2002.

Fyndnust í landsliðinu... Ómögulegt að velja eina, þær eru allar svo skemmtilegar.

Hvað kaustu í gær? Ég kaus ekki.

> Hvert fer Ólafur?

Það er nú orðið ljóst að markvörðurinn Ólafur H. Gíslason leikur á Íslandi næsta vetur. Meðal þeirra liða sem talin eru hafa áhuga á Ólafi eru hans gömlu félög ÍR og Valur ásamt Haukum og HK. Kópavogsliðið staðfesti áhuga sinn á Ólafi í gær en HK hefur einnig áhuga á Egidijusi Petkevicius. Hornamaðurinn Elías Már Halldórsson verður aftur á móti ekki með HK en hann hefur fengið sig lausan undan samningi hjá félaginu. Svo er Kristinn Guðmundsson, þjálfari ÍBV, búinn að ráða sig sem unglingaþjálfari hjá Val.

Óbreytt staða hjá Sverri sem fær engan fund

Sverrir Björnsson heldur enn í vonina um að deila hans og Fram leysist. Hann vonast til þess að hægt verði að setjast niður og ræða málin en hann hefur ekkert heyrt frá Frömurum þrátt fyrir ítrekaðar óskir um fund.

HANDBOLTI Fram lýsti því yfir í yfirlýsingu á föstudag að félagið biði eftir nýju tilboði frá Gummersbach en félagið hafnaði tæplega milljón króna boði í Sverri í miðri síðustu viku. Sagðist félagið ekki vilja selja keppinautum sínum leikmenn á lágu verði.

Sverrir heldur enn í vonina um að málið leysist og trúir ekki öðru en að málið fái farsælan endi. „Það hlýtur að vera hægt að setjast niður og ræða málið í rólegheitum. Ég er að vonast eftir því og að við getum hreinsað loftið og reynt að komast að einhverri lausn í málinu. Ég hef átt gott samstarf við þessa menn allan síðasta vetur og hafði aldrei yfir neinu að kvarta. Þess vegna er leiðinlegt að þessi staða sé komin upp," sagði Sverrir við Fréttablaðið en hann hefur reynt að fá fund með stjórn félagsins í heila viku án árangurs.

Kjartan Ragnarsson, formaður handknattleiksdeildar Fram, staðfesti við Fréttablaðið fyrir helgi að stjórnin hefði ekki orðið við óskum Sverris um fund en vildi ekki útskýra nánar af hverju þeir hefðu ekki svarað Sverri. Ekki náðist í Kjartan í gær þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir allan daginn.

„Ég get lítið annað en gert en beðið eins og staðan er í augnablikinu. Ég veit ekki hvað ég gert meira. Það er enn von og meðan svo er reynir maður að vera bjartsýnn þó að ég viti til þess að tímin sé að verða knappur," sagði Sverrir Björnsson.

henry@frettabladid.is

SVERRI BJÖRNSSON Æfir með landsliðinu af krafti þessa dagana en hann er í hópnum sem mætir Svíum 11. og 17. júní næstkomandi.

GUÐJÓN VALUR Ætlar sér greinilega markakóngstitilinn í Þýskalandi.

Þýski handboltinn:

Guðjón skoraði tíu mörk

HANDBOLTI Heil umferð fór fram í þýska handboltanum í gær og voru Íslendingar atkvæðamiklir eins og oft áður. Gummersbach gerði jafntefli við Flensburg, 31-31. Guðjón Valur Sigurðsson skoraði 10 mörk fyrir Gummersbach og Róbert Gunnarsson 2.

Einar Hólmgeirsson skoraði átta mörk fyrir Grosswallstadt og Alexander Petersson tvö þegar liðið lagði Melsungen, 31-23. Snorri Steinn Guðjónsson skoraði fjögur mörk fyrir Minden sem vann gríðarlega mikilvægan sigur gegn Hamburg, 28-29.

Markús Máni Michaelsson og félagar í Düsseldorf unnu einnig mikilvægan sigur gegn Gylfa Gylfasyni og félögum í Wilhelmshavener, 26-28. Markús skoraði fimm mörk í leiknum en Gylfi tvö. Logi Geirsson skoraði fjögur mörk fyrir Lemgo er liðið lagði Lübbecke, 35-38. - hbg

MAGNÚS LÁRUSSON Fór á kostum í gær.

Ostamótið í golfi:

Vallarmetið féll tvisvar

GOLF Fyrsta mót sumarsins í KB banka-mótaröðinni, Ostamótið, hófst á Garðavelli í gær. Það er óhætt að segja að kylfingar hafi komið vel undan vetri því vallarmet Birgis Leifs Hafþórssonar, sem var 68 högg, var fellt í tvígang í gær.

Fyrst af Sigmundi Einari Mássyni úr GKG sem kom í hús á 67 höggum en skömmu síðar kom Magnús Lárusson úr GKJ í hús á 66 höggum. Ótrúleg frammistaða hjá þeim tveimur en aðstæður til golfiðkunar í gær voru mjög góðar. - hbg

BIRGIR LEIFUR Slakur í gær.

Birgir Leifur Hafþórsson:

Lék illa í Marokkó

GOLF Dagurinn í gær var ekki góður fyrir Skagamanninn Birgi Leif Hafþórsson. Vallarmat hans á Garðavelli var slegið í tvígang og svo gekk illa hjá honum á þriðja hring á Áskorendamótinu í Marokkó dag en Birgir Leifur lék fyrstu tvo hringina mjög vel.

Birgir lék fyrsta hringinn á 67 höggum, annan á 66 höggum en í gær kom hann í hús á 76 höggum eða fimm yfir pari. Birgir Leifur er í 42.-49. sæti fyrir lokahringinn sem fram fer í dag. - hbg

LIONEL MESSI Ekkert spilað síðan í mars. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Lionel Messi:

Missir af opnunarleiknum

FÓTBOLTI Argentínska ungstirnið Lionel Messi verður ekki í liði Argentínu sem mætir Fílabeinsströndinni í opnunarleik Argentínu á HM. Messi er enn að jafna sig í lærinu en þau meiðsli hlaut hann í Meistaradeildarleik gegn Chelsea í mars.

„Ég geri ekki ráð fyrir því að vera með enda verið mikið frá og lítið spilað. Það er enn svolítið í land en ég er samt rólegur yfir ástandinu. Mér líður betur með hverjum degi," sagði hinn 18 ára Messi sem sló í gegn með Evrópumeisturum Barcelona í vetur. - hbg

Ótrúleg uppákoma í Bagdad í Írak:

Þrír tennismenn myrtir fyrir það eitt að vera í stuttbuxum

TENNIS Íraskur tennisþjálfari og tveir lærlingar voru skotnir til bana í Bagdad fyrir að vera í stuttbuxum en öfgafullir stuðningsmenn íslam líta slíkt athæfi mjög alvarlegum augum.

Þremenningarnir voru stöðvaðir í bíl sínum og látnir stíga út áður en þeir voru beinlínis teknir af lífi á miðri götunni. Þetta var önnur árásin á íþróttamenn á einni viku en búið var að senda út aðvörun þess efnis að íþróttamenn sem virtu ekki klæðareglur íslam yrði refsað.

Fimmtán tækvondó-mönnum var rænt í síðustu viku og eru þeir enn í haldi og alls óljóst hvort þeim verði sleppt eða hvort þeir verði teknir af lífi líkt og tennismennirnir.

Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari vísar á bug orðrómi:

Reikna ekki með að taka við Gummersbach í sumar

HANDBOLTI Orðrómur þess efnis að Alfreð Gíslason sé að taka við þýska úrvalsdeildarfélaginu Gummersbach í sumar hefur verið á kreiki í þó nokkurn tíma.

Alfreð er ráðinn frá og með næsta sumri en það er ekkert launungarmál í Þýskalandi að árangur Gummersbach í vetur stóð ekki undir væntingum og því talið líklegt að forráðamenn Gummersbach vilji ýta Velimir Klajic út strax til að koma íslenska landsliðsþjálfaranum að.

„Eins og staðan er í dag er ég ekki að taka við Gummersbach," sagði Alfreð við Fréttablaðið. „Ég veit ekki hvað getur hugsanlega gerst en ég veit þó að það er spenna á milli Klajic og nokkurra einstaklinga hjá liðinu en það er bara eins og gengur og gerist í boltanum. Ég veit ekki hvernig það fer allt saman en ég reikna ekki með því að taka við liðinu í sumar."- hbg

ALFREÐ GÍSLASON Mun tæplega taka við liði Gummersbach strax í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

HVAÐ SEGIRÐU LEIBBI, ÆTLARÐU EKKI AÐ LEYFA OKKUR AÐ VINNA? Ólafur Jóhannesson og Leifur Garðarsson ræðast hér við í leik með FH síðasta sumar. Spurning hvernig Leifur tekur á móti honum í Árbænum í kvöld.

Landsbankadeildin í kvöld:

Leifur tekur á móti fyrrum félögum sínum

FÓTBOLTI Hraðmót Landsbankadeildarinnar verður í fullum gangi í kvöld þegar þrír fyrstu leikir fjórðu umferðarinnar verða leiknir. Í Eyjum tekur ÍBV á móti Víkingi en þetta er þriðji heimaleikur ÍBV í sumar. Liðið verður án Bo Henriksen sem er fótbrotinn.

Keflavík tekur á móti KR þar sem Króatinn Mario Cizmek verður að öllum líkindum í leikmannahópi KR en hann er kominn með leikheimild. Stórleikur kvöldsins er síðan í Árbænum þar sem Leifur Garðarsson, fyrrum aðstoðarþjálfari FH og núverandi aðalþjálfari Fylkis, tekur á móti sínum gömlu félögum í FH.

Fylkir hefur byrjað mótið betur en marga grunaði og spurning hvort Leifur kunni uppskriftina að því að stöðva FH sem hefur unnið fyrstu þrjá leiki sína á mótinu.

- hbg

LÚMSKUR Á SVIPINN? Gamla brýnið virðist vera farinn að beita öllum brögðum í baráttunni við Fernando Alonso.

Tímatakan í Mónakó:

Svindlaði Schumacher?

FORMÚLA 1 Það var mikill hiti í mönnum eftir tímatökuna í Mónakó í gær en það var Þjóðverjinn Michael Schumacher sem náði bestum tíma og hann verður því á ráspól í dag.

Bíll Schumachers snerist á síðasta hring og því gátu Fernando Alonso, sem náði næstbestum tíma, og aðrir ekki bætt tíma Schumachers á lokahring sínum. Vildu margir meina að Schumacher hefði snúið bíl sínum viljandi svo að Alonso myndi ekki geta bætt tíma hans en Alonso var með örlítið lakari tíma en Þjóðverjinn.

„Ég held að allir telji hann hafa gert þetta viljandi, ekki bara ég," sagði Flavio Briatore sem er í forsvari fyrir Renault-liðið. „Svona vinnur Ferrari-liðið."

Schumacher vildi ekki játa að þetta hefði verið viljandi. „Ég gaf of mikið í þegar ég kom í lokabeygjuna, bílinn læstist og ég missti stjórn á honum. Ég var ekki að reyna að tefja en ég gat ekki bakkað þar sem það var fullt af bílum fyrir aftan mig. Síðan fór vélin að verða leiðinleg þegar ég ætlaði að bakka," sagði Schumacher en atvikið þótti mjög einkennilegt og ekki margir sem taka sögu Schumachers trúanlega. Alonso segir að atvikið hafi kostað hann ráspól í dag.

„Ég var að ná mínum hraðasta hring og hefði auðveldlega náð ráspól hefði ég fengið að klára hringinn á eðlilegum hraða. Ég er búinn að vera yfirburðamaður alla helgina og það er skömm að tapa ráspól út af svona rugli," sagði Alonso reiður.

- hbg

Camp-let: tvö svefnherbergi, eldhús og stofa!

Með **Camp-let** tjaldarðu stórum og rúmgóðum tjaldvagni á svipstundu. Í ár kynnum við **Camp-let Savanne**, nýjan spennandi tjaldvagn á 13" dekkjum. **Camp-let** er fallegur og traustur tjaldvagn, uppáhalds ferðafélagi Íslendinga um árátuga skeið.

GÍSLI JÓNSSON
Kletthálsi 13 // s. 587 6644 // www.gisli.is

Trajet
Kr. 26.629 á mánuði*
- Sæti fyrir 7 fullorðna
- ABS bremsur
- 3 punkta öryggisbelti fyrir öll sæti
- Snúningsstólar að framanverðu
- Fáanlegur með díselvél

FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐURINN
Reynsluaktu Hyundai Trajet og fáðu miða í Fjölskyldu- og Húsdýragarðinn fyrir alla fjölskylduna.

STÓRI HM LEIKURINN
Félag íslenskra fótboltaáhugmanna
www.soccer.is
Langar þig að upplifa stærsta íþróttaviðburð í heimi?
Þú kemst í pottinn með því að reynsluaka Hyundai hjá B&L, borða á McDonalds eða fara inn á Icelandair.is
- 4 VIP miðar á úrslitaleikinn í HM 9.júlí
- 2 miðar á leik í undanúrslitum
- 2 miðar á leik í 16-liða úrslitum
- 2 miðar á leik Brasilíu og Króatíu í F-riðli
- 10 helgarferðir fyrir tvo með Icelandair
- 400 máltíðir frá McDonalds
- 500 Hyundai HM-leðurboltar

HYUNDAI
i'm lovin' it
FIFA WORLD CUP GERMANY 2006
HYUNDAI Official Partner
Með bílinn handa þér

* Bílasamningur til 84 mánaða með 30% útborgun. Mánaðarlegar greiðslur eru háðar vaxta- og gengisþróun.

HYUNDAI hefur gæðin

B&L Grjóthálsi 1 110 Reykjavík 575 1200 www.bl.is
Keflavík 421 4444 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524

SUNNUDAGSVIÐTALIÐ: BJARNI ÞÓR VIÐARSSON OG RÚRIK GÍSLASON

FRAMTÍÐARMENN Bjarni Þór og Rúrik eru framtíðarmenn í íslenska landsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Vonarstjörnur Íslands í enska boltanum

Þeir Bjarni Þór Viðarsson og Rúrik Gíslason eru báðir á átjánda aldursári en eru samningsbundnir enskum úrvalsdeildarliðum. Þeir eru meðal efnilegustu leikmanna landsins og eru farnir að banka fast á dyrnar hjá aðalliðum sinna félaga. Þeir eru nú báðir staddir hér heima í sumarfríi og *Elvar Geir Magnússon* notaði tækifærið og ræddi við þá félaga.

Bjarni Þór Viðarsson og Rúrik Gíslason voru léttir og kátir þegar Fréttablaðið ræddi við þá og ljóst að þeir voru fegnir því að fá örlítið frí. Það er þó skammt stórra högga á milli hjá þeim því á fimmtudag munu þeir báðir leika með U21 landsliðinu í forkeppni fyrir Evrópumótið 2007 þrátt fyrir að vera enn löglegir í U19 landsliðið. „Það er alltaf gott að koma heim, en rosalega er kalt hérna," sagði Rúrik en fyrir tæpu ári síðan skrifaði hann undir samning við Charlton Athletic.

Bjarni Þór hefur hins vegar verið í herbúðum Everton undanfarin tvö ár og öðlaðist fullgildan atvinnumannasamning við félagið fyrr á þessu ári. „Ég var að klára samræmdu prófin í grunnskóla þegar ég fór til Everton. Yfirnjósnari félagsins fylgdist með mér þegar ég var að spila með U17 landsliðinu í Sheffield. Hann hringdi síðan í Leif [Garðarsson] og sagðist vilja fá mig," sagði Bjarni en félagið hafði víst fylgst með honum í dágóðan tíma í gegnum Leif áður en það fékk hann til sín.

Rúrik er uppalinn hjá HK í Kópavogi en Bjarni hjá núverandi Íslandsmeisturum FH. Þeir bera sterkar taugar til uppeldisfélaganna og mættust oft í yngri flokkunum. Þær viðureignir snerust víst upp í einvígi milli þeirra tveggja en ekki er að búast við því að yfirburðirnir verði eins miklir þegar þeir verða farnir að etja kappi í ensku úrvalsdeildinni. „Ég var alltaf miklu betri en hann," sagði Rúrik og hló. „Nei nei, þetta var hnífjafnt einvígi á milli okkar. Það var alltaf mikil keppni í því að mæta FH og síðan ÍA, leika gegn Bjarna og síðan Arnóri Smárasyni. Maður lagði allt í þá leiki til að vera betri en þeir tveir," sagði Rúrik en Bjarni bætti við: „Ég man bara að alltaf þegar við vorum að keppa á HK-vellinum þá var dómaraskandall."

Strangt hjá Anderlecht

Í byrjun árs 2004 fór Rúrik fyrst út í atvinnumennskuna, fimmtán ára gamall skrifaði hann undir samning við Anderlecht í Belgíu eftir að hafa verið einn af burðarásum U17 landsliðsins. Hann segist hafa lært mikið af dvölinni þar þótt hún hafi ekki endað að óskum og hann hélt aftur heim í október. „Það var mikið sem hafði áhrif á þá ákvörðun, menn hjá félaginu komu einfaldlega illa fram við mig. Fjölskyldan sem ég bjó hjá þarna úti var mjög strangtrúuð og ég þurfti að fara eftir mjög ströngum reglum. Það voru mikil óþarfa leiðindi í minn garð og allir í kringum mig tóku eftir því. Þeir sem komu í heimsókn til mín máttu ekki gista hjá fjölskyldunni og því þurfti alltaf að leigja hótelherbergi. Það var enginn sveigjanleiki. Svo fékk ég brjósklos í baki og það gerði eiginlega útslagið og ég kom aftur heim," sagði Rúrik.

„Þeir úti gátu ekki séð hvað amaði að mér og létu mig bara æfa á fullu. Ég var að drepast í bakinu og í rannsókn sem ég fór í hérna heima kom brjósklosið fljótlega í ljós. Þá fékk ég þá hvíld sem þurfti og var fljótur að koma mér í gang," sagði Rúrik sem lék með HK í 1. deildinni í fyrrasumar en fljótlega fóru boð frá liðum erlendis að detta inn. „Ég var alltaf staðráðinn í því að komast aftur út sem allra fyrst. Ég vissi að ég þyrfti að æfa mikið og það við toppaðstæður. Þegar ég kom aftur til HK var það alltaf hugsað sem smá millilending til að koma mér aftur í gang og komast aftur út."

Íslenskur félagsskapur

Everton, lið Bjarna Þórs, var meðal þeirra liða sem vildu fá Rúrik til reynslu en hann valdi Charlton. „Það sem skipti mjög miklu máli fyrir mig var að Hemmi Hreiðars sannfærði mig um að Charlton væri frábær klúbbur og ég yrði ánægður þar. Svo fékk ég mjög góðan samning og ákvað að kýla á þetta þar sem ég taldi mig ekki hafa efni á að vera að bíða neitt með þetta," sagði Rúrik.

Bjarni Þór er af miklum knattspyrnuættum en hann er sonur Viðars Halldórssonar og þar með bróðir Arnars Þórs og Davíð Þórs. Arnar spilar með Twente í hollensku deildinni og er margreyndur landsliðsmaður en Davíð spilar með FH og einnig með Bjarna í U21 landsliðinu. „Fyrsta árið var ég í sambandi við bræður mína á hverjum degi, þeir hafa náttúrulega báðir verið í atvinnumennskunni og gátu aðstoðað mig mikið," sagði Bjarni en hann hefur búið í blokk í Liverpoolborg sem er í eigu Everton en hefur nú fest kaup á sinni eigin íbúð.

„Við höfum búið fimm þarna á hvor á sinni hæðinni og svo eru hjón á neðstu hæðinni sem hugsa um okkur, elda og svona. En núna er ég búinn að kaupa mér íbúð sem ég mun flytja inn í sumar, þá mun fólk geta búið hjá mér og þetta verður allt miklu þægilegra." Bjarni fékk íslenskan félagsskap í vetur en Þórður Ingason, markvörður úr Fjölni, var lánaður til Everton. „Það var mjög fínt að hafa einhvern sem maður gat talað við á móðurmálinu," sagði Bjarni.

Enskan hefur annars lítið verið að flækjast fyrir Bjarna þótt hann hafi lent í nokkrum fyndnum uppákomum. Fyrst þegar hann kom til Everton sagði hann manni sem hann bjó hjá að hann ætlaði að sofa út. „John, i´m just going to sleep out," sagði Bjarni við manninn og fékk undrunarsvip á móti enda hélt þessi geðþekki John að Bjarni Þór ætlaði að sofa utandyra. Mikið hefur verið gert grín að Bjarna fyrir þetta síðan.

ATVINNUMENN Báðir eru þeir á átjánda ári en eru orðnir atvinnumenn í fótbolta. Þeir hafa því lítið fengið að kynnast hefðbundinni vinnu jafnaldra sinna. Strákarnir sýna hér og sanna að þeir hafa húmorinn á réttum stað er þeir bregða á leik fyrir ljósmyndara Fréttablaðsins með jafnöldrum sínum í vinnuskólanum FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Nóg af öllu

Lið Charlton er staðsett í London og er Rúrik ánægður með lífið í höfuðborg Englands. „Ég leigi íbúð og bý einn en er samt eiginlega aldrei einn. Kærastan mín er mikið hjá mér og svo er stöðugur gestagangur. Svo er frábært að hafa annan íslending í liðinu. Hemmi [Hermann Hreiðarsson] hefur hjálpað mér rosalega mikið og ég hef ekki þurft á hjálp frá neinum öðrum að halda. Konan hans Hemma kallar mig oft stjúpsoninn þeirra enda gisti ég oft hjá þeim þegar ég er einn. Það er bara frábært að lenda hjá svona fólki og þau eru alltaf að gera eitthvað fyrir mann."

Þegar ég byrjaði að tala um peningamálin sögðust þeir báðir sáttir við sinn hlut en vildu annars lítið ræða þau mál. „Maður hefur það mjög fínt og er með nóg af öllu. Peningarnir eru eitthvað sem skipta kannski ekki mjög miklu máli núna," sagði Bjarni Þór. Enn erfiðari spurning fylgdi síðan í kjölfarið þegar þeir voru beðnir um að lýsa sjálfum sér sem fótboltamönnum, kostum sínum og göllum. Eftir stuttan umhugsunarfrest voru þeir píndir til að svara og Rúrik byrjaði.

„Ég er góður á bolta. Ég er búinn að vera að spila framarlega á miðjunni hjá þeim og svo einnig á köntunum. Ég er með gott auga fyrir spili og sendingum. Með fínan hraða og er ágætur í loftinu. Ég mætti hins vegar vera örlítið meiri tæklari í þessum enska bolta, það vantar smá Roy Keane í mig," sagði Rúrik.

Bjarni hefur einnig verið að leika sem framsækinn miðjumaður, „Ég er góður í að hlaupa inn í teig og að skora mörk þegar boltinn kemur fyrir. Ég er góður í stuttu spili og er útsjónarsamur, góður skallamaður. Minn helsti galli er hægri fóturinn, hann er ekkert spes en er alltaf að verða betri og betri. Ég mætti kannski líka bæta skotin og þarf að styrkja mig," sagði Bjarni Þór.

Góðar líkur á að fá að spila

Báðir eru þeir farnir að banka mjög fast á dyr aðalliða félaga sinna og er ekki óraunhæft að við fáum að sjá þá báða í eldlínunni í ensku úrvalsdeildinni næsta vetur. „Ég neita því ekki að ég tel mig eiga mjög góðar líkur á að fá að spila eitthvað með aðalliðinu næsta vetur. Eins og staðan er núna er liðið ekki að fara að bæta við sig fleiri miðjumönnum," sagði Bjarni Þór en hann var tvívegis á varamannabekknum í úrvalsdeildinni á nýliðnu tímabili. Rúrik var í átján manna hóp Charlton fyrir leik gegn Bolton og því ljóst að hann er einnig nálægt aðalliðinu. Það eru hins vegar að fara fram stjóraskipti hjá félaginu og því ákveðin óvissa í gangi.

„Það er erfiðast að brjótast í gegn en um leið og þú hefur náð því þá verður þetta miklu auðveldara. Þetta er rosalega mikil barátta núna að reyna að komast að. Auðvitað er stefnan tekin á aðalliðið og langtímamarkmið að ná að festa sig í sessi þar," sagði Rúrik. Hvorugur hefur haft mikið samband við knattspyrnustjóra aðalliðsins. „Allir þessir stjórar halda ákveðinni fjarlægð en Moyes hefur þó kennt mér margt og verið mjög almennilegur," sagði Bjarni. Þeir segja að stærstu stjörnurnar í liðunum séu með lítinn hroka í sinn garð. „Maður þarf samt að vera tilbúinn til að svara fyrir sig því það er svo mikill kjaftur á Englendingum," sagði Rúrik.

Þeir Rúrik og Bjarni hafa öðlast mikla reynslu þrátt fyrir ungan aldur en báðir eru fæddir 1988. Hingað til hafa þeir staðist alla þá pressu sem á þeim hefur verið þrátt fyrir meiðsli og aðra mótspyrnu. Þeir festu sig í sessi hjá varaliðum sinna félaga í ensku úrvalsdeildinni síðasta tímabil og eru mjög nálægt því að brjóta sig inn í aðalliðið. Þessir gríðarlega efnilegu leikmenn gætu orðið næstu stjörnur Íslands í enska boltanum ef fram heldur sem horfir.

veidihornid.is

Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760 • Síðumúli 8 - Sími 568 8410

VEIÐIHORNIÐ

Vortilboðum Veiðihornsins lýkur á mánudag

Opið í dag frá 12 - 16

Simms Classic Guide Gore-tex vöðlur.
Einhverjar alsterkustu vöðlurnar á markaðnum. Áralöng góð reynsla. Simms Guide leðurskór með filtbotni.
Fullt verð 52.800. Vortilboð Veiðihornsins aðeins 43.900 stgr eða aðeins 4.250 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.

Simms L2 Gore-tex vöðlur með sandhlífum.
Einhverjar ódýrustu Gore-tex vöðlurnar á markaðnum. Simms L2 skór með filtbotni.
Fullt verð 45.800. Vortilboð Veiðihornsins aðeins 37.900 stgr eða aðeins 3.706 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.

Simms Freestone öndunarvöðlur með sandhlífum.
4ra laga Quadralam filma með góðri öndun. Simms Freestone skór með filtbotni.
Fullt verð 34.800. Vortilboð Veiðihornsins aðeins 27.900 stgr eða 2.852 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.

Simms Rivertek Gore-tex vöðlur með sandhlífum.
Simms Rivertek skór með filtbotni.
Fullt verð 48.800. Vortilboð Veiðihornsins aðeins 39.900 stgr eða 3.939 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust

Scierra Blackwater Pro öndunarvöðlur.
Níðsterkar öndunarvöðlur frá Scierra. Frábær reynsla. Scierra skór með filtbotni.
Fullt verð 44.795. Vortilboð Veiðihornsins aðeins 35.900 stgr eða aðeins 3.435 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.

Scierra Hydro Vent öndunarvöðlur.
Þær nýjustu frá Scierra. Scierra skór með filtbotni.
Fullt verð 46.795. Vortilboð Veiðihornsins aðeins 37.900 stgr eða aðeins 3.581 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.

Scierra Aquatex öndunarvöðlur.
Scierra skór með filtbotni. Scierra Aquatex jakki. Vatnsheldur með útöndun.
Fullt verð 48.985. Vortilboð Veiðihornsins aðeins 38.900 stgr eða aðeins 3.742 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust

Scierra MBQ öndunarvöðlur.
Scierra skór með filtbotni.
Fullt verð 28.990. Vortilboð Veiðihornsins aðeins 22.900 stgr eða 2.246 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust

Ron Thompson Crosswater neoprenvöðlur.
Fóðruð stígvél með filtbotni. Ron Thompson Aquasafe jakki. Vatnsheldur með útöndun.
Fullt verð 23.990. Vortilboð Veiðihornsins aðeins 18.990 stgr eða aðeins 1.910 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.

DAM neoprenvöðlur.
Fóðruð stígvél með filtbotni. DAM veiðijakki. Vatnsheldur með útöndun.
Fullt verð 25.990. Vortilboð Veiðihornsins aðeins 19.990 stgr eða aðeins 2.056 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust

DAM öndunarvöðlur með áföstum stígvélum.
DAM veiðijakki. Vatnsheldur með útöndun.
Fullt verð 31.990. Vortilboð Veiðihornsins aðeins 24.990 stgr eða aðeins 2.496 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.

Ron Thompson Aquasafe öndunarvöðlur.
Ron Thompson skór með filtbotni. Ron Thompson Aquasafe veiðijakki. Vatnsheldur með útöndun.
Fullt verð 41.980. Vortilboð Veiðihornsins aðeins 32.900 stgr eða aðeins 3.228 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.

3% lántökugjald og færslugjald er innifalið í vaxtalausum mánaðagreiðslum.

Munið vinsælu gjafabréfin okkar

Veiðihornið er opið alla daga vikunnar.
Já, líka á sunnudögum.
Vortilboð Veiðihornsins eru líka á netinu veidihornid.is

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„I see you're drinking 1%. Is that 'cause you think you're fat? 'Cause you're not. You could be drinking whole if you wanted to."

Svar: Napoleon úr Napoleon Dynamite frá 2004

dagskrá

Í TÆKINU VAL KILMER LEIKUR Í SPARTAN Á STÖÐ 2 BÍÓ KL. 22.00

Eini ljóshærði Batman

Val Kilmer fæddist í Los Angeles í Kaliforníu-ríki Bandríkjanna, seinasta dag ársins 1959. Kilmer hóf sitt leiklistarnám í hæstu hæðum Hollywood-borgar. Seinna meir flutti hann til New York þar sem hann stundaði nám í hinum mikils metna listaskóla Juilliard. Hann hóf leiklistarferil sinn í ýmsum leikhúsum en meðal þekktra hlutverka hans má nefna hinn umdeilda Danakonung Hamlet sem hann lék árið 1988. Hann birtist okkur svo fyrst á hvíta tjaldinu þegar hann lék hið ljóshærða rokkgoð Nick Rivers í hinni stórgóðu gamanmynd Top Secret. Í myndinni söng Kilmer allt sjálfur og gaf hann jafnvel út disk undir nafni Rivers. Á níunda áratugnum var stærsta mynd Kilmers án efa Top Gun þar sem hann lék hinn illskeytta mótherja Tom Cruise. Flestir muna nú eflaust best eftir Kilmer í myndinni The Doors eftir Oliver Stone þar sem hann lék hinn goðsagnakennda rokkara Jim Morrison. Í þeirri mynd nýtti Kilmer einnig söng-hæfileika sína en hann söng í öllum tónlistaratriðum myndarinnar. Til gamans má geta að uppáhalds hljómsveit Kilmers er Rage Against the Machine. Annað frægt hlutverk Kilmers er án efa Batman í myndinni Batman Forever en hann er eini ljóshærði leikarinn sem leikið hefur ofurhetjuna dökku. Á undanförnum tíu árum hefur Kilmer leikið í fjölmörgum kvikmyndum sem sumar hafa fengið afleita dóma. Öðrum hefur þó vegnað betur og má þar til dæmis nefna The Salton Sea, Heat, Wonderland, Pollock og fleiri. Kilmer er þó með nóg af járnum í eldinum sem stendur en alls eru um tíu myndir í vinnslu sem Kilmer mun væntanlega leika í.

ÞRJÁR BESTU MYNDIR KILMERS **The Salton Sea** 2002 - **The Doors** 1991 - **Top Secret!** 1984

▶ **20.20** *Dægurmál*

ÚT OG SUÐUR

▶ **21.35** *Spenna*

24

▶ **20.30** *Gaman*

BERNIE MAC

▶ **20.35** *Gaman*

LIFE WITH BONNIE

▶ **20.00** *Kosningar*

SAMANTEKT

SJÓNVARPIÐ

8.00 Morgunstundin okkar **8.01** Skordýr í Sólarlaut (24:26) **8.24** Brummi (26:26) **8.35** Hopp og hí Sessamí (3:26) **9.00** Stjáni (51:52) **9.23** Sígildar teiknimyndir (37:42) **9.30** Sögur úr Andabæ (57:65) **9.53** Gæludýr úr geimnum (11:26) **10.15** Elli eldfluga (4:10) **10.20** Latibær **10.45** Vesturálman (4:22)

11.30 Kosningafréttir – yfirlit **11.35** Formúla 1 **14.00** Kosningafréttir **15.15** Taka tvö (2:10) **16.10** Landsleikur í handbolta **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar (4:31) **18.27** Ævintýri Kötu kanínu (3:13)

18.40 **Ég er sterkur** Barnamynd frá Hollandi.
19.00 **Fréttir, íþróttir og veður**
19.35 **Kastljós**
▶ **20.20** **Út og suður (4:16)** Gísli Einarsson fer um landið og heilsar upp á forvitnilegt fólk. Dagskrárgerð: Gísli Einarsson og Freyr Arnarson. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
20.45 **Dýrahringurinn (5:10)** (Zodiaque) Franskur myndaflokkur. Á sjötugsafmæli auðmanns í Provence hverfur barnabarn hans og í framhaldi af því er hulunni svipt af ýmsum leyndarmálum fjölskyldunnar.
21.40 **Helgarsportið**
22.05 **Nora** (Nora) Írsk bíómynd frá 2000 um samskipti rithöfundarins James Joyce og hótelþernunnar Noru Barnacle sem hann kynntist í Dublin 1904. Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en tólf ára.

23.50 Kastljós **0.30** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

2

7.00 Barnatími Stöðvar 2 (Pingu, Myrkfælnu draugarnir, Noddy, Tiny Toons, Engie Benjy, Charlie & Lola, Könnuðurinn Dóra, Ofurhundurinn, Batman, Horance og Tína, Ginger segir frá, Hjólagengið, Sabrina – Unglingsnornin, Hestaklúbburinn, Tvíburasysturnar)

12.00 Hádegisfréttir **12.25** Silfur Egils **14.00** Neighbours **14.20** Neighbours **14.40** Neighbours **15.00** Neighbours **15.25** Veggfóður (17:20) **16.15** Beatles (e) **17.00** What Not To Wear On Holiday **17.45** Martha

18.30 **Fréttir, íþróttir og veður**
19.10 **Kosningaumfjöllun**
20.00 **William and Mary (1:6)** (Wílliam og Mary) Þriðja þáttaröðin um líf hjónanna Wílliam og Mary, sem felldu hugi saman í fyrstu þáttaröð og ákváðu síðan að eyða ævinni saman.
20.50 **Cold Case (10:23)** (Óupplýst mál)
▶ **21.35** **Twenty Four (17:24)** (24) Klukkan er orðin ellefu og allt á suðupunkti. Bauer og Wayne Palmer hafa komist yfir sönnunargögn sem bendla Logan forseta með óyggjandi hætti við hryðjuverkasamsærið. Í örvæntingu reynir Logan að afmá fingraför sín með því að gefa út handtökuskipun á Bauer. Stranglega bönnuð börnum.
22.20 **Into The West (6:6)** (Vestrið)

23.45 Live From Bagdad **1.30** Jackass: The Movie (Stranglega bönnuð börnum) **2.55** Life as a House **4.55** Cold Case (10:23) (Bönnuð börnum) **5.45** Fréttir Stöðvar 2 **6.30** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SIRKUS TV

18.00 Fashion Television (e)

18.30 **Fréttir NFS**
19.10 **Friends (9:23) (e)** (Vinir) Rachel og Phoebe skella sér saman út á lífið og Ross fær aðstoð Mikes við að passa barnið, en þeir eyða kvöldinu í að reyna að finna eitthvað að tala um.
19.35 **Friends (10:23) (e)** (Vinir) Chandler þarf að eyða jólunum í Tulsa út af vinnunni og Monicu líst ekkert á það, sérstaklega þar sem hinn gullfallegi vinnufélagi Chandlers, Wendy, verður þar líka. Selma Blair leikur Wendy.
20.00 **Tívolí**
▶ **20.30** **Bernie Mac (7:22)** (It's A Wonderful Wife) Þriðja þáttaröðin um grínistann Bernie Mac og fjölskylduhagi hans.
21.00 **Stacked (4:6) (e)** (Stacked)
21.30 **Clubhouse (4:11) (e)** (Clubhouse)
22.15 **X-Files (e)** (Ráðgátur)

23.00 Men of Honor (Bönnuð börnum) **1.05** Smallville (2:22)

SKJÁREINN

12.00 Frasier – öll vikan (e) **14.00** How Clean is Your House (e) **14.30** Too Posh to Wash (e) **15.00** Beautiful People (e) **16.00** America's Next Top Model V (e) **17.00** Innlit / útlit (e) **18.00** Close to Home (e)

18.50 **Top Gear** Top Gear er vinsælasti bílaþáttur Bretlands, enda með vandaða og óháða gagnrýni um allt tengt bílum og öðrum ökutækjum, skemmtilega dagskrárliði og áhugaverðar umfjallanir.
19.50 **Less than Perfect**
20.15 **Yes, Dear – lokaþáttur**
▶ **20.35** **Life with Bonnie** Bonnie fer að taka eftir því að ýmislegt smálegt hverfur af heimili hennar.
21.00 **Boston Legal** Þegar Alan fer að tala hrognamál í réttarsalnum, biður hann Denny um aðstoð.
21.55 **Wanted**
22.40 **Manhattan** Kvikmyndin fjallar um fráskilinn rithöfund sem er afar óhamingjusamur. Hann er sambandi við 17 ára stúlku sem er ástfangin af honum en hann sjálfur hefur engan sérstakan áhuga á henni.

0.15 C.S.I. (e) **1.10** The L Word (e) **1.55** Frasier (e) **2.20** Óstöðvandi tónlist

NFS

8.00 Kosningavakt og fréttir á heila tímanum

18.00 Kvöldfréttir/íþróttir/Veður

19.00 **Kosningaumfjöllun**
▶ **20.00** **Kosningavakt – samantekt**

23.00 Kvöldfréttir **23.40** Síðdegisdagskrá endurtekin

STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Johnny English **8.00** Stuck On You **10.00** Wishful Thinking **12.00** Path to War **14.40** Johnny English **16.05** Stuck On You **18.00** Wishful Thinking **20.00** **Path to War** (Á leið í stríð) Aðalhlutverk: Michael Gambon, Donald Sutherland, Alec Baldwin, Bruce McGill. 2002. Leyfð öllum aldurshópum. **22.40** **Spartan** (Spartverjinn) Fantafínn spennutryllir með Val Kilmer sem fengið hefur afburðargóða dóma. Dóttur hátt setts embættismanns er rænt og leyniþjónustumaðurinn Scott er fenginn til að hafa upp á henni. Hann kemst fljótt að því að málið er flóknara en það virðist í fyrstu og að hugsanlega sé um stórt samsæri að ræða. Aðalhlutverk: Val Kilmer, Derek Luke, Tia Texada. Stranglega bönnuð börnum. **0.25** Firestorm (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** City of Ghosts (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Spartan (Stranglega bönnuð börnum)

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

E! ENTERTAINMENT

12.00 E! News Weekend **13.00** Eva Longoria: The Interview with Ryan Seacrest **14.00** The E! True Hollywood Story **16.00** The E! True Hollywood Story **17.00** Gastineau Girls **17.30** Number One Single **18.00** 10 Ways **18.30** E! News Special **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** Rich Kids: Cattle Drive **21.00** Gastineau Girls **21.30** Gastineau Girls **22.00** E! News Special **22.30** Wild On Tara **23.00** 10 Ways **23.30** Celebrity Friends Gone Bad **0.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment

AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

RENAULT

Vönduð frönsk hönnun
Einstök þægindi
Fallegir litir
5 stjörnu NCAP öryggi
Einstaklega sparneytinn
Hlaðinn staðalbúnaði
3 ára ábyrgð

Bílasamningur / Bílalán
kr. 23.099 á mánuði*

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

Vertu á öruggasta bílnum*
Vertu á flottum bíl
Veldu Renault

Með bílinn handa þér

Aukahlutir á mynd: Dynamic útfærsla, vindkljúfasett.

Alls hafa átta bílar frá Renault fengið 5 stjörnur eða hæstu einkunn í öryggisprófunum Euro NCAP, sem er meira en tvöfalt betri árangur en hjá öðrum bílaframleiðendum.

Bílasamningur miðast við 70% lánshlutfall í 84 mánuði.

EURO NCAP MEGANE ★★★★★

VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Rokkland Rás 2 kl. 16.08

Góðir gestir

Rokkland í dag er sérstaklega gómsætt. Meðal gesta í þættinum má nefna Neil Young, Kaiser Chiefs, The Stooges og Neko Case. Neil Young sendi nýlega frá sér frábæra breiðskífu sem ber nafnið Living With War. Þar fer þessi kanadíski snillingur hörðum orðum um ríkisstjórn Bandaríkjanna og um vestrænt neyslusamfélag. Kaiser Chiefs er bresk hljómsveit sem vakti talsverða athygli á seinasta ári með fyrstu breiðskífu sinni en hljómsveitin mun spila á Iceland Airwaves hátíðinni í október. Neko Case er þaulreynd söngkona sem hefur vakið athygli að undanförnu fyrir laglegar lagasmíðar en hún er einnig meðlimur í kanadísku stuðsveitinni The New Pornographers. Sannarlega tónlistarveisla í Rokklandi í dag.

Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

5	2	1	4	3	6	7	9	8
8	9	3	2	5	7	6	4	1
6	7	4	1	9	8	5	2	3
7	1	6	5	2	9	8	3	4
4	5	2	7	8	3	1	6	9
9	3	8	6	4	1	2	5	7
3	4	7	8	6	5	9	1	2
2	8	5	9	1	4	3	7	6
1	6	9	3	7	2	4	8	5

		9		2		7	4	
	2			7		5		
							6	
2					1		9	
8		3				6		2
	7		3					8
	6							
		5		4			3	
	8	2		9		1		

LANDSBANKAMÖRKIN

19.15 *Knattspyrna*

SÝN besta sætið

11.45 Leiðin á HM 2006

12.15 Gillette Sportpakkinn **12.45** NBA úrslitakeppnin (Miami – Detroit) **14.45** Hápunktar í PGA mótaröðinni **16.40** Unicef Soccer Aid

18.45 **Meistaradeild Evrópu fréttaþáttur** Allt það helsta úr Meistaradeildinni. Fréttir af leikmönnum, liðum auk þess sem farið er í gegnum mörkin, helstu tilþrifin í síðustu umferð og spáð í spilin fyrir næstu leiki.

19.15 **Landsbankamörkin 2006** Öll mörkin, tilþrifin, umdeildu atvikin og allt það markverðasta úr leikjum umferðarinnar í Landsbankadeildinni.

19.45 **Landsbankadeildin 2006 (ÍA – KR)**

22.00 **Landsbankamörkin 2006** Öll mörkin, tilþrifin, umdeildu atvikin og allt það markverðasta úr leikjum umferðarinnar í Landsbankadeildinni.

22.30 **Landsbankadeildin 2006 (ÍA – KR)**

0.30 NBA úrslitakeppnin

RÁS 1 FM 92,4/93,5

8.05 Morgunandakt **8.15** Tónlist á sunnudagsmorgni **9.03** Fiðlusnillingar barokksins **10.15** Ástarbrall á Þingvöllum **11.00** Guðsþjónusta í Bústaðakirkju

12.20 Hádegisfréttir **13.00** Úrslit kosninganna **14.10** Söngvamál **15.00** Fjörutíu ára farsæld **16.08** Veðurfregnir **16.10** Listahátíð í Reykjavík 2006 **18.26** Seiður og hélog **19.00** Afsprengi **19.50** Óskastundin **20.35** Sagnaslóð **21.15** Í dag er ég stjarna, að ári verð ég svarthol **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Í deiglunni **22.30** Leikhúsmýslan **23.00** Andrarímur

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar **9.03** Helgarútgáfan **10.05** Helgarútgáfan **12.20** Hádegisfréttir

12.45 Helgarútgáfan **16.08** Rokkland **18.00** Kvöldfréttir **18.28** Tónlist að hætti hússins

19.00 Sjónvarpsfréttir **19.30** Mugison 1976 – 2006 **21.00** Tónleikar með Mugison á Listahátíð **23.00** Popp og ról

BYLGJAN FM 98,9

9.00 Valdís Gunnarsdóttir

12.00 Hádegisfréttir **12.20** Rúnar Róbertsson **16.00** Enn á tali hjá Hemma Gunn

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.00** Ívar Halldórsson

AÐRAR STÖÐVAR

FM 90,9 TALSTÖÐIN
FM 99,4 ÚTVARP SAGA
FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum
FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

Úrslitastund American Idol
á morgun klukkan 21:00 á Sirkus

Katharine McPhee og Taylor Hicks syngja til úrslita í glæsilegum úrlistaþætti American Idol í Kodak leikhúsinu í Hollywood í kvöld. Hver stendur uppi sem næsta Idol stjarna Bandaríkjanna.

SIRKUS TV

HRÓSIÐ

...fær Nylon flokkurinn fyrir gera það gott í Bretlandi og vera Íslendingum til sóma á erlendri grundu.

HIN HLIÐIN Á MAGNÚSI GYLFASYNI FRAMKVÆMDASTJÓRA OG FÓTBOLTAÞJÁLFARA

Lætur lélega dómara fara mest í taugarnar á sér

Hvað er að frétta? Bara mjög gott.
Augnlitur? Blár.
Starf? Framkvæmdastjóri og þjálfari.
Fjölskylduhagir? Í sambúð og á eina dóttur, Dagnýju Dís.
Hvaðan ertu? Ólafsvík.
Ertu hjátrúarfull/ur? Ætli ég verði ekki að játa því, þó ekki mikið.
Uppáhaldssjónvarpsþáttur? Prison Brake, allavega núna.
Uppáhaldsútvarpsþáttur? Hlusta lítið á útvarp, eru ekki Viddi og Gunni góðir.
Uppáhaldsmatur? Marínerað gellur.
Fallegasti staður? Snæfellsnesið.
ipod eða geislaspilari? ipod.
Hvað er skemmtilegast? Fótbolti og golf.
Hvað er leiðinlegast? að tapa.
Helsti veikleiki? Fyrir mig er það að ég kann ekki að segja nei.
Helsti kostur? Læt aðra dæma um það.
Helsta afrek? Dóttir mín.
Mestu vonbrigði? Ekkert sérstakt.
Hver er draumurinn? Að geta spilað meira golf.
Hver er fyndnastur/fyndnust? Aðalleikarinn í Office.
Á hvað trúirðu? Guð.
Hvað fer mest í taugarnar á þér? Lélegir dómarar eða aðstoðarmenn þeirra.
Uppáhaldskvikmynd? Deer Hunter.
Uppáhaldsbók? Nýbúinn að lesa Mýrina, hún var fín.
Hvað er mikilvægast? Að hafa heilsuna í lagi til að maður geti gefið af sér og gert það sem maður hefur áhuga á.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Fréttir af mögulegum breytingum á Idolinu á Stöð 2 hafa hreyft við mörgum. Þátturinn hefur notið fádæma vinsælda síðustu þrjá vetur en í fjölmiðlum hefur komið fram að **Heimir Jónasson** og félagar á Stöð 2 velta því nú fyrir sér hvort halda eigi þættinum óbreyttum næsta vetur eða prófa eitthvað nýtt. Ákveði Stöðvar 2 menn að gera íslenska útgáfu af X-factor í stað Idolsins gæti það orðið til þess að aðrar sjónvarpsstöðvar ákveði að setja af stað þætti með svipuðu sniði og Idolið. Þannig mun Ríkissjónvarpið hafa kannað þann möguleika að undanförnu. Rætt hefur verið um að tvíburabræðurnir **Davíð Hedtoft** og **Bjarni Hedtoft Reynissynir** taki að sér að stjórna þættinum ef af verður. Þeir bræður komust í fréttirnar fyrir skemmstu þegar þeir stjórnuðu fjármálaþætti í dönsku sjónvarpi, en þeir stunda nám í kvikmyndaskóla þar í landi.

Ljósmyndarinn **Ari Magg** þykir mikill höfðingi heim að sækja. Ari heldur vinum sínum gjarnan veislur á efstu hæðinni í ljósmyndastúdíói sínu við Hverfisgötu. Þar hélt hann upp á afmæli sitt á dögunum og á föstudagskvöld bauð hann til glæsilegrar veislu. Gestir fengu send boðskort í partíið sem þótti allt hið glæsilegasta. Á efstu hæð ljósmyndastúdíósins hefur Ari komið upp bar og þægilegum sófum allt í kring. Hann þurfti heldur ekki að hugsa sig lengi um þegar kom að því að gefa barnum nafn. Arabar þótti afar viðeigandi.

[VEISTU SVARIÐ]

svör við spurningum bls. 8

1. Nur-Pashi Kulayev
2. Girls Aloud
3. Andriy Shevchenko

SVERRIR TYNES SPENNTUR: ZAPPA-SAMKOMA Í KVÖLD

Frjór og fjölhæfur tónlistarsnillingur

Zappa-samtökin á Íslandi ætla að efna til samkomu á Gauki á Stöng í kvöld til heiðurs tónlistarmanninum Frank Zappa sem lést árið 1993.

Samtökin fagna tuttugu ára afmæli sínu um þessar mundir og bíða meðlimir þeirra, sem eru um eitt hundrað talsins, spenntir eftir tónleikunum Zappa Plays Zappa í Laugardalshöllinni þann 9. júní næstkomandi.

Samkoman hefst klukkan 20.00 og verða sýnd myndbönd af tónleikum Zappa ásamt vel völdum uppákomum úr sjónvarpi. Meðal annars verður sýnd upptaka úr þætti Steve Allen frá árinu 1963, flutningur úr Saturday Night Live með John Belushi og upptaka frá tónleikum Zappa í New York þegar hann bauð John Lennon og Yoko Ono með sér upp á svið árið 1971.

Sverrir Tynes, formaður Zappa-samtakanna, bíður að vonum spenntur eftir tónleikunum í Höllinni í júní. „Þetta hefur farið fram úr björtustu vonum úti og fólk er orðlaust. Þetta er ofboðslega mikið dæmi, þrír til þrír og hálfur tími og fólk er að koma með börn og barnabörnin sín á tónleikana," segir Sverrir, sem ætlar að taka forskot á sæluna og skella sér á Zappa Plays Zappa í París þann 5. júní.

„Ég get ekki beðið til 9. júní. Það áttu að vera Stones-tónleikar í París 3. júní sem ég ætlaði á. Það er búið að fresta þeim núna en mér er alveg sama. Þetta hefði verið svakahelgi en það bítur ekkert á mig," segir hann.

Alls fór Sverrir á þrettán tónleika með Zappa á sínum tíma. Hann segir að hann hafi verið fjölhæfur tónlistarsnillingur. „Hann byrjar 1966 með plötunni Freak Out og hún þótti brjóta blað. Hann fór alltaf ótroðnar slóðir og náði til hippakynslóðarinnar á sama tíma og hann var að gera grín að henni. Hann neytti aldrei eiturlyfja enda var hann svo frjór að hann þurfti ekki á því að halda. Í gegnum árin byggðist upp úti um allan heim traustur aðdáendahópur og hann er að vakna af löngum dvala núna," segir hann.

freyr@frettabladid.is

SVERRIR TYNES Formaður Zappa-samtakanna fór á þrettán tónleika með Frank Zappa á sínum tíma.

FRANK ZAPPA Tónlistarmaðurinn Frank Zappa lést árið 1993.

Friðarboðskapur og harmonikkuspil í Krýsuvík

Í dag ætlar Sr. Þórhallur Heimisson að sjá um messu í Krýsuvíkurkirkju. Honum til halds og traust verður harmonikkuleikarinn Stefán Ómar Jakobsson. Nokkuð óvenjulegt er að nota harmonikku við messuhald en þar sem ekkert orgel er í kirkjunni er harmonikkan prýðis kostur að sögn Þórhalls sem ætlar að tala um frið í predikun dagsins. „Það er afar friðsælt í Krýsuvík og því vel við hæfi að velta andlegum og sálarlegum frið fyrir sér, ekki síst eftir allan hasarinn undanfarna daga í kringum júróvisjón og kosningarnar," segir Þórhallur. Síðan 1997 hefur verið messað í kirkjunni en boðið verður upp á rútuferðir frá Hafnarfjarðarkirkju kl. 13 en messan sjálf byrjar kl. 14. Að guðþjónustu lokinni verður boðið upp á messukaffi í Sveinshúsi þar sem opnuð verður sýning á verkum Sveins Björnssonar - snæ



SUNNUDAGSMESSA MEÐ ÞÓRHALLI Sr. Þórhallur Heimisson messar í Krýsuvíkurkirkju í dag. Umræðuefni dagsins er friður enda veitir ekki af eftir óróann í kringum kosningarnar.
FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURÐUR BOGI

Endurgreiðslutilboð.

Notaðir bílar. Tilboð um afslátt - beint í vasann.
100% lán frá Lýsingu hf. Engir ábyrgðarmenn. Endurgreiðsla.*
Þú kaupir með 100% láni frá Lýsingu hf. og þú færð góðan afslátt beint í vasann.

Sandur af seðlum beint í vasann*

Afsláttur

Aðeins 48 bílar í 3 daga

Byrjar á morgun

Opið á morgun frá kl. 9-18

Þú færð sand af seðlum - afsláttur beint í vasann - ef þú kaupir með 100% láni frá Lýsingu hf. einn af 48 Endurgreiðslutilboðsbílum Brimborgar.*

NATURALIS

Dæmi um Endurgreiðslutilboð

MMC Space Star skrd. 08/2000 ek: 71.000 km.
Verð 740.000 kr. **Endurgreiðsla 140.000 kr.**
19.213 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði. YY-198.

Subaru Legacy skrd. 05/1998 ek: 144.000 km.
Verð 750.000 kr. **Endurgreiðsla 150.000 kr.**
35.381 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 24 mánuði. ZM-262.

Ford Focus skrd. 07/2003 ek: 72.000 km.
Verð 1.250.000 kr. **Endurgreiðsla 160.000 kr.**
16.642 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. RV-396.

Ford Focus skrd. 04/2003 ek: 56.000 km.
Verð 1.260.000 kr. **Endurgreiðsla 170.000 kr.**
19.236 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. PU-251.

Dæmi um Endurgreiðslutilboð

Suzuki Grand Vitara skrd. 09/1998 ek: 140.000 km.
Verð 1.070.000 kr. **Endurgreiðsla 200.000 kr.**
50.480 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 24 mánuði. UD-160.

Ford Focus skrd. 11/2000 ek: 76.000 km.
Verð 890.000 kr. **Endurgreiðsla 210.000 kr.**
23.107 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði. MM-850.

Citroën C3 skrd. 06/2003 ek: 64.000 km.
Verð 990.000 kr. **Endurgreiðsla 220.000 kr.**
15.116 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. PX-663.

Citroën Picasso skrd. 12/2004 ek: 35.000 km.
Verð 1.550.000 kr. **Endurgreiðsla 230.000 kr.**
23.666 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. NK-116.

Dæmi um Endurgreiðslutilboð

Suzuki Grand Vitara skrd. 11/2003 ek: 43.000 km.
Verð 1.780.000 kr. **Endurgreiðsla 250.000 kr.**
27.177 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. MX-628.

Honda HR-V skrd. 01/2006 ek: 3.000 km.
Verð 2.230.000 kr. **Endurgreiðsla 260.000 kr.**
34.046 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. AS-083.

Toyota RAV 4 skrd. 04/2004 ek: 36.000 km.
Verð 2.240.000 kr. **Endurgreiðsla 270.000 kr.**
34.200 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. MM-253.

Ford Focus skrd. 10/2005 ek: 5.000 km.
Verð 1.950.000 kr. **Endurgreiðsla 280.000 kr.**
29.772 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. KX-308.

Dæmi um Endurgreiðslutilboð

Ssangyong Rexton RX320 skrd. 10/2002 ek: 34.000 km.
Verð 2.580.000 kr. **Endurgreiðsla 300.000 kr.**
44.542 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. EG-657.

Ford Explorer skrd. 04/2004 ek: 42.000 km.
Verð 3.890.000 kr. **Endurgreiðsla 320.000 kr.**
59.391 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. NH-551.

Ford Windstar skrd. 01/2000 ek: 96.000 km.
Verð 1.590.000 kr. **Endurgreiðsla 330.000 kr.**
33.492 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði. TE-970.

Volvo V50 skrd. 05/2005 ek: 8.000 km.
Verð 3.750.000 kr. **Endurgreiðsla 490.000 kr.**
48.704 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. RV-211.

Þig vantar bíl. Komdu á morgun. Kíktu á netið.
Tilboð um endurgreiðslu.* Næstu 3 daga.
Tökum notaðan uppí notaðan.

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.brimborg.is

Taktubíl

brimborg
Öruggur staður til að vera á

*Engir ábyrgðarmenn ef viðkomandi er eldri en 25 ára, er fasteignaeigandi og hvorki kaupandi eða maki er á vanskilaskrá. Bifreið með 100% láni verður að kaskótryggja. Nánari upplýsingar um vexti og lánskjör hjá söluráðgjöfum Brimborgar. Lán háð samþykki Lýsingar hf.
Ef þú kaupir einn af 48 Endurgreiðslubílum Brimborgar með 100% láni frá Lýsingu hf. og gengur frá pappírum fyrir kl. 18 þann 31. maí n.k. færð þú endurgreiðslu (upphæð er háð hverjum bíl fyrir sig) beint í vasann sem þú getur sótt í söludeild notaðra bíla hjá Brimborg 16. júní 2006. Aðeins einn bíll á mann.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.brimborg.is

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

BAKÞANKAR

DAVÍÐS ÞÓRS JÓNSSONAR

Þetta flandur á fólki

Þegar ég geng út í hið yndislega ferska, íslenska vor (já, ef það snjóar þá fer maður bara í úlpu og hættið þessu væli!) kemst ég einhvern veginn ekki hjá því að fyllast þakklæti yfir því að vera staddur einmitt hér á þessum stað á yfirborði reikistjörnunnar en ekki í einhverjum daunillum mengunarpytti, eins og Aþenu. Ég hef nefnilega komið til Aþenu og þótt hún sé vissulega merkileg borg er mér minnistæðast hvað mér fannst hún skítug og loftlaus.

AÐ vísu eru hér engar fornaldarrústir að grotna niður úr sótmengun og bensínstybbu eins og í Aþenu eða kastalar á hverjum hól (blóðugir minnisvarðar um kúgun alþýðunnar öldum saman), en hvað með það? Ég veit ekki til þess að í Suður-Evrópu séu neinir burstabæir og þó hef ég aldrei heyrt það notað þeim heimshluta til hnjóðs.

FÓLK er nefnilega voða mikið búið að ákveða að ákveðin einkenni á suðrænum löndum séu kostir, svo sem byggingarlistasaga þeirra, verðlag eða veðurfar. En þegar grannt er skoðað tryggja öll þessi fallegu, gömlu hús aðeins að óvíða er viðunandi hreinlætisaðstaða og veðurfarið ... það er beinlínis niðurlægjandi.

ÞAÐ er eitthvað óviðkunnanlegt við að fullorðnir karlmenn neyðist til að spranga um á nærfötunum á almannafæri til þess eins að kveljast ekki af hita. Þarna suðurfrá er þetta kallað stuttbuxur og bolur, en á mínu heimili heitir þetta nærföt og er notað sem slíkt. Trélímshvít læri þeirra ljá þeim aukinheldur allt annað en glæsileika. Sólbrúnka, sem afhjúpar að fólki finnst það ekki hafa neitt þarfara að gera við sinn skamma tíma hér á jörð en að liggja hreyfingarlaust útivið, ber að mínu mati aðeins vitni um heimsku og leti. Þá vil ég frekar hafa fólk fölt og intressant og í fötum, hafa það á tilfinningunni að því finnist gáfulegra að glugga í bók en að liggja aðgerðarlaust í sólinni eins og saltfiskur til þerris.

BJÓRVERÐIÐ gerir það að vísu eftirsóknarverðara að vera í útlöndum en hér heima – ef maður er virkur alkóhólisti. Hver sá sem sparar sér meira en þúsundkall á dag vegna bjórverðsins í útlöndum á hins vegar við annað og alvarlegra vandamál að stríða gagnvart áfengi en verðlagið á því.

ÞESS vegna skil ég ekki þetta flandur á fólki – nema auðvitað fólki sem er fyllibyttur.

www.icelandexpress.is

AEY–CPH

Iceland Express tilkynnir brottför frá Akureyri til Kaupmannahafnar!

» Iceland Express er á fljúgandi ferð og hefur fjölgað áfangastöðum sínum erlendis í átta í sumar. Og sóknin heldur áfram því á þriðjudaginn fer fyrsta vélin frá Akureyri til Kaupmannahafnar og flogið verður alla þriðjudaga og næstum því alla fimmtudaga frá 30. maí til 5. september.

» Iceland Express óskar Norðlendingum til hamingju með áfangann og býður þá hjartanlega velkomna um borð!

Iceland Express

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600